Í tengslum við yfirtöku Kaupþings á 87% eignarhlut ríkisins í Arion var gengið frá samkomulagi um m.a. gjaldfallin dag- og veðlán sem Seðlabankinn hafði veitt Kaupþingi fyrir fall hans í október 2008. Að því marki sem um var að ræða lán tryggð með veði í húsnæðislánum og/eða lánum til ríkisfyrirtækja og sveitarfélaga varð það að samkomulagi að þau lán yrðu framseld til Arion gegn lássamningi Arion við Seðlabankann. Samkomulag þetta var gert 30. nóvember 2009.

Til að stuðla að auknu jafnvægi í gjaldeyrisjöfnuði Arion var samið um fjölmyntalán. Höfuðstóll lássamningsins var að jafnvirði 61,3 ma.kr. miðað við 8. janúar 2010. Lássamningurinn er til 7 ára en hægt er að framlengja hann í 6 ár til viðbótar. Vaxtakjör lássamningsins eru þriggja mánaða erlendir millibankavextir að viðbættu 3% álagi. Lássamningurinn er veðtryggður með öllum þeim lássamningum sem upphaflegu höfðu verið veðsettir Seðlabankanum.“

Vegna yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á SPRON og yfirfærslu innlána SPRON til Arion var gert samkomulag um lausafjárþyrirgreiðslu til handa Arion enda hafði fjármálaráðuneytið lofað Arion skaðleysi af SPRON-viðskiptunum. Ríkið lofaði því að lána Arion allt að 75 milljarða kr. af ríkisskuldabréfum gegn veði í SPRON-skuldabréfi.

Úr skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna, bls. 57:

„3.2.4. Flutningur á innstæðum SPRON til Arion

Þann 21. mars 2009 ákvað FME á grundvelli heimilda sinna skv. neyðarlögunum að yfirtaka vald stjórnar og hluthafafundar í SPRON og skipa honum skilanevnd. Þá ákvað FME að flytja hæfar innstæður SPRON til Arion banka, eftir hafa haft samráð við skilanevndina, kröfuhafa, Seðlabanka Íslands og fjármálaráðuneytið, til að tryggja innstæðueignum aðgang að innstæðum sínum. Þá ákvað FME að SPRON skyldi stofna sérstakt hlutfélag (sem fékk nafnið Drómi ehf.) að fullu í sinni eigu sem myndi yfirtaka allar eignir SPRON þar með talin veðréttindi og ábyrgðir. Drómi tók einnig yfir skuldbindingar SPRON gagnvart Arion vegna flutnings á innstæðum og skyldi gefa út skuldabréf til Arion sem svaraði yfirteknum innstæðukröfum með veði í öllum eignum félagsins ásamt hlutfjáreign SPRON í Dróma, hið svokallaða SPRON-skuldabréf.“

Á árinu 2009 tók Arion einnig yfir eignir og skuldir Sparisjóðs Mýrarsýslu og hluta af eignasafni Sparisjóðabanka Íslands.

Úr ársreikningi Arion 2009, bls. 9:⁹

„Non-cash investing and financing transactions:

The following non-cash investing and financing transactions that occurred during 2009 have been excluded from the Consolidated Statement of Cash Flows:

⁹

www.arionbanki.is/library/Skrar/Bankinn/Starfsemi/Uppgjor-og-arsskyrslur/Uppgjor/Arion_banki_hf_Consolidated_Financial_Statements_-_31.12.2009_-_FINAL.PDF

1. An equity contribution by the Icelandic state of amount ISK 71,225 million was settled through the receipt of Icelandic government bonds (refer note 89).
2. Deposits and overdrafts were transferred to the Bank from SPRON and Sparisjódabanki Íslands hf. in consideration for a bond claim on Drómi ehf. of amount ISK 91,489 million and Sparisjódabanki Íslands hf. of amount ISK 371 million respectively (refer note 34).
3. The net assets of Sparisjódur Mýrasýslu were acquired by way of the issuance of bonds to creditors of nominal amount ISK 9,714 million (refer note 35).
4. The net assets of subsidiaries acquired with a view to resale, with a fair value of ISK 11,255 million, and disposal groups held for sale, with a fair value of ISK 19,689 mln were acquired through the foreclosure on collateral held against loan balances to these entities (refer notes 36 and 79).^{cc}

Úr ársreikningi Arion 2009, bls. 24–25:

„34. Acquisition of certain business activities of SPRON and Sparisjódabanki Íslands hf

[...]

The financial impact of this acquisition at fair value is:

	22.03.2009
Loans and receivables to customers	5.188
Bonds	91.489
Deposits from customers	(96.055)
Deposits from credit institutions	(621)
Total	<u>—</u>

As consideration, Sparisjódabanki Íslands hf. issued a bond claim on Sparisjódabanki Íslands hf. in the sum of ISK 371 million to Arion banki hf.

The financial impact of this acquisition at fair value is:

	22.03.2009
Loans and receivables to customers	1.073
Bonds	371
Deposits from customers	(1.444)
Total	<u>—</u>

35. Acquisition of Sparisjódur Mýrasýslu

[...]

The financial impact of the acquisition of SPM is shown in the table below at fair value:

	03.04.2009
Cash and cash balances with Central Bank	805
Loans and receivables to credit institutions	(5.371)
Loans and receivables to customers	33.211
Bonds and debt instruments	595
Shares and equity instruments	289
Investment property	153
Investment in associates	436
Property and equipment	692
Other assets	1.624
Due to credit institutions and Central Bank	(2.844)
Deposits	(19.835)
Borrowings	(7.769)
Other liabilities	(1.945)
Minority interest	(40)
Total	<u>—^{cc}</u>

Hlutfjárlægkun og hlutfjárhækkun Arion 8. janúar 2010.

	Dagsetning	Hlutir	Greiðsla	Yfirverð	Gengi
Ríkið greiðir	14. ágúst 2009	11.870.833.333	71.225.000.000	59.354.166.667	6,00
Stofnframlag	21. okt. 2008	775.000.000	775.000.000	–	1,00
Staðan 31. des. 2009		12.645.833.333	72.000.000.000	59.354.166.667	5,69
Hlutfé fært niður	8. jan. 2010	-12.385.833.333	-62.137.931.035	-49.752.097.702	5,02
Staðan eftir niðurfærslu		260.000.000	9.862.068.965	9.602.068.965	37,93
Hlutfé, hækkun	8. jan. 2010	1.740.000.000	66.000.000.000	64.260.000.000	37,93
Staðan 9. jan. 2010		2.000.000.000	75.862.068.965	73.862.068.965	37,93

Hlutfé Arion var lækkað um 12.385.833.333 hluti 8. janúar 2010 og átti ríkið að fá til baka ígildi 62.137.931.035 af RÍKH 18 1009. Ríkið notaði hluta af þessum skuldabréfum til að greiða fyrir víkjandi lán sem Arion gaf út upp á 29.530 millj. kr. Nettó átti ríkið þá að hafa fengið til baka sem samsvaraði 32.595 millj. kr. í formi RÍKH 18 1009 ríkisbréfa.

Samhliða þessu var hlutfé bankans aukið um 1.740 milljón hluti gegn greiðslu á 66 milljörðum kr. frá Kaupskilum hf. Innborgun þessi átti sér stað með eftirfarandi hætti samkvæmt sérfræðiskýrslu Deloitte sem liggur frammi hjá fyrirtækjaskrá:

- Með því að lán sem metin höfðu verið verðlaus inn í stofnefnahag bankans og tekin höfðu verið yfir af Kaupþingi samkvæmt samkomulagi voru aftur lögð inn í bankann en þá metin á 28.770.593.951 kr. samkvæmt verðmatskýrslu Capacent miðað við stöðuna 30. júní 2009.
- Með því að leggja inn íbúðalán ásamt lánunum til sveitarfélaga, opinberra hlutfélaga, ríkisfyrirtækja, kirkna og annarra smærri aðila að verðmæti a.m.k. 22.801.577.592 kr. umfram skuldir.
- Með reiðufé 14.427.828.457 kr. Reiðufé þetta virðist hins vegar ekki hafa verið greitt beint til bankans heldur kemur það fram sem lækkun á inneignum Seðlabanka og fjármálastofnana hjá Arion, sbr. sjóðstreymi bankans fyrir árið 2010.

Hlutfjárakning Arion að fjárhæð 66 milljarðar kr. var því í formi endurmats á lánasafni og yfirtöku Arion á lánasafni sem tengdist íbúðalánunum og lánunum til opinberra aðila sem Kaupþing hafði fyrir hrun veðsett Seðlabanka Íslands og endurmati á lánasafni sem Fjármálaeftirlitið og Deloitte LLP höfðu áður metið verðlaust.

Það hlutfé sem Kaupskil greiddu inn í Arion fyrir 87% hlut sinn var því eingöngu í formi lánapappíra og lækkunar á skuldum við fjármálastofnanir. Því kemur ekki á óvart að lausa-fjárstaða bankans hafi verið þung og að ríkið hafi leyst það mál með lofordi um að lána ríkis-skuldabréf upp á 75 milljarða kr. til að tryggja greiðsluhæfi bankans.

Það eignasafn sem Seðlabankinn afhenti Kaupþingi í tengslum við uppgjör á veðlánaviðskiptum, og framseldi að hluta eða öllu leyti til Arion og Kaupskila, var a.m.k. rúmlega 84 milljarða kr. virði, enda var það framselt með áhvílandi veðskuldum upp á 61,25 milljarða kr.

Ekki liggur fyrir hvert tjón Seðlabankans varð af veðlánaviðskiptunum við Kaupþing en hluti krafna Seðlabankans á slitabúið er kominn til vegna þessara viðskipta.

Úr ársreikningi Arion 2010, bls. 69.¹⁰

„Non-cash investing and financing transactions:

	2010	2011
Loans and receivables received through changes in capitalization, see note 35	112,824	–
Bonds and debt instruments delivered through changes in capitalization, see note 35	(32,595)	–
Liabilities due to credit institutions and central bank transferred due to changes in capitalization, see note 35	14,428	–
Borrowings transferred due to changes in capitalization, see note 35	(61,252)	–
Subordinated loans transferred due to changes in capitalization, see note 35	(29,543)	–
Net changes in equity due to changes in capitalization	(3,862)	–
Equity contribution by the Icelandic state settled through the receipt of Icelandic government bonds	–	71,225
Bond claim on Drómi and Sparisjódabanki Íslands hf. in consideration for deposits and overdrafts	–	91,860
Deposits and overdrafts transferred from SPRON and Sparisjódabanki Íslands hf	–	(91,860)
Assets acquired from Sparisjódur Mýrasýslu	–	9,714
Bond issued to the creditors of Sparisjódur Mýrasýslu	–	(9,714)
Assets acquired through foreclosure on collateral from legal entities with view to resale	9,816	30,944
Settlement of loans and receivables through foreclosure on collateral from legal entities with view to resale	(9,816)	(30,944) ^{cc}

Úr ársreikningi Arion 2010, bls. 84:

„These Consolidated Financial Statements reflect changes in capitalization following the changes in ownership of Arion Bank 8 January 2010.

Changes following shareholder approval 8 January 2010:

Assets	8.1.2010
Loans and receivables to customers	112,824
Bonds and debt instruments	(32,595)
Total Assets	80,229
Liabilities	
Due to credit institutions and Central Bank	(14,428)
Borrowings	61,252
Subordinated liabilities	29,543
Liabilities	76,367

¹⁰ www.arionbanki.is/library/Skrar/Bankinn/Starfsemi/Uppgjor-og-arsskyrslur/arsskyrslur/Annual_Report_2010_loka%C3%BAtg%C3%A1fa_vefur.pdf

Equity	
Share capital	(10,646)
Share premium	14,508
Total Equity	3,862
Total Liabilities and Equity	80,229

[...]

With new shareholder and changes in capitalization the share capital was increased by ISK 66,000 million. The capital increase consists of the following transactions:

Capitalization	8.1.2010
ISK mortgage loans	6,584
Due to credit institutions and Central Bank	14,428
Corporate loans	28,770
Other loans	16,218
	66,000
Related funding agreement with Central Bank	
FX mortgage loans	38,094
ISK mortgage loans	23,158
Borrowings	(61,252)
	–“

Álitæfni um Arion.

Ekki verður annað séð en eftirfarandi atriði þurfi frekari umfjöllun og athugun:

- Ríkið virðist hafa gefið eftir megnið af eiginfjáruppbyggingu bankans upp á tæpa 18 milljarða kr., fyrir utan 6,5 milljarða kr. arðgreiðslu á fyrsta ársfjórðungi 2012 sem ríkið lánaði aftur í formi víkjandi láns.

Úr skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna, bls. 51:

„Fyrir það tímabil sem Arion var að fullu í eigu ríkisins ber því arður af rekstri bankans samkvæmt nánara samkomulagi.“

- Óljóst er með hvaða hætti var gengið frá kröfum og tryggingum Arion vegna kröfu á Kaupþing.
- Ekki er vitað hvenær og hvernig endurgreiðsla hlutafjár fór fram þrátt fyrir fyrirspurnir þar um til opinberra stofnana.
- Ríkið veitti víkjandi lán upp á 25 milljarða kr. en það varð 32 milljarðar kr. með óvenju hagstæðum vaxtakjörum í ljósi þess að lánið hafði breytirétt að kröfu skuldara. Lánið var því efnislega eigið fé sem heimilt var að greiða til baka með vöxtum ef rekstur þróaðist með þeim hætti að Kaupskil sæju sér hag í að endurgreiða það.
- Ríkið veitti lausafjárfrigreiðslu upp á 75 milljarða kr. til að liðka fyrir svo að unnt væri að greiða eigið fé inn með pappírnum sem ekki tryggðu gjaldþol bankans ef færa þyrfti niður eigið fé.
- Gefin voru óvenju hagfelld vaxtakjör á skuld gamla bankans við nýja bankann.
- Vaxtakjör á lánum Seðlabankans til Arion, í tengslum við uppgjör á kröfu Seðlabankans vegna veðsettra húsnæðislána, þarfnast nánari athugunar. Ekki er ljóst hvort bankinn hefur gefið eftir hluta af þeim vöxtum sem hann átti rétt á. Ekki er ljóst með hvaða hætti aðrar skuldir vegna endurhverfra viðskipta og veðskuldir voru gerðar upp en furðu vekur að skuldari geti keypt til baka af lánveitanda eignir sem eru meira virði en þau veð sem á þeim hvíldu en skilið lánveitanda eftir með tapið af öðrum sambærilegum eignum.

4. Aðrar yfirteknar fjármálastofnanir.

Ríkið kom að fjármögnun annarra fjármálastofnana og þar er um umtalsverða fjármuni að ræða. Hér er stiklað á stóru.

9. mars 2009 tók Fjármálaeftirlitið Straum–Burðarás fjárfestingabanka yfir og vék stjórn hans frá störfum og skipaði bankanum skilanefnd. 17. mars 2009 ákvað Fjármálaeftirlitið að flytja innstæður Straums til Íslandsbanka eftir að hafa haft samráð við skilanefndina, kröfuhafa, Seðlabanka Íslands og fjármálaráðuneytið. Yfirtaka Íslandsbanka á innstæðum í Straumi leiddi til lausafjárþingreiðslu. Á útgáfudegi skuldabréfs Straums til Íslandsbanka vegna yfirtekinna innstæðna gerðu Íslandsbanki og ríkið með sér samkomulag um að ríkið tæki yfir skuldabréf Straums að fullu eða að hluta og afhenti ríkisbréf í staðinn. Ef Straumur greiddi ekki að fullu upp bréf sitt fyrir 31. mars 2013 héldi Íslandsbanki eftir mismun á greiðslum í formi ríkisskuldabréfs og ríkið eignaðist eftirstöðvar af Straumsbréfinu. Straumur greiddi skuldina að fullu en ekki er vitað hvaða vexti ríkið greiddi til Íslandsbanka og hvort vextir af Straumsbréfinu runnu í ríkissjóð.

21. mars 2009 tók Fjármálaeftirlitið SPRON yfir og vék stjórn sparisjóðsins frá störfum. Innstæður voru færðar til Arion (þá Nýja Kaupþing). Innheimtufélagið Drómi var stofnað og yfirtók það aðrar eignir bankans og gaf út skuldabréf til Arion að fjárhæð 97,6 milljarðar kr. Ríkið ábyrgðist skaðleysi Arion af þessum gjörningi og veitti í tengslum við þetta lausafjárþingreiðslu til Arion upp á 75 milljarða kr. sem uppfyllti þar með kröfur Seðlabankans um veðhæfni. Ekki hefur komið fram hvort samræmi hafi verið í vöxtum sem ríkið greiddi og þeim vöxtum sem Arion greiddi af skuldabréfinu sem bankinn fékk frá Dróma.

Úr skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna, bls. 58:

„Gjald Arion fyrir afnot af þingreiðslunni verður sem hér segir:

Þegar SPRON-bréfið er notað sem veð:

Ekkert lántökugjald.

Notkunargjald:

1. Ádráttur frá 0–25 ma.kr.: Ekkert gjald. Hið sama mun eiga við um frekari ádrátt ef hægt er að sýna fram á að þörf fyrir laust fé stafi beinlínis af úttektum á SPRON- innstæðum.

2. Ádráttur 25–75 ma.kr. fyrir umsamið gjald.

Ef aðrar eignir en skuldabréf SPRON eru settar sem veð:

0,5% lántökugjald.

3% p.a. notkunargjald.

Ríkið lýsti því yfir í bréfi sínu að það muni halda samningaumleitunum sínum við Seðlabanka Íslands áfram og gera sitt besta til að fá Seðlabankann til að taka skuldabréf SPRON beint sem veð í þeim tilgangi að veita aðgang að lausafé. Yfirlýsingin er í gildi til lokagjaldaga SPRON-skuldabréfsins á árinu 2014.

Ennfremur lýsti ríkið því yfir að það væri reiðubúið að hefja samninga við Arion um frekari lausafjáraðgang ef svo færi að útlæði annarra innlána en SPRON-innlána skapaði lausafjárerfiðleika hjá Arion.“

Arion tók líka yfir Sparisjóð Mýrasýslu og Sparisjóðabanka Íslands. Takmarkaðar opinberar upplýsingar eru til um yfirtökurnar en samkvæmt ársreikningi Arion 2009 tók bankinn yfir skuldabréf upp á 10,1 milljarð kr. í tengslum við yfirtökuna.

Yfirtaka á Byr og síðan sala til Íslandsbanka þar sem víkjandi skuldabref fylgir með í kaupunum.

Úr skýrslu Ríkisendurskoðunar um fyrirgreiðslu við fjármálafyrirtæki, bls. 4:

„Ríkið stofnaði árið 2010 hlutafélagið Byr og sparissjóðinn SpKef sem keyptu eignir Byrs sparissjóðs og Sparissjóðsins í Keflavík og tóku yfir hluta af skuldum þeirra, einkum innstæðuskuldir, en eldri félögin voru sett í slitameðferð. Ríkissjóður lagði Byr til 900 m.kr. hlutafjárframlag og SpKef sparissjóði samþæringlegt eiginfjárframlag.

Ríkið samdi síðan við Byr og skilanevnd Byrs sparissjóðs (gamla Byrs) um að ríkið eignaðist 5,2% hlut í nýja félaginu en að Byr sparissjóður eignaðist 94,8% við að kröfum hans á félagið var breytt í hlutafé. Einnig fólst í samkomulaginu að ríkið veitti Byr 5 ma.kr. víkjandi lán til 10 ára. Íslandsbanki keypti síðan Byr fyrir 6,6 ma.kr. og sameinaði sínum rekstri. Hluttur ríkissjóðs af söluandvirði Byr var 765 m.kr. sem þýðir að sölutap þess nam 135 m.kr. Heimild til sölnnar og til þess að breyta víkjandi láninu í lausafjárfrigreiðslu er í fjárákalköllum fyrir árið 2011.“

Yfirtaka á SpKef og flutningur til Landsbanka.

Úr skýrslu Ríkisendurskoðunar um fyrirgreiðslu við fjármálafyrirtæki bls. 4–5:

„Þegar Sparissjóðurinn í Keflavík var tekinn yfir af Fjármálaeftirlitinu (FME) var gengið út frá því að eigið fé hans væri um 5 ma.kr. Verðmöt sem síðar voru gerð sýndu fram á verri stöðu og var í ljósi þess fallið frá því að endurreisa sparissjóðinn en þess í stað samið við nýja Landsbankann um yfirtöku og að ríkissjóður greiddi bankanum það sem upp á vantaði til að mæta neikvæðri eignastöðu sparissjóðsins. Ekki náðist samkomulag milli aðila um mat eignanna og skilaði úrskurðarnefnd bindandi niðurstöðu í júní 2012 um að neikvæð staða sparissjóðsins væri 19,2 ma.kr. Að teknu tilliti til vaxta nemur kostnaður ríkisins samtals 25 ma.kr. vegna sparissjóðsins.“

Stofnfé lagt í aðra sparissjóði, VBS, Saga & Askar Capital.

Úr skýrslu Ríkisendurskoðunar um fyrirgreiðslu við fjármálafyrirtæki, bls. 5–6:

„Ríkið lagði einnig stofnfé í fimm minni sparissjóði á árinu 2010, þ.e. Sparissjóð Vestmannaeyja, Sparissjóð Bolungarvíkur, Sparissjóð Svarfdæla, Sparissjóð Norðfjarðar og Sparissjóð Þórshafnar og nágrennis. Stofnfjárframlögin voru í tengslum við uppgjör á kröfum Seðlabankans á hendur sparissjóðunum, en Seðlabankinn eignaðist þær við þrot SPB hf. Kröfum Seðlabankans sem námu rúmlega 8 ma.kr. var að hluta breytt í eigið fé, víkjandi eða almenn lán, en að öðru leyti voru þær gefnar eftir. Byggðastofnun og aðrir kröfuhafar komu einnig að fjárhagslegri endurskipulagningu sparissjóðanna. Í árslok 2011 nam verðmæti eignarhluta ríkisins í þessum sparissjóðum samtals rúmlega 1,7 ma.kr. á kostnaðarverði. Bankasýsla ríkisins auglýsti á árinu 2011 til sölu hlut ríkisins í tveimur sparissjóðum, Sparissjóði Norðfjarðar og Sparissjóði Svarfdæla. Aðeins tilboði Landsbankans (NBI hf.) í þann síðarnefnda var tekið. Bókfærð eign ríkissjóðs í sparissjóðnum nam 382 m.kr. á kostnaðarverði en hlutdeild þess í söluverði var 148,5 m.kr. Tap þess af sölnni var því 233,5 m.kr.

[...]

Við greiðsluþrot bankakerfisins haustið 2008 tapaði ríkið kröfum sem það átti á lánastofnanir sem önnuðust viðskiptavakt með útgefin ríkisskuldabréf á innlendum lánsfjármarkaði. Á meðal þeirra lánastofnana sem fengið höfðu ríkisskuldabréf lánuð voru VBS fjárfestingabanki hf., Askar Capital hf. og Saga Capital hf. Félagin höfðu ekki getu til þess að endurgreiða andvirði bréffanna og mat fjármálaráðuneytið hagstæðast að semja um greiðslu þessara krafna. Var samið um að félögin greiddu skuldir sínar, samtals 52 ma.kr., með verðtryggðum skuldabréfum sem báru 2% vexti, voru afborgunarlaus fyrstu 3 árin en áttu síðan að greiðast með jöfnum árlegum afborgunum til ársins 2015. Skuld Saga Capital við

rikið var 19,7 ma.kr., skuld VBS fjárfestingabanka 26,4 ma.kr. og skuld Askar Capital 6,3 ma.kr. Ekki var um að ræða nýjar lánveitingar ríkisins eða Seðlabankans til þessara fyrirtækja heldur var eldri kröfum á hendur þeim breytt í lán til lengri tíma. Núna liggur hins vegar fyrir að félögin munu hugsanlega ekki standa að fullu við lánasamningana þar sem þau hafa öll verið tekin til slitameðferðar.“

Sjóvá.

Úr skýrslu Ríkisendurskoðunar um fyrirgreiðslu við fjármálaafyrirtæki, bls. 6–7:

„Vegna mikils taps á fjárfestingum uppfyllti tryggingafélagið Sjóvá – Almennar tryggingar ekki lengur skilyrði um lágmarksgjaldþol og var eigið fé félagsins neikvætt um 13,5 ma.kr. Það hefði að lágmarki þurft að vera jákvætt um 2 ma.kr. og því lá fyrir að ef forða ætti félaginu frá gjaldþroti yrði að leggja því til 15,5 ma.kr. nýtt hlutafé. Stjórnvöld töldu rétt að aðstoða félagið til að forða viðskiptavinum þess frá tjóni og viðhalda trausti til váttryggingastarfsemi hér á landi. Glitnir banki og Íslandsbanki áttu einnig hagsmuna að gæta vegna krafna sinna á hendur félaginu. Í júní 2009 var stofnað sérstakt félag, SA tryggingar hf. (Sjóvá), sem tók yfir váttryggingastarfsemina. Ríkið tók þátt í endurskipulagningunni Sjóvár með því að leggja fram tilteknar eignir, en það voru annars vegar krafa á Askar Capital sem metin var á um 6 ma.kr. og hins vegar skuldabréf útefið af Landsvirkjun að nafnvirði 4,2 ma.kr. Samtals var verðmæti þeirra eigna sem ríkið lagði fram 11,6 ma.kr. Upphaflega var gert ráð fyrir að framlagið væri lán en með möguleika á að breyta því í hlutafé. Þegar umsýsla krafna í eigu ríkissjóðs og Seðlabankans var sameinuð í eignaumsýslufélagi Seðlabankans færðist ákvörðunarvald og eftirlit með kröfu ríkisins vegna Sjóvar til þess. Láni ríkisins vegna Sjóvar var síðan breytt í hlutafélag og átti eignaumsýslufélag Seðlabankans eftir það 73,03% í Sjóvá á móti 9,3% hlut Íslandsbanka og 17,67% hlut SAT eignahaldsfélags.

Eignarhluti Seðlabankans í Sjóvá var auglýstur til sölu í byrjun árs 2010 og ákvað Seðlabankinn taka tilboði félagsins SF1 í 52,4% hlutafjárins í Sjóvá fyrir 4,9 ma.kr. en einnig var samið um kauprétt þess á 20,63% hlut til viðbótar. Verðið sem fékkst fyrir bréfin jafngildir því að heildarvirði Sjóvar hafi numið rúmlega 10 ma.kr. Ríkið tapaði um 3,4 ma.kr. við sölu bréfanna og mun tapa 1,4 ma.kr. að auki nýti kaupendur sér kaupréttinn. Heildartap ríkisins vegna sölnnar á Sjóvá getur þannig numið allt að 4,8 ma.kr. Það kemur reyndar ekki á óvart að ríkið skuli tapa á þessum viðskiptum enda greiddi það 11,6 ma.kr. fyrir eignarhlut í félagi sem var með neikvæða eiginfjárstöðu og því í reynd gjaldþrota.“

Lánasjóður landbúnaðarins og aðrar ríkisábyrgðir.

Úr skýrslu Ríkisendurskoðunar um fyrirgreiðslu við fjármálaafyrirtæki, bls. 7:

„Þegar ríkisbönkunum var breytt í hlutafélög á sínum tíma og þeir seldir hvíldu áfram á þeim skuldbindingar vegna þeirra skuldabréfa með ríkisábyrgð sem þá höfðu verið gefin út. Sama máli gegndi um skuldir Lánasjóðs landbúnaðarins sem Landsbankinn keypti af ríkinu árið 2005. Í árslok 2010 nam staða lána til Landsbanka Íslands með ríkisábyrgð samtals 22,1 ma.kr., þar af voru 13,8 ma.kr. vegna Lánasjóðs landbúnaðarins og 3,8 ma.kr. vegna Lífeyrissjóðs bankamanna. Ríkisábyrgðir vegna Glitnis banka hf. voru 403 m.kr. vegna skulda Iðnlánasjóðs. Árin 2008–2010 greiddi ríkisábyrgðasjóður samtals 7,8 m.kr. upp í kröfur vegna ofangreindra lána til þess að forðast dráttarvexti og innheimtukostnað, en leysti síðan til sín þær skuldir gamla Landsbankans og Glitnis sem eru með ábyrgð ríkissjóðs. Í ríkisreikningi fyrir árið 2010 voru gjaldfærðar 27,5 ma.kr. sem er áætlað tap vegna ríkisábyrgða og í ríkisreikningi fyrir árið 2009 voru gjaldfærðar 3,5 ma.kr. Samtals nemur tap ríkisins vegna ábyrgða sem féllu á það vegna falls bankanna 31 ma.kr.“

5. Lokaorð.

Hinn 14. október 2008 gaf Fjármálaeftirlitið út forsendur fyrir skiptingu efnahagsreikninga Landsbankans, Glitnis og Kaupþings og endurskoðaði þær 19. október 2008.¹¹ Forsendur þessar voru gefnar út með vísan til 100. gr. laga nr. 161/2002 og 5. gr. laga nr. 125/2008. Í forsendunum setti Fjármálaeftirlitið fram samræmd viðmið um framsetningu stofnefnahagsreikninga nýju bankanna með það að markmiði að samræma vinnubrögð við yfirfærslu eigna og skulda til nýju bankanna.

Ríkisstjórnin sem tók við 1. febrúar 2009 kaus að fara þá leið að byggja endurreisn bankanna ekki á upphaflegum grunni neyðarlaganna heldur ganga til samninga við kröfuhafa. Þá virðist ríkið ekki hafa haft trú á því að neyðarlögin mundu halda ef til dómsmála kæmi og þess vegna hafi verið gengið langt í að fríða kröfuhafa gömlu bankanna, sbr. fundargerð 2. fundar stýrinfundar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint frá 20. mars 2009:

1. Guðmundur Árnason review the steering group's first meeting on 10 March.

2. Mr. Baines led a presentation of Hawkpoint's draft initial assessment that was circulated to the committee. He said that the instrument had the potential to be very complex. There were also questions as to whom Deloitte was working for that needed to be cleared up for all concerned. Mr. Baines also stated that the creditors were pleased that something was now happening and that they had someone to talk to.

Mr. Árnason said that it was important to keep a disciplined dialogue with the creditors. There needed to be a common understanding of who is mandated to talk to whom. He said that it is important not to interfere in the relationship between the resolution committees and the creditors. The state wants to appease the creditors to the extent possible. The negotiations are, however, bilateral between the state and the financial advisors of the old banks.

Löggiltir skjalapýðendur þýddu þennan texta á eftirfarandi hátt:

1. Guðmundur Árnason fer yfir fyrsta fund stýrinfundarinnar þann 10. mars.
2. Hr. Baines fór fyrir kynningu Hawkpoint á drögum að fyrsta mati, sem dreift var til nefndarinnar. Hann sagði skbr./fjármálagerninginn vera líklegt að verða mjög flókið. Einnig væri ekki skýrt fyrir hvern Deloitte væri að vinna, sem þyrfti að skýra vegna allra sem hlut ættu að máli. Hr. Baines sagði einnig að kröfuhafar væri ánægðir með að eitthvað væri nú að gerast og að þeir hefðu einhvern að tala við.

Hr. Árnason sagði það mikilvægt að viðhalda öguðum viðræðum við kröfuhafana. Það þyrfti að vera sameiginlegur skilningur hver væri bær til að tala við hvern. Hann sagði það mikilvægt að trufla ekki samband skilanevndanna og kröfuhafanna. Ríkið vill frjóbægja kröfuhafa eins og mögulegt er. Samningaviðræðurnar eru hinsvegar, tvíhliða milli ríkisins og fjármálaeigra ráðgjafa gömlu bankanna.

¹¹ www.fme.is/media/akvardanir/19.-oktober-2008_3.pdf

Atriði til skoðunar.

1. Skoða verður hvort rétturinn til að færa eignir og skuldbindingar yfir í íslenskum krónum var að hluta gefinn eftir og hvort sú aðgerð hafi valdið ríkissjóði talsverðu tjóni. Heimtur af yfirfærðum eignasöfnum voru afhentar gömlu bönkunum:
 - a. með skuldabréfum tengdum heimtum,
 - b. með því að gefa eftir ávinning af rekstri bankanna fram til þess tíma er hlutabréf voru afhent gömlu bönkunum,
 - c. með því að afhenda hlutafé til gömlu bankanna.
2. Ríkið tók áfram á sig meginþorra áhættunnar af rekstri bankanna:
 - a. í formi greidds hlutafjárframlags,
 - b. vegna víkjandi lána sem vafi leikur á hvort hafi verið verðlögð eðlilega og í tilviki Arion með breytirétti að kröfu skuldara,
 - c. í formi lausafjárfrigreiðslu á kjörum sem voru betri en markaðskjör sem hefði verið dregið á að fullu ef illa hefði áráð í rekstri nýju bankanna. Öll áhætta á því sem miður hefði getað farið var því hjá ríkinu.
3. Ríkið gaf út skuldabréf til bankanna á gengi stofnefnahagsdags en ekki gengi samningsdags og færði þannig gengismun frá nýju bönkunum til þeirra gömlu.
4. Ríkið samþykkti að greiða vexti til bankanna á hlutafjárlofordr frá stofnþingi en krafðist ekki hlutdeildar í hagnaði þeirra fyrir sama tímabil.
5. Ríkið gaf eftir veðkröfur Seðlabankans á gömlu bankana og afhenti þannig, a.m.k. í tilviki Arion, verðmæti til gamla bankans sem voru umfram yfirteknar veðkröfur nýja bankans og skildi Seðlabankann eftir með almenna veðkröfu í bú Arion.
6. Ríkið samþykkti að taka á nýju bankana og þar með ríkið ýmsan kostnað tengdan gjörningum þessum.
7. Ríkið var áfram með megnið af áhættunni af rekstri bankanna þrátt fyrir að hafa gefið eftir meginþorrann af mögulegum ávinningi af heimtum til gömlu bankanna. Hugsanlegt tap af rekstri bankanna hefði getað fallið á ríkissjóð en hagnaðurinn átti að verða eftir í bönkunum.
8. Skoða þarf stofnun og innheimtustefnu Dróma.

Heimildaskrá.

Alþingi. Skýrsla fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna. Þingskjal 1213, 694. mál á 139. löggjafarþingi 2010–2011. Vefútgáfa á vefslóðinni:
www.althingi.is/altext/139/s/1213.html

Arion banki. Consolidated Financial Statements for the year 2009. Vefútgáfa á vefslóðinni:
www.arionbanki.is/library/Skrar/Bankinn/Starfsemi/Uppgjor-og-arsskyrslur/Uppgjor/Arion_banki_hf_Consolidated_Financial_Statements_-_31.12.2009_-_FINAL.PDF

Fjármálaeftirlitið. Forsendur fyrir skiptingu efnahagsreiknings Landsbanka Íslands hf., Kaupþings hf. og Glitnis hf. í samræmi við lög nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Vefútgáfa á vefslóðinni:
www.fme.is/media/akvardanir/19.-oktober-2008_3.pdf

Kaupþing. Consolidated Financial Statements 22 October to 31 December 2008. Vefútgáfa á vefslóðinni:
www.arionbanki.is/library/Skrar/Frettir/New_Kaupthing_Bank_hf_Consolidated_Financial_Statements_31.12.2008.pdf

Landsbankinn. Consolidated Financial Statements 2009. Vefútgáfa á vefslóðinni:
www.landsbankinn.is/Uploads/Documents/Umlandsbankann/landsbankinn_arsreikningur_samstaedu_2009.pdf

Ríkisendurskoðun. Fyrirgreiðsla ríkisins við fjármálafyrirtæki og stofnanir í kjölfar bankahrunsins. Júní 2012. Vefútgáfa á vefslóðinni:
www.ríkisendurskodun.is/wp-content/uploads/2016/01/fyrirgreidsla_vid_fjarmalafyrirtaeki2.pdf

Fylgiskjöl.

1. Fjármálaeftirlitið: Forsendur fyrir skiptingu efnahagsreikninga Landsbanka Íslands hf., Kaupþings hf. og Glitnis hf.
2. Fjármálaeftirlitið: Svör við fyrirspurnum um stofnun Kaupskila ehf. og fleiri tengda þætti.
3. Ríkisendurskoðun: Svör við fyrirspurnum um uppgjör Arion banka, hlutafjárúkningu Íslandsbanka árið 2009 og kaup Glitnis á hlutum í Íslandsbanka.
4. Fjárýsla ríkisins: Svör við fyrirspurnum um sölu á hlut í Íslandsbanka til Glitnis.
5. Bankasýsla ríkisins: Svar við fyrirspurn um skuld nýja Landsbankans við þrotabú gamla Landsbankans.
6. Fjármála- og efnahagsráðuneytið: Svör við fyrirspurnum um hluthafasamning Kaupskila hf. og ríkisins.
7. Fundargerðir stýrinedndar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint.
8. Fundargerðir samræmingarnefndar stjórnvalda (Coordination Committee).

1.

**Fjármálaeftirlitið: Forsendur fyrir
skiptingu efnahagsreikninga
Landsbanka Íslands hf., Kaupþings
hf. og Glitnis hf.**

Dags. 14. október 2008

Endurskoðað 19. október 2008

Tilvís. 2008100036

Til: Stjórnar Fjármálaeftirlitsins

Frá: Jónasi Fr. Jónssyni, forstjóra Fjármálaeftirlitsins

Forsendur fyrir skiptingu efnahagsreiknings

Forsendur fyrir skiptingu efnahagsreiknings Landsbanka Íslands hf., Kaupþings hf. og Glitnis hf. í samræmi við lög nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.

Með vísan í 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002 sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008, hefur Fjármálaeftirlitið sett saman samræmt viðmið um framsetningu stofnefnahagsreiknings nýs banka. Markmiðið með þessu er að samræma vinnubrögð við yfirfærslu eigna og skulda í nýjan banka og koma með tillögu um áætlað mat en formlegt verðmat eigna og skulda fer fram síðar.

Við yfirfærslu eigna er haft til hliðsjónar að flytja allar eignir sem tengjast innlendri starfsemi gamla bankans yfir í hinn nýja. Erlend dótturfélög og erlend útibú bankans verða því eftir í gamla bankanum nema í þeim tilfellum sem meginstarfsemi þeirra fer fram á Íslandi.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir yfirferð einstakra liða opnunarefnahagsreiknings.

Eignir

Sjóður og innstæður í Seðlabanka færast allar yfir í nýja bankann á bókfærðu verði.

Afleiðusamningar eru ekki færðir yfir í nýja bankann.

Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum eru færð yfir í nýja bankann á áætluðu gangvirði nema þau verðbréf sem gefin eru út af fjármálafyrirtæki þar sem Fjármálaeftirlitið hefur gripið til aðgerða á grundvelli 5. gr. laga nr. 125/2008.

Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum eru færð yfir í nýja bankann á áætluðu gangvirði.

Verðbréf vegna áhættuvarna eru færð yfir í nýja bankann á gangvirði.

Kröfur á lánastofnanir eru færðar yfir í nýja bankann á áætluðu gangvirði nema kröfur á fjármálafyrirtæki þar sem Fjármálaeftirlitið hefur gripið til aðgerða á grundvelli 5. gr. laga nr. 125/2008.

Útlán til viðskiptavina önnur en þau sem tilgreind eru hér á eftir eru færð yfir í nýja bankann á bókfærðu verði að teknu tilliti til áætlaðra afskrifta einstakra útlána. Við yfirferð einstakra útlána

skal miðað við að skoðuð séu stærstu útlán eða að lágmarki 40% af heildarútlánasafni gamla bankans.

Eftirfarandi útlán eru ekki færð yfir í nýja bankann:

- Veðsett útlán
- Rekstrareiningar um sérverkefni (SPV)
- Útlán sem eru hluti af „total return swap“
- Útlán sem heyra undir reglur um sértryggð skuldabréf
- Sérstaklega áhættusöm útlán, t.d. millilagslán (mezzanine) og útlán sem falið geta í sér framtíðarskuldbindingar (undrawn revolvers)

Hlutir í hlutdeildarfélögum Allir hlutir í innlendum hlutdeildarfélögum flytjast yfir í nýja bankann á áætluðu gangvirði.

Fjárfesting í dótturfélögum Innlend og erlend dótturfélög sem tengjast innlendri starfsemi flytjast yfir í nýja bankann á bókfærðu verði, önnur ekki.

Rekstrarfjármunir fara allir yfir í nýja bankann á bókfærðu verði nema þeir tilheyri erlendum útibúum sem skilin eru eftir í gamla bankanum.

Óefnislegar eignir sem nýtast í rekstri nýja bankans flytjast yfir á matsvirði.

Fastafjármunir til sölu eru allir færðir yfir á bókfærðu verði að teknu tilliti til áætlaðrar niðurfærslu.

Skatteign er ekki færð yfir í nýja bankann.

Aðrar eignir. Eftirtaldar aðrar eignir eru færðar yfir í nýja bankann:

- Óuppgerð viðskipti á bókfærðu verði
- Viðskiptakröfur á bókfærðu verði að teknu tilliti til áætlaðrar niðurfærslu
- Listmunir á bókfærðu verði
- Aðrar eignir sem eiga við hverju sinni

Skuldir

Innlán, önnur en í erlendum útibúum gamla bankans, skal færa á bókfærðu verði.

Verðbréfaútgáfa og önnur lántaka er ekki færð yfir í nýja bankann.

Víkjandi lán eru ekki færð yfir í nýja bankann.

Skattskuldbindingar eru ekki færðar yfir í nýja bankann.

Aðrar skuldir. Óuppgerð viðskipti færast yfir í nýja bankann á bókfærðu verði, annað verður eftir í gamla bankanum, þar með talið skuldir tengdar afleiðusamningum.

Önnur atriði

Kröfur og skuldir við innlend greiðslukortafyrirtæki sem ekki hafa verið færð á efnahagsreikning gamla bankans þarf að færa sem útlán og skuld við fjármálafyrirtæki í opnunarefnahagsreikningi nýja bankans.

Rekstrarskuldir gamla bankans eru ekki færðar yfir í nýja bankann, sama hvaða nafni þær nefnast. Það er í höndum stjórnenda nýju bankanna hvers um sig að ganga frá málum við þá aðila sem þeir telja bankann þurfa að vera í áframhaldandi viðskiptum við.

Áætla þarf verðmæti óbókfærðra listmuna í eigu bankans og færa í opnunarefnahagsreikning.

Hafa skal í huga ákvarðanir sem fram koma í minnisblöðum um afleiðusamninga og endurhverf viðskipti.

Veita skal upplýsingar um eftirfarandi:

- Ónýttar yfirdráttarheimildir,
- Skuldbindingar vegna skuldbindandi lánalína (committed loan facilities) og
- Ábyrgðir vegna innlendar starfsemi.

Míðað er við gengi gjaldmiðla 30. september 2008.

Fyrirvari er gerður um að forsendur þessar gætu breyst á meðan vinna við skiptingu efnahags bankanna þriggja stendur yfir.

2.

**Fjármálaeftirlitið: Svör við
fyrirspurnum varðandi stofnun
Kaupskila ehf. o.fl. tengdum þáttum.**

Fundur í fjárlaganefnd 3. febrúar 2016 – spurningar til Fjármálaeftirlitsins

1. Í gögnum FME kemur fram að Kaupskil voru stofnuð með 100 milljónum í hlutafé fékk 87 % í bankanum og vitnað til komandi hluthafasamkomulag Kaupskila slitastjórnarinnar og ríkisins um fjármögnun. Hvernig var það samkomulag?
2. Í skýrslu fjármálaráðherra, Steingríms J. Sigfússonar, frá mars 2011 um endurreisn viðskiptabankanna kemur fram um SPRON/Dróma að ríkissjóður hélt áfram að fjármagna Arionbanka eftir að hann komst í eigu slitastjórnar með 71,25 milljarða láni og EUR vfkjandi láni, af hverju var það gert?
3. Er það réttur skilningur að Kaupskil/slitastjórnin hafi ekki lagt fram raunverulegt lausafé til fjármögnunarbankans heldur eingöngu tekið frá eignir/sett að veði/til tryggingar - og þess vegna hafi ríkið í raun áhættufjármagnað og lausafjármagnað nýja bankann að miklu leyti eftir að hann komst í eigu slitastjórnarinnar?
4. Hefur FME hluthafasamkomulag ríkisins og Kaupskila/slitastjórnar undir höndum?
5. Var vaxtaeftirgjöfin af stóra skuldabréfinu sem fjallað var um nú í janúar í MBL með einhverjum hætti þáttur í þessari fléttu að afhenda kröfuhöfunum Arionbanka?
6. Hvernig var háttáð stjórnunarréttinum eftir þessar aðgerðir hvernig gat ríkið varið sína hagsmuni?

Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar

12. febrúar 2015

Efni: Svör Fjármálaeffirlitsins við spurningum frá fjárlaganefnd Alþingis 3. febrúar 2016

Vísað er til tölvupósts, dags. 3. febrúar 2016, frá nefndarritara fjárlaganefndar þar sem óskað er eftir að Fjármálaeffirlitið svari nánar tilgreindum spurningum. Svör Fjármálaeffirlitsins eru eftirfarandi.

1. Í gögnum FME kemur fram að Kaupskil ehf. var stofnað með 100 milljónum í hlutafé, gegn 87 % eignarhlut í Arion banka og vitnað til komandi hluthafasamkomulag Kaupskila slítastjórnarinnar og ríkisins um fjármögnun. Hvernig var það samkomulag?

Svar: Hvað varðar spurningu um efni hluthafasamkomulagsins telur Fjármálaeffirlitið rétt að þeirri spurningu verði beint til fjármála- og efnahagsráðuneytisins sbr. einnig svar við spurningu nr. 4.

Hvað varðar það atriði í spurningu 1 að Kaupskil hafi verið stofnað með 100 milljónum króna í hlutafé gegn 87% eignarhlut í Arion banka þá átti sér stað hlutafjárukning í Kaupskilum ehf. samfara yfirtöku félagsins á umræddum 87% eignarhlut hlut sbr. enn fremur skýringar nr. 3. og 5. í hjálögðum ársreikningi Kaupskila ehf. fyrir árið 2010.

2. Í skýrslu fjármálaráðherra, Steingríms J. Sigfússonar, frá mars 2011 um endurreisn viðskiptabankanna kemur fram um SPRON / Dróma að ríkissjóður hélt áfram að fjármagna Arion banka eftir að hann komst í eigu slítastjórnar með 71,25 milljarða láni og EUR víkjandi láni. Af hverju var það gert?

Svar: Í kafla 3.2.5 í umræddri skýrslu fjármálaráðherra kemur m.a. fram að þann 3. september 2009 hafi fjármálaráðuneytið afhent Arion banka bréf þar sem staðfest er að ef samningur um sameiginlega stofnfjármögnun verði fullnustaður eins og gert er ráð fyrir í samningnum muni ríkið tryggja Arion banka ákveðna lausafjárþyrngreiðslu. Enn fremur segir að ríkið staðfesti þar að það muni lána Arion banka allt að 75 ma.kr. í ríkisskuldabréfum með veði í skuldabréfi SPRON en sú fjárhæð geti lækkað um fjárhæð er samsvarar lækun á SPRON skuldabréfinu. Þá kemur fram að ríkisskuldabréfið muni uppfylla kröfur Seðlabanka Íslands um veðhæfi fyrir lausafé á stöðluðum kjörum.

Varðandi tilurð og uppgjör skuldar Dróma hf. við Arion banka hf. vísast til kafla D í skýrslu fjármála- og efnahagsráðherra um Dróma hf. sem lögð var fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013-2014 sbr. eftirfarandi tengil:
<http://www.althingi.is/altext/pdf/143/s/1315.pdf>

Teljast ofangreint svar ekki fullnægjandi telur Fjármálaeffirlitið rétt að frekari svara við spurningu nr. 2 verði aflað hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

3. Er það réttur skilningur að Kaupskil/slítastjórnin hafi ekki lagt fram raunverulegt lausafé til fjármögnunar bankans heldur eingöngu tekið frá eignir/sett að veði/til tryggingar - og þess vegna hafi ríkið í raun áhættufjármagnað og lausafjármagnað nýja bankann að miklu leyti eftir að hann komst í eigu slítastjórnarinnar?

- Heildareiginfjárhiutfall verði 16% að lágmarki. Hlutfall þetta gildi sömuleiðis í 3 ár nema Fjármálaeftirlitið ákveði annað.

Lausafjárkröfur:

- Lausafjáreignir sem hlutfall af heildarinnlánum séu yfir 20%.
- Reiðufé og ígildi þess sem hlutfall af óbundnum innlánum sé yfir 5%.

Þann 8. janúar 2010, þegar umræddur samningur milli fjármálaráðuneytisins og Kaupþings um stofnfjármögnun Arion banka hf. tók gildi, uppfyllti Arion banki ofangreindar eiginfjár- og lausafjárkröfur sbr. jafnframt í því sambandi skýringar nr. 108 og 120 í ársreikningi Arion banka hf. fyrir árið 2009 sem finna má undir eftirfarandi tengli: [https://www.arionbanki.is/library/Skrar/Bankinn/Starfsemi/Uppgjor-og-arsskyrslur/Uppgjor/Arion banki hf. Consolidated Financial Statements - 31.12.2009 - FINAL.PDF](https://www.arionbanki.is/library/Skrar/Bankinn/Starfsemi/Uppgjor-og-arsskyrslur/Uppgjor/Arion%20banki%20hf.%20Consolidated%20Financial%20Statements%20-%2031.12.2009%20-%20FINAL.PDF)

Í ofangreindri skýringu nr. 120 kemur jafnframt fram proforma efnahagsreikningur Arion banka 8. janúar 2010.

4. Hefur FME hluthafasamkomulag ríkisins og Kaupskila/slitastjórnar undir höndum? Ef svo er, vinsamlegast sendið það til fjárlaganefndar Alþingi.

Svar: Fjármálaeftirlitið hefur umrætt samkomulag undir höndum. Þar sem fjármála- og efnahagsráðuneytið er aðili að umræddu samkomulagi telur Fjármálaeftirlitið rétt að beiðni um afhendingu hluthafasamkomulagsins verði beint að fjármála- og efnahagsráðuneytinu, sbr. 1. mgr. 16. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012.

5. Var vaxtaeftirgjöfin af skuldabréfinu sem fjallað var um nú í janúar í MBL með einhverjum hætti þáttur í þeirri aðgerð að afhenda kröfuhöfunum Arionbanka?

Svar: Fjármálaeftirlitinu er ekki kunnugt um umrædda vaxtaeftirgjöf og telur rétt að þessari spurningu verði beint að fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

6. Hvernig var háttað stjórnun bankans á þessu tímabili og hvaða leiðir voru fyrir ríkið til þess að verja sína hagsmuni?

Svar: Í skýrslu fjármálaráðherra um endurreisn viðskiptabankanna frá mars 2011 kemur fram í kafla 3.2.1.3 hvernig háttað skyldi skipun stjórnarmanna í stjórn Arion banka samkvæmt hluthafasamningi milli aðila. Þar kom m.a. fram að fjármálaráðuneytið ætti rétt á að tilnefna einn stjórnarmann í stjórn bankans og að ríkið skyldi eiga neitunarvald í tilteknum málum.

Í bréfi Fjármálaeftirlitsins, dags. 8. janúar 2010, varðandi umsókn Kaupskila ehf. um heimild til að fara með virkan eignarhlut í Arion banka hf. er í kafla 5.2 m.a. lýst skilyrðum eftirlitsins varðandi óhæði stjórnarmanna til að tryggja stjórnunarlegt sjálfstæði.

Að öðru leyti en ofan greinir telur Fjármálaeftirlitið rétt að svara við þessari spurningu verði aflagð hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

3.

**Ríkisendurskoðun: Svör við
fyrirspurnum um uppgjör Arionbanka,
hlutfjáráukningu Íslandsbanka árið
2009 og kaup Glitnis á hlutum í
Íslandsbanka.**

4. apríl 2016

Fyrirspurn til ríkisendurskoðanda frá Vigdísí Hauksdóttur

1. Fjöldi hluta í Arion banka - uppgafið hlutafé bankans samkvæmt samþykktum frá í september 2009 stemmir ekki við þann fjölda bréfa sem ríkisendurskoðun gefur upp í svari 1.4.2009. Hvað skýrir mismuninn?

skv svari 1.04.2016	11.879.833.333
stofn framlag	775.000.000
samtals	12.654.833.333
skv. Fyrirtækja skr	12.645.833.333
Mismunur	9.000.000

2. Samkvæmt innsendum gögnum til fyrirtækjaskrár fékk Nýja Kaupþing afhent 71.225.000.000. krónur að nafnverði af RSKH 18, 2009 sem greiðslu fyrir hlut ríkisins í bankanum, af svari þínu má skilja að afhent hafi verið 70.870.646.766 nafnverðshluti með áföllnum vöxtum upp á 354.353.234 kr. Getur embættið upplýst um hvor fjárhæðin er rétt þ.e. hvað lét ríkið af hendi marga nafnverðshluti af RSKH 18 fyrir hlutafjárukningu í ágúst 2009?
3. Getur ríkisendurskoðun upplýst um hvað ríkið fékk marga nafnverðshluti af RSKH 18 til baka þann 8. janúar 2010 við hlutafárukningu og hverjir voru áfallnir vextir á skuldabréfið á þeim við þegar ríkið fékk bréfið til baka
4. Voru áfallnir vextir greiddir upp samhliða afhendingu á bréfum til ríkisins?
5. Samkvæmt skýringu 120 í ársreikning Arionbanka fyrir rekstrarárið 2009 kemur fram að víkjandi lán til bankans sé 29.543.000.000 kr. samkvæmt svari þínu er þessi fjárhæð 29.408.320.000 kr. Hver er ástæðan fyrir þessum mismun?
6. Samkvæmt ársreikningi Arionbanka fyrir 2009 er eigið fé bankans 89.879.000.000 kr. og skv. skýringu 120 í sama reikning er eigið fé eftir lækkun og hækkun 93.741.000.000 kr. Telur ríkisendurskoðun eðlilegt að við hlutafjárukningu bankans hafi verið horft framhjá óráðstöfuðu eigin fé upp á 17,8 milljarða við ákvörðun á skiptahlutföllum?

Minnisblað

Viðtakandi: Fjárlaganefnd

Sendandi: ríkisendurskoðandi / 

Efni: Fyrirspurn dags. 29. mars 2016

Ríkisendurskoðun barst svohljóðandi fyrirspurn frá Vigdís Hauksdóttur, formanni fjárlaganefndar:

Á aðalfundi Arion banka hf., kt. 581008-0150 sem var aðalfundur fyrir árið 2008, sem haldinn var þann var 8. janúar 2010 var samþykkt að lækka hlutafé bankans sem nemur 12.385.833.333.- til útgreiðslu fyrir Ríkissjóð.

Hvar er þessa inngreiðsla að finna í fjárlögum eða aukafjárlögum, lokafjárlögum og ríkisreikningi?

Þetta er sú greiðsla (þ.e. nafnverð hluta) sem ríkissjóður fékk frá Arion banka þegar hlutafé var lækkað í samræmi við fjármögnunarsamning Nýja Kaupþings sem gengið var frá í árslok 2009.

Forsaga þessa máls er að á árinu 2009 (14. ágúst 2009) var haldinn hluthafafundur þar sem hlutafé var aukið í bankanum. Ríkið lagði 11.879.833.333 nýja nafnverðshluti á genginu 6 í forni ríkisskuldabréfa RÍKH 18 (um 71. milljarð). Samkvæmt greinargerð með tillögu til hluthafafundar var verið að leggja NKB til nægjanlegt hlutafé svo að bankinn uppfyllti þær kröfur sem gerðar eru til eiginfjárhlutafalls.

Á fundinum 8. janúar 2010 var hlutafé lækkað um 12.385.833.333 að nafnverði eða samtals kr. 62.137.931.035 með skilum á skuldabréfinu frá íslenska ríkinu að því tilskildu að eignarhluti ríkisins yrði 13% af heildarhlutafé bankans en Kaupskil, sem er fyrirtæki í eigu slitabús Kaupþings greiddi inn hlutafé sem nam 87% af heildarhlutafé NKB.

Eftirfarandi yfirlit sýnir uppgjör þessara viðskipta:

Upphaflegt hlutafé bankans (21.10.2008)		
Greitt með peningum 09.10.2008		775.000.000
Greitt með útgáfu RÍKH 18		70.870.645.766
Áfallnir vextir frá 09.10.2008 - 21.10.2008		354.353.234
	Samtals hlutafé	72.000.000.000
Lækkun á hlutafé		
Vikjandi lán til Arion		-29.408.320.000
RÍKH 18 bréfum skilað		-32.729.611.035
	Samtals endurgreitt hlutafé	-62.137.931.035
	Hlutafjáreign ríkissjóðs	9.862.068.965
Afstemming við heildarhlutafé Arionbanka		
Eigið fé bankans 08.01.2010		75.862.068.962
13% hlutur ríkissjóðs		9.862.068.965

15. apríl 2016/SA

16040004

11.02

Minnisblað

Viðtakandi: Fjárlaganefnd, Vigdís Hauksdóttir formaður

Sendandi: ríkisendurskoðandi, Sveinn Arason / *SA*

Efni: Fyrirspurn um uppgjör vegna Arionbanka.

1. Fjöldi hluta í Arion banka - uppgið hlutafé bankans samkvæmt samþykktum frá í september 2009 stemmir ekki við þann fjölda bréfa sem Ríkisendurskoðun gefur upp í svari 1.4.2009. Hvað skýrir mismuninn?

skv svari 1.04.2016	11.879.833.333
stofn framlag	775.000.000
samtals	12.654.833.333
skv. Fyrirtækja skr	12.645.833.333
Mismunur	- 9.000.000

Svar: Það var misritun í skjali, sem við fengum sent. Skv. svari 01.04.2016 átti að standa 11.870.833.333. Mismunur 0.

Í eftirfarandi töflu er gerð grein fyrir breytingum á hlutafénu.

	Ár	Hlutir	Hlutafé	Gengi
Hlutafé	2009	12.646	72.000	5,693
Niðurfærsla 8. jan 2010	2010	-12.386	-62.139	5,017
Ný útgáfa 8. jan 2010	2010	1.740	66.000	37,931
		<u>2.000</u>	<u>75.861</u>	<u>37,931</u>

2. Samkvæmt Innsendum gögnum til fyrirtækjaskrár fékk Nýja Kaupþing (nú Arionbanki) afhent 71.225.000.000. krónur að nafnverði af RSKH 18, árið 2009 sem greiðslu fyrir hlut ríkisins í bankanum, af svari þínu má skilja að afhent hafi verið 70.870.646.766 nafnverðshlutir með áföllnum vöxtum upp á 354.353.234 kr. Getur embættið upplýst um hvor fjárhæðin er rétt þ.e. hvað lét ríkið af hendi marga nafnverðshluti af RSKH 18 fyrir hlutafjárukningu í ágúst 2009?

Svar: Öll ríkisbréf eru gefin út miðað við ákveðið nafnverð á útgáfudegi. Virði þeirra tekur síðan daglegum breytingum miðað við þá ávöxtunarkröfu sem í

þeim felst. Samkvæmt þeim gögnum sem Ríkisendurskoðun hefur undir höndum var nafnverð skuldabréfanna 70.870.646.766 kr. Afhent er ákveðið magn rafrænna bréfa og innifalið í verðinu eru áfallnir vextir, sem er eign eiganda bréfanna á söluþegi. Bréfin eru framseld ásamt áföllnum vöxtum og það er eigandinn sem fær vextina greidda. Áfallnir vextir námu 354.253.234 kr. og verðmætið því samtals 71.225.000.000 kr.

Upphaflegt hlutfé bankans (21.10.2008)	
Greitt með peningum 09.10.2008	<u>775.000.000</u>
Greitt með útgáfu RIKH 18	70.870.646.766
Áfallnir vextir frá 09.10.2008 - 21.10.2008	<u>354.353.234</u>
Afhent RIKH 18 m/áföllnum vöxtum	<u>71.225.000.000</u>
Samtals hlutfé	<u>72.000.000.000</u>

3. Getur Ríkisendurskoðun upplýst um hvað ríkið fékk marga nafnverðshluti af RSKH 18 til baka þann 8. janúar 2010 við hlutfjáraukningu og hverjir voru áfallnir vextir á skuldabréfið á þeim við þegar ríkið fékk bréfið til baka

Svar: Skv. samkomulagi við bankann fékk ríkissjóður endurgreitt hlutfé sem nam 62.137.931.035 krónum. Endurgreiðslan var þannig: 32.729.611.035 kr. nafnverðshluti en bankinn hélt eftir 29.408.320.000 nafnverðshlutum. Á móti gaf bankinn út víkjandi skuldabréf í evrum sem samsvaraði ríkisbréfunum. Afhent bréf eru reiknuð upp m.v. dagverð þeirra ásamt áföllnum vöxtum. Færslan í bókhaldi ríkissjóðs var gerð miðað við 31.12.2009 með heimild í lögum nr. 138/2009, sem tóku gildi þann 31.12.2009.

Lækkun á eigin fé 31.12.2009	
Víkjandi lán til Arion 08.01.2010	-29.408.320.000
RIKH 18 bréfum skilað 08.01.2010	<u>-32.729.611.035</u>
Samtals endurgreitt hlutfé	<u>-62.137.931.035</u>

4. Voru áfallnir vextir greiddir upp samhliða afhendingu á bréfum til ríkisins?

Svar: Skv. uppgjöri sem lagt var fram námu áfallnir vextir 10,8 ma.kr. en skv. samkomulagi sem gert var og vísað er til í svari fjármálaráðuneytisins til Morgunblaðsins 29. desember 2015, voru endurgreiddir 6,5 ma.kr. sbr. fjárukalög 2009

5. Samkvæmt skýringu 120 í ársreikning Arionbanka fyrir rekstrarárið 2009 kemur fram að víkjandi lán til bankans sé 29.543.000.000 kr. samkvæmt svari þínu er þessi fjárhæð 29.408.320.000 kr. Hver er ástæðan fyrir þessum mismun?

Svar: Upphaflegt skuldabréf nam EUR 162.899.906 og var bókfært á genginu 180,53 sem er miðgengi þann 8. janúar 2010. Líklegt er að mismunurinn stafi af því að bankinn færi þetta skuldabréf í sitt bókhald á sölugengi. Lánið

var upphaflega veitt í evrum og síðan breytt í jafngildi þess í pundum og dollurum.

6. Samkvæmt ársreikningi Arionbanka fyrir 2009 er eigið fé bankans 89.879.000.000 kr. og skv. skýringu 120 í sama reikning er eigið fé eftir lækkun og hækkun 93.741.000.000 kr. Telur Ríkisendurskoðun eðlilegt að við hlutafjárúkningu bankans hafi verið horft framhjá óráðstöfuðu eigin fé upp á 17,8 milljarða við ákvörðun á skiptahlutföllum?

Svar: Í svari Ríkisendurskoðunar til fjárlaganefndar frá 3. júlí 2015 kom m.a. fram að ríkið hafi selt bankana á verði sem var í samræmi við bókfært verðmæti þess fjár sem það lagði fram vegna stofnunar þeirra en ekki verði sem svarar til innra virði þeirra í árslok 2009. Ætla megi að verðmætið hafi grundvallast á þeirri forsendu sem stjórnvöld gengu útfrá um að nýju bankarnir skyldu greiða sannvirði fyrir þær eignir sem þeir tóku yfir frá gömlu bönkunum. Ríkisendurskoðun sagði síðan að rétt væri að fjármála- og efnahagsráðuneytið skýrði frekar sjónarmið ríkisins um verðmat á bönkunum. Þá má nefna að Bankasýsla fjallaði um þetta í svari sínu til fjárlaganefndar þann 1. júlí 2015.

Minnisblað

Viðtakandi: Fjárlaganefnd, Vigdís Hauksdóttir

Sendandi: ríkisendurskoðandi / 

Efni: Svar við fyrirspurn fjárlaganefndar um skuldabréf sem gefin voru út í tengslum við hlutafjárukningu Íslandsbanka hf. og kaup Glitnis á hlutum í bankanum

Hlutafjárukning Íslandsbanka 2009

1. Hvað afhenti ríkið marga nafnsverðshluti af RSKH 18 1009 í tengslum við þessa hlutafjárukningu?
2. Hvaða dag voru þessi bréf afhent?
3. Til hvaða dags höfðu vextir af þessu bréfi verið greiddir við afhendingu?

Svar

Við yfirtöku Glitnis hf. í byrjun október 2008 lagði ríkissjóður fram 775 m.kr. stofnframlag til bankans. Fyrirætlunin var síðan að auka hlutaféð þegar fyrir lægi endanlegt mat á yfirfærðum eignum frá slitabúinu. Niðurstaða matsins fékkst 15.10.2009 og var þar lagt til að stofnfjárukning til Íslandsbanka næmi 64,25 ma.kr. Stofnframlagið var greitt með ríkis-skuldabréfum RIKH 18. Lokið var við frágang bréfanna þann 08.01.2010 og miðast vaxtaútreikningar við þann tíma, en færslur eru gerðar m.v. 31.12.2009 eins og kemur fram í ársreikningi Íslandsbanka í árslok 2009. Niðurstaða hlutafjárukningarinnar var eftirfarandi.

	Dags	Gengi	Nafnverð	Yfirverð	Samtals
Stofnframlag	8.10.2008	1,00	775.000	0	775.000
Aukning RIKH 18	21.10.2008	6,95	9.225.000	55.000.000	64.064.841
Áfallnir vextir við afhendingu	21.10.2008				160.159
Ahent RIKH 18/m afölinum vöxtum					64.225.000
Samtals m.kr			10.000.000	55.000.000	65.000.000

Endurgreiðslur Glitnis í tengslum við kaup Glitnis á 95% hlut í Íslandsbanka 2009

1. Hvað fékk ríkið marga nafnsverðshluti af RSKH 18 1009 afhenta við sölu á 95% hlut í Íslandsbanka til Glitnis
2. Hvaða dag voru þessi bréf afhent?
3. Til hvaða dags höfðu vextir af þessu bréfi verið greiddir við afhendingu?

Svar

Sala á eignarhlut.

Í meðfylgjandi töflu kemur fram greining á sölu eignarhluta ríkissjóðs. Salan er miðuð við 31.12.2009, en vaxtaútreikningarnir m.v. 08.01.2010.

Bankinn átti að endurgreiða 58,5 ma.kr. og gerði hann það með því að skila til baka andvirði 33,8 ma.kr. í RÍKH 18. Hann hélt eftir RÍKH 18 að verðmæti 24,8 ma.kr., sem hann gat notað með því að selja á markaði til að bæta lausafjárstöðuna sína. Á móti þessum 24,8 ma.kr. sem hann hélt eftir af RÍKH 18 gaf bankinn út víkjandi kúlulán til 10 ára. Bankinn hefur greitt upp lánið.

	Dags	Gengi	Nafnverð	Yfirverð	Samtals
Sala	31.12.2009	6,16	9.500.000	49.007.512	58.507.512
Víkjandi lán	31.12.2009		0	0	-24.842.559
Skilar RÍKH 18	31.12.2009		0	0	-33.800.840
Áfallnir vextir	31.12.2009		0	0	135.887
Samtals m.kr			9.500.000	49.007.512	0

Greining á vaxtaútreikningi.

Ríkissjóður greiddi samtals 9,1 ma.kr. í vexti á tímabilinu af RÍKH 18. Við uppgjörið endurgreiddi Íslandsbanki tæpa 8,1 ma.kr. og ríkissjóður tók á sig tæpan 1,1 ma.kr. Ástæða þess að ríkissjóður tók á sig 1,1 ma.kr. vexti má rekja til hlutar þess í eiginfjárframlaginu í 15 mánuði og af víkjandi láni frá 9. des 2009 til afhendingardags 8. jan. 2010.

	Dags	Peningar
Greiddir vextir	8.10.2009	8.629.178
Greiddir vextir	8.11.2009	496.503
Samtals vaxtagreiðslur ríkissjóðs		9.125.681
Íslandsbanki endurgreiðir		-8.055.451
Vaxtahluti ríkissjóðs m.kr		1.070.229

Greining á vaxtahlut ríkissjóðs

Kaupverð	6.332.329
Greitt	-775.000
	<u>5.557.329</u>
Vaxtatímabil 8/10/2008-8/1 2010	878.753
Veitt víkjandi lán	24.842.559
Áfallnir vextir við afhendingu RÍKH 18	-135.887
	<u>24.706.672</u>
Vaxtatímabil 9/12 2009 -8/1 2010	191.477
Samtals vextir m.kr	1.070.229



Reykjavík, 2. maí 2016

1604203

Ríkisendurskoðun
B.t. til Sveins Arasonar, ríkisendurskoðanda,
Bríetartúni 7
150 Reykjavík

Visað er til svars Ríkisendurskoðunar frá 15. apríl sl. vegna fyrirspurnar um uppgjör vegna Arionbanka.

Þar er í svari við töluð 3. tilgreint að nafnverðishlutir að fjárhæð 32.729.611.035 kr. hafi verið afhentir ríkissjóði þann 8. janúar 2010. Spurt hvort að Ríkisendurskoðun geti staðfest að ofangreindir nafnverðishlutir hafi verið afhentir ríkissjóði á þessum degi?

Í tengslum við sölu á ríkisins á 87% hlut í Arionbanka til Kaupskila þá afhenti Seðlabankinn veðlán sem Kaupping hafði lagt fram sem tryggingu til bankans vegna viðskipta. Við hlutafjárúkningu Arion var þetta sama lánasafn metið á 22,8 milljarða kr. umfram þær skuldir sem hvíldu á lánasafninu. Af þessu tilefni er óskað eftir því að Ríkisendurskoðun svari eftirfarandi spurningum.

1. Hvert var nafnverð þeirra krafna sem fluttar voru til Arion og á hvaða verði voru þær fluttar yfir?
2. Var framkvæmt mat á því hvert áætlað dagverð þeirra var?
3. Var gengið frá fullnaðaruppgjöri Kaupþings við Seðlabankann samhliða þessum flutningi?
4. Varð Seðlabankinn fyrir tjóni í tengslum við uppgjör þetta og ef svo er, hvert var áætlað tjón bankans?

Þess er óskað að Ríkisendurskoðun afli svara við ofangreindum spurningum sem allra fyrst.

Virðingarfyllst,

Vigdís Hauksdóttir

Guðlaugur Þór Þórðarson

FJÁRLAGANEFND



RÍKISENDURSKOÐUN

Bréttarhluti 7, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Fjárlaganefnd Alþingis
Vigdís Hauksdóttir, formaður
Alþingi
150 Reykjavík

Dagsetning
31. maí 2016

Tilvísun
16040004
11.02
SA/bb

Við er til bréfs fjárlaganefndar, dags. 2. maí sl., þar sem óskað var eftir tilteknum upplýsingum í tengslum við sölu ríkisins á 87% hlut ríkisins í Arion banka til Kaupskila á árinu 2009.

Með því að fyrirspurnin beindist að aðkomu Seðlabanka Íslands að þessum viðskiptum og þar sem Ríkisendurskoðun hefur ekki gögn þar um þá framsendi stofnunin fyrirspurn fjárlaganefndar til Seðlabanka Íslands með bréfi dags. 11. maí sl.

Ríkisendurskoðun hefur fengið skriflegt svar frá Seðlabankanum, dags. 27. maí sl., og kemur þar m.a. fram að mat á verðmæti krafna sem fluttar voru yfir til Arion banka hf. og eignum sem stóðu til trygginga kröfum hafi verið framkvæmt af fyrirtækinu Capacent. Þó svo að endanlegt uppgjör hafi ekki verið samhliða afhendingu þá er það mat bankans að hann hafi ekki orðið fyrir tjóni vegna þessa uppgjörs.

Í bréfinu bendir Seðlabankinn á að samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands þá eru umbeðnar upplýsingar háðar ríkri þagnarskyldu en í ákvæðinu segir m.a. „... starfsmenn Seðlabanka Íslands eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem varðar hagi viðskiptamanna bankans og málefni bankans sjálfs, svo og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða til lögreglu eða skylt sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt.“

Það skal tekið fram að Ríkisendurskoðun hefur viðtækar heimildir til að afla sér upplýsinga og gagna sem trúnaður ríkir um eins og hér er rakið. Stofnunin er þá bundin þeim trúnaði.

Að síðustu vill Ríkisendurskoðun minna á að í 51. og 52. gr. laga nr. 55/1991 um þingsköp Alþingis eru ákvæði um trúnaðarskyldur Alþingis vegna upplýsinga og gagna sem afhent eru Alþingi og trúnaður ríkir um.

Afrit: Seðlabanki Íslands



Reykjavík, 2. maí 2016

Fjársýsla ríkisins
B.t. til Inghórs K. Eiríkssonar
Vegmúla 3
108 Reykjavík

Í tengslum við lagaheimildir til að breyta eignarhlut ríkisins í viðskiptabörkum í samningum við skilanefndir gömlu bankanna er óskað eftir því að Fjársýsla ríkisins svari eins og kostur er eftirfarandi spurningum meiri hluta fjárlaganefndar Alþingis varðandi söluá á Íslandsbanka.

1. Í tengslum við sölu ríkisins á 95% hlut í Íslandsbanka til Glitnis:
 - a. Hvað fékk ríkið marga nafnverðs hluta Af RSKH 18 1009 greidda til baka?
 - b. Hvaða dag fékk ríkið þessa hluti afhenta?
 - c. Höfðu vextir verið greiddir af þessum bréfum fram til afhendingadags?
2. Í tengslum við sölu ríkisins á 95% hlut í Íslandsbanka til Glitnis var Íslandsbanka veitt víkjandi lán?
 - a. Var breytiréttur í þessu láni og ef svo er hvernig var honum háttað?
 - b. Er búið að greiða þetta lán til baka?
3. Í tengslum við sölu ríkisins á 95% hlut í Íslandsbanka til Glitnis var Íslandsbanka veitt lausafjárþingreiðsla er hún enn í gildi?
4. Í tengslum við kaup Íslandsbanka á Byr var Íslandsbanka veitt lausafjárþingreiðsla:
 - a. Á hvað kjörum var hún?
 - b. Er hún enn við í gildi?
5. Í tengslum við flutning á veðsettu húnæðislánasafni Glitnis til Íslandsbanka er hægt að upplýsa:
 - a. Hver var nafnverð þeirra krafna sem fluttar til ISB og á hvaða verði voru þær fluttar til ISB?
 - b. Var gert mat á því hver áætlað dagverð þeirra var?
 - c. Var gengið frá fullnaðar uppgjöri Glitnis við Seðlabankann samhliða þessum flutningi?
 - d. Varð Seðlabankinn fyrir tjóni í tengslum við uppgjör þetta og ef svo hvert var áætlað tjón Seðlabankans af þessum viðskiptum?


FJÁRLAGANEFND

6. Ríkisjóður lagði til 65 milljarða kr. í hlutafé til Íslandsbanka í formi RSKH 18 1009 og reiðufjár. Við sölu á 95% hlut til Glitnis virðist hlutdeild ríkisins í uppsöfnuðu eigin fé gefin eftir, en uppsafnað eigið fé bankans í árslok 2009 nam 26 milljörðum kr.

a. Í ljósi þess að í hlut Glitnis koma 95% af arði bankans frá stofndegi er þá ekki óeðlilegt að selja 95% af 65 milljarða hlutafjárframlagi fyrir 52 milljarða kr. ?

Afrit: Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Virðingarfyllst,
f. h. meiri hluta fjárlaganefndar



Guðlaugur Þór Þórðarson

FJÁRLAGANEFND

Fjárlaganefnd Alþingis
b/t Guðlaugs Þórs Þórðarsonar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. maí 2016

Málefni: Fyrirspurn frá fjárlaganefnd Alþingis frá 2. maí 2016, vegna Íslandsbanka hf.

Vísað er til fyrirspurnar fjárlaganefndar í tengslum þær eignabreytingar sem urðu hjá Íslandsbanka hf. vegna viðsamninga sem gerðir voru við skilanefndir Glitnis banka hf., í tengslum við uppgjör yfirtekinna eigna og skulda í kjölfar ákvarðana Fjármálaeftirlitsins, sbr. lög nr. 138/2009, um heimild til að staðfesta breytingar á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf., Arion banka hf. og NBI hf.

Í spurningum nefndarinnar er talað um RSKH 18 1009 bréf sem er heiti þeirra bréfa sem notuð voru í viðskiptum. Heitið RIKH er notað í svörunum þegar fjallað er um þessi bréf. Formlega voru bréfin ekki gefin út og skráð fyrr en í september 2009 (eða síðar) þó þau hafi verið vaxtareiknuð eins og þau hafi verið gefin út og skráð 15. október 2008.

Meðfylgjandi er úr skýringum í ársreikningi Íslandsbanka fyrir árið 2008 (ársreikningur dagsettur í des 2009, sjá heimasíðu bankans) sem skýrir betur hvernig staðið var að þessu:

Equity

47. According to the Parent Company's Articles of Association the total number of shares issued on incorporation was 10,000 million. At 15.10.2008 paid in share capital totalled ISK 775m. The Icelandic Government pledged to provide additional start up capital totalling ISK 64,225m and this share capital was paid in full in September 2009. The total share capital at 31.12.2008 is therefore stated as ISK 65,000m. The Bond issued by the Icelandic Government for the share capital is interest-bearing with a variable rate of interest based on the rate published by the Central Bank of Iceland as the interest rate on credit institutions' current accounts. The interest is payable retroactively and the first interest accrual date is 15 October 2008. First interest payment date is 8 October 2009.

Meðfylgjandi er úr skýrslu stjórnar bankans í ársreikningi fyrir árið 2009 (sjá heimasíðu bankans) til enn frekari skýringar:

Stofnun og eignarhald

Bankinn var stofnaður 8. október 2008 og hóf starfsemi 15. október 2008 þegar bankinn yfirtók eignir og skuldir sem tengdust innlandsstarfsemi Glitnis banka hf. („Glitni“), en hann hafði verið yfirtekin af ríðinu í kjölfar samningar neyðarlaga í október 2008.

Þann 15. október 2009 nýtti skilanefnd Glitnis kauprétt sinn til þess að eignast 95% af hlutafé bankans af stjórnvöldum sem héldu eftir 5% af hlutafénu. Kaupin tóku gildi 11. september 2009.

Svör við spurningum:

1. a.) Þegar hlutafé í Íslandsbanka var aukið í 65 milljarða þá var greitt með RIKH bréfum að nafnverði kr. 64.064.841.397 auk áfallinna vaxta kr. 160.158.603, sjá ennfremur meðfylgjandi úr ársreikningi bankans. Í tengslum við samkomulag við kröfuhafa um yfirtöku 95% hlutarins skillaði bankinn RIKH bréfum að nafnverði kr. 33.800.839.756 og skuldabréfi með vijkjandi skilmálum að nafnverði kr. 24.842.558.906. (sbr. lið 2). Samtala þessa kr. 58.507.511.965 (+ áfallnir vextir kr. 135.886.697).

1. b) Dagsetning afhendingar bréfanna kemur ekki fram en vextir voru greiddir til 8/11 2009 en síðan endurgreiddir 8/1 2010, sjá ennfremur afrit úr skýringum og skýrslu stjórnar hér að ofan varðandi dagsetningar.

1. c) Vextir voru greiddir af RIKH bréfunum til 8/11 2009 samtals kr. 9.125.680.741 en síðan endurgreiddi Íslandsbanki hluta vaxtanna sem tilheyrði þeim hluta hlutabréfanna sem var skilað samtals kr. 8.055.451.315. Nettó eru greiddir vextir kr. 1.070.229.426 (kr. 160.158.603 áfallinn við afhendingu) vegna RIKH bréfanna sem voru að fjárhæð kr. 30.264.001.641 fyrir tímabilið 15/9 2008 - 8/1 2010 en hluti RIKH bréfanna, þ.e. vegna víkjandi lánsins kr. 24.842.558.906, bera ekki vexti nema síðustu 3-4 mánuði tímabilsins.

2. Kjör víkjandi lánsins fól ekki í sér breytirétt í hlutafé samkvæmt framangreindu samkomulagi um eignabreytingar og var lánið greitt upp í desember 2015.

3. Lausafjárfyrirgreiðsla var ekki veitt í tengslum við eignabreytingarnar. Afhending RIKH bréfa gegn víkjandi láni var gerð til að mæta því gjaldeyrismisvægi sem var til staðar í efnahag bankans.

4. Lausafjárfyrirgreiðsla vegna kaupa Íslandsbanka á hlutafé í BYR var ekki veitt samkvæmt upplýsingum Fjársýslunnar. Kaupverð var greitt með skuldabréfi að fjárhæð 765.244.403 og voru kjör þess "eins mánaðar REIBOR" + 1,75%. Lán þetta var greitt upp á árinu 2015 en lokagjaldlagi þess var 23/11 2015.


5. Fjársýslan kom hvorki að ákvörðunum um né framkvæmd flutninga á veðsettu húsnæðislánasafni Glitnis til Íslandabanka og hefur því ekki upplýsingar til að svara þessum lið.

6. Rétt er að við hlutafjárukningu skráði ríkið sig fyrir aukningu upp í 65 milljarða en af gögnum má ráða að greiðsla hafi ekki átt sér stað við aukninguna. Skv. skýringu í ársreikninga Íslandsbanka 2008, sjá svarlið 1 a., segir að aukningin hafi ekki verið greidd fyrr en í september 2009. Ríkið fékk til baka ígildi nafnverðs 58.507.511.965 RIKH bréfa vegna þessa 95% hlutar.

Eignabreytingarnar voru liður í samningum ríkisins við kröfuhafa gamla bankans um uppgjör eigna og skulda sem fluttar voru yfir í hinn nýja banka á grundvelli neyðarlaganna. Fjársýslan hefur ekki forsendur til að leggja sérstakt mat á slíka samninga, forsögu þeirra eða þær samningaviðræður sem leiddu til umræddrar niðurstöðu.

Virðingarfyllt,

fh. Fjársýslu ríkisins



Ingþór Karl Eiríksson, fjársýslustjóri

5.

**Bankasýsla ríkisins: Svar við fyrirspurn
um skuld nýja Landsbanka Íslands við
þrotabú gamla bankans.**

Alþingi
vt. Guðlaugur Þór Þórðarson
varaformaður fjárlaganefndar
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. maí 2016


Efni: Fyrirspurn varðandi skuld Landsbankans hf. við Landsbanka Íslands hf.

Vísað er til erindis yðar, dags. 2. maí 2016. Í því er óskað eftir að Bankasýsla ríkisins afli ákveðna upplýsinga frá Landsbankanum hf. Í bréfinu er því lýst að á stofndegi hafi Landsbankinn hf. skuldað Landsbanka Íslands hf. (nú LBI hf.) skv. samkomulagi 274,8 ma.kr. en í bókhaldi bankans í árslok 2008 hafi þessi fjárhæð verið komin í 305 ma.kr. Óskaði meirihluti fjárlaganefndar eftir upplýsingum um hvaða kjör voru á þessari skuld Landsbankans hf. við Landsbanka Íslands hf. Bankasýsla ríkisins framsendi erindið á Landsbankann hf. og óskaði eftir þessum upplýsingum.

Umbeðnar upplýsingar koma fram í ársreikningi Landsbankans hf. fyrir árið 2008, sem samþykktur var af stjórn hans þann 22. janúar 2010, og í ársreikningi fyrir árið 2009, sem samþykktur var af stjórn 8. apríl 2010. Ástæðan fyrir því að reikningar voru samþykktir þetta seint var m.a. að samningaviðræður stóðu yfir til þann 15. desember 2009 varðandi ýmis atriði tengd stofnun bankans á milli íslenska ríkisins og bankanna tveggja.

Í fyrrgreindu samkomulagi frá 15. desember 2009 var gengið frá ýmsum atriðum varðandi stofnun Landsbankans hf., þar með talið fjárhæð skuldar við gamla bankann, myntsamsetningu og kjör þeirra lána frá stofnun bankans í október 2008, eignarhlut gamla bankans í nýja bankanum og fleiri atriði. Samkvæmt þessu samkomulagi var skuld vegna stofnun bankans til tíu ára. Fyrstu fimm árin voru afborgunarlaus og vextir voru EURIBOR/LIBOR með 1,75% vaxtaálagi. Seinni fimm árin voru vextir einnig EURIBOR/LIBOR en með 2,9% vaxtaálagi. Um ráðstöfun eigna og skulda Landsbanka Íslands hf. til Landsbankans hf. og kjör skuldarinnar er fjallað um í skýringu nr. 4 í ársreikningi fyrir árið 2008 og í skýringum nr. 20 og 21 í ársreikningi fyrir árið 2009. Ársreikningarnir eru aðgengilegir á vef Landsbankans.

Virðingarfyllt,


Jón G. Jónsson
Forstjóri

6.

**Fjármála- og efnahagsráðuneytið: Svör
við fyrirspurnum varðandi
hluthafasamning Kaupskila hf. og
ríkisins.**

	<i>Fjármála- og efnahagsráðuneytið</i>	
	<i>Minnisblað</i>	

Viðtakandi: Fjárlaganefnd Alþingis

Sendandi: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Dagsetning: 11.03.2016

Málsnúmer: FJR16030051

Bréfalykill: 0.4.3

Efni: Svar fjármála- og efnahagsráðuneytis við spurningum 1 og 4

Svar við spurningu nr. 1 (hluthafasamningur Kaupskila hf. og íslenska ríkisins)

Í spurningunni segir að í gögnum FME komi fram að Kaupskil hafi verið stofnað með 100 milljónum í hlutafé „*gegn 87% eignarhlut í Arion banka og vitnað til komandi hluthafasamkomulags slitastjórnarinnar og íslenska ríkisins*“. Síðan er spurt um það hvernig það samkomulag hafi verið.

Svar fjármála- og efnahagsráðuneytisins: Til að eignast 87% hlutfjár í Arion banka lögðu Kaupskil fram hlutafé í Arion banka hf. Á hluthafafundi bankans í janúar 2010 var eftirfarandi samþykkt:

Um leið og hlutafé er lækkað í samræmi við framangreint skal það hækkað sem nemur fjárhæð kr. 1.740.000.000 að nafnvirði og verður heildarhlutafé eftir hækkun kr. 2.000.000.000,- (krónur tveirmilljarðar 00/100). Gengi á hækkuninni skal vera 37,9310344. Heimilt verði að taka við greiðslu nýrra hluta í formi annarra verðmæta en reiðufjár enda liggja fyrir sérfræðiskýrsla, sbr. 37. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, sbr. 6. gr., 7. gr. og 8. gr. sömu laga, þess efnis að verðmætin séu að lágmarki jafnverðmæt þeim hlutum sem þau koma sem greiðsla fyrir. Áskrift skal fara fram á hluthafafundi þar sem tillaga þessi er samþykkt, vikur frá samþykkt tillögunnar og greiðsla fari fram innan tveggja vikna frá áskrift. Íslenska ríkið skal falla frá áskriftarrétti sínum til nýrra hluta. Einungis Kaupskilum ehf. skal boðinn réttur að áskrift til nýrra hluta. Hinir nýju hlutir verða gefnir út í sama flokki og þeir hlutir sem fyrir eru og veita þeir réttindi í félaginu frá lokum aðalfundar þar sem hækkunin er samþykkt enda fái áskrift fyrir viðkomandi hlutum á fundinum. Áætlaður kostnaður við hlutfjárhækkunina (stimpilgjöld) er kr. 10.000.000.

Þannig greiddu Kaupskil um 66 milljarða króna fyrir 87% heildarhlutfjár (1.740.000.000 x 37,9310344). Hlutafé hafði áður verið lækkað og íslenska ríkinu greitt til baka það framlag sem áður hafði verið sett inn, að teknu tilliti til 13% eignarhlutar og uppgjörs vegna rekstrarafkomu og vaxta.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd hefur áður verið afhent skjal í trúnaði sem lýsir þessu ferli og beri heitið „*Kaupthing Capitalisation Agreement*“.

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hafði áður úrskurðað að skjalið skyldi að hluta háð trúnaði, sbr. úrskurð nefndarinnar frá 3. júlí 2013. Er þar um að ræða 9. gr. samningsins sem varðar framsal tiltekinna eigna milli gamla og nýja Kaupþings, svo og 5. viðauka þar sem tilteknir viðskiptamenn munu vera nafngreindir. Skjalið er meðfylgjandi ásamt viðkomandi úrskurði.

Svar við spurningu nr. 4 – Hluthafasamningur Kaupskila og íslenska ríkisins

Um er að ræða skjal með yfirskrifinni Shareholders Agreement frá 3. september 2009, sem lýsir samskiptum hluthafa, s.s. varðandi forkaupsrétt, kauprétt o.fl.

Hluthafasamningurinn var birtur á heimasíðu Fjármálaráðuneytisins
https://www.fiarmalaraduneyti.is/media/skjal/Shareholders_agreement_03_09_2009.pdf

Samkvæmt úrskurði úrskurðarnefndar um upplýsingarmál voru tiltekin ákvæði háð trúnaði. Upplýsingar sem varða tiltekin viðskipta- og fjárhagsmálefni hluthafa í greinum 1.1, 5.1, 9.4 og 9.6 voru fjarlægðar í samræmi við ákvæði 5. gr. upplýsingalaga og úrskurð úrskurðarnefndar um upplýsingamál frá 29. júní 2012 í máli nr. A-436/2012. Um er að ræða ákvæði er varða hluthafavernd annars vegar og verð kaupréttar hins vegar.

7.

**Fundargerðir stýrinefndar
ríkisstjórnarinnar og Hawpoint.**

Fundargerð númer 1 vantar

Fundargerð – 2. fundur stýrinefndar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint

Málsnúmer: FOR09030068

Skráð: 20. mars 2009

Eigandi skjals: Tómas Brynjólfsson(FOR/NotesSTJR)

Fundargerð: 2. fundur stýrinefndar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint (fjármáalegur ráðgjafi ríkisstjórnarinnar) kl. 10 þann 17. mars 2009, Fjármálaráðuneytinu, Reykjavík.

Viðstaddir

Guðmundur Árnason (formaður í fjarveru indriða H. Þorlákssonar), Mats Josefsson, Þórhallur Arason, Þorsteinn Þorsteinsson, Helga Valfells fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Daníel Svavarsson frá Seðlabankanum. Paul Baines, Andrew Lynn, Charles Williams, Andrew Speirs og Rupert Pepper frá Hawkpoint. Tómas Brynjólfsson, ritari nefndarinnar.

1. Guðmundur Árnason fer yfir fyrsta fund stýrinefndarinnar þann 10. mars.
2. Hr. Baines fór fyrir kynningu Hawkpoint á drögum að fyrsta mati, sem dreift var til nefndarinnar. Hann sagði skbr./fjármálagerninginn vera líklegt að verða mjög flókið. Einnig væri ekki skýrt fyrir hvern Deloitte væri að vinna, sem þyrfti að skýra vegna allra sem hlut ættu að máli. Hr. Baines sagði einnig að kröfuhafar væri ánægðir með að eitthvað væri nú að gerast og að þeir hefðu einhvern að tala við.

Hr. Árnason sagði það mikilvægt að viðhalda öguðum viðræðum við kröfuhafana. Það þyrfti að vera sameiginlegur skilningur hver væri bær til að tala við hvern. Hann sagði það mikilvægt að trufla ekki samband skilaneftanna og kröfuhafanna. Ríkið vill friðþægja kröfuhafa eins og mögulegt er. Samningaviðræðurnar eru hinsvegar, tvíhliða milli ríkisins og fjármáalegra ráðgjafa gömlu bankanna.

Hr. Baines sagði að Hawkpoint hefðu tekið á móti fjölda beiðna um fundi frá kröfuhöfunum. Hawkpoint væri núna reiðubúið að hlusta en fundir væru takmarkaðir við óformlegar samræður. Skilaneftirnir ættu hinsvegar ekki að vera útilokaðar frá málinu. Hr. Baines sagði að það væri mikilvægt að ná skipulagi bankanna réttu. Ríkisstjórnin þyrfti að átta sig á hverju hún vildi ná fram. Hann sagði að Hawkpoint liti svo á að það væri ekki í þágu ríkisstjórnarinnar að bjóða hlutafé til utanaðkomandi fjárfesta í gegnum skbr./fjármálagjörninginn.

3. Hawkpoint dró fram grunnatriði sem snéri að bönkunum:

- a. gæði inneigna
- b. FX ójafnvægi (gengislán)
- c. verðtryggingarmisræmi
- d. stöðugleiki innlána
- e. breytingar eftir stofnfærslur

a. Gæði inneigna

- Lán til eignarhaldsfélaga voru færð niður um 75% í október. Það kæmi Deloitte ekki á óvart ef þetta hlutfall yrði hærra.
- Einstaklingar virðast ná að vera í skilum með skuldir sínar.
- Stærstu vandamálin í tengslum við FX lán. Þessi lán eru í mörgum tilvikum ekki í skilum vegna ákvarðana ríkisstjórnarinnar.

Andrew Lynn sagði bankana vita verkefni framundan. Hinsvegar efist Hawkpoint um að bankarnir hafi nægjanlegan mannafla, þrátt fyrir að þeir séu með rétta hugarfarið. Gott fólk er að yfirgefa bankana. Hann efaðist jafnframt hvort nægjanlegan löglærðan mannafla til að slíta öllum fyrirtækjunum. Svo virðist sem bankarnir séu að bíða eftir Deloitte niðurstöðu. Bankarnir segjast þurfa niðurstöður Deloitte til að halda áfram með málið.

Hr. Josefsson sagðist hræðast að enginn væri að hafa eftirlit með bönkunum. Hann sagði það geta tekið tvo mánuði til viðbótar að setja upp the AMC.

Hawkpoint sagði að stjórnir bankanna þyrftu að gera sér grein fyrir að endurskiplagning væri þeirra mikilvægasta verkefni núna. Eigandi bankanna þarf í þessu ástandi að hámarka virði í endurskiplagningarferlinu. Það væri ótti um að starfsfólkið væri ekki nógu reynt eða áhugasamt til að ljúka endurskiplagningarferlinu, miðað við þrautþjálfaða og reynda alþjóðlega endurskiplagningar sérfræðinga. Ferlið er sérlega flókið og það er þörf fyrir að ríkisstjórnin setji eftirlit í gang. Afskriftir er hættulegasta leiðin við núverandi aðstæður að álitu Hawkpoint.

Frú Valfells efaðist um hvort stjórnirnar hefðu réttu þekkinguna til að fást við þetta ferli.

Hr. Speirs sagði að stjórnirnar sæu ekki að endurskiplagning væru þeirra megin verkefni.

Hr. Þorsteinsson spurði hvort AGS (IMF) gæti sent endurskiplagningar tæknilegt aðstoðarlið. Hr. Josefsson sagði að AGS gæti ekki ráðlagt einstaka fyrirtækjum (bankarnir). Hann lagði til World bank eða IFC sem hugsanlega valkosti. Hann sagði að AGS hefði séð fyrir ráðningu um 20-30 manna liðs úr einkageiranum. Það gæti farið í bankana og fundið útlán í vanskilum. Einhver lán yrðu flutt til AMC. Markmiðið væri hinsvegar, að halda eins stórum hluta innan bankanna og að bankarnir yrðu að greiða fyrir þessa þjónustu.

Hawkpoint sagði það vera mikilvægt að AMC skipulagið væri sett upp til að hjálpa bönkunum, ekki í andstöðu við þá.

Hr. Svavarsson sagði að ríkisstjórnin þyrfti að vera leiðandi í að setja reglurnar um viðskipta siðferði.

Hr. Árnason sagði mikilvægt fyrir eigandann að leggja línur og meta sína hagsmuni. Stefnu þyrfti að móta hjá fjármálaráðuneytinu og framkvæma í hverjum banka fyrir sig. Þar vantaði einbeitingu og getu við endurskiplagninguna.

Hr. Arason sagði að Fjármálaráðuneytið hefði nú þegar ráðið sérfræðing á þessu sviði.

b. FX misvægi.

Hawkpoint sagði að skbr./fjármálagjörningurinn gæti ekki leyst úr FX ójafnvæginu í heild. Það er þörf á að leysa þetta vandamál hratt, þar sem bankarnir hafi stóra niðurfærða stöðu FX gengislána. Hawkpoint kynnti nokkrar leiðir til að leysa FX misvægið, með skbr./fjármálagjörningi í gegnum ríkisstjórnina, með skipti fyrirkomulagi, með endurskiplagningu FX lána í innlend lán og með skiptum við gömlu bankana sem mótaðila. Hawkpoint sagði það vera mikilvægt að nota skipti við Seðlabankann fyrir stóran skerf af vandamálinu.

Hr. Svavarsson benti á að það væru ákveðin vandamál við skiptinguna, þ.e. að bankarnir eru að stórum hluta langir svissneskir frankar og japönsk jen.[sic] Skiptingin gæti jafnframt aðeins leyst hluta vandamálsins. Bankarnir þyrftu að enduruppfæra myntlánin eins og þeir gætu. Hann vildi að bankarnir kæmu með tillögur að skiptum við ríkisstjórnina (ríkið). Þessar tillögur yrðu síðan metnar.

Hr. Þorsteinsson lagði áherslu á að misvægi FX ójafnvægis yrði skipt út frá október til að útrýma neikvæða stöðu síðan þá og þurrka út tap bankana af þessu vandamáli. Skiptin skildu vera í takmarkaðan tíma svo bankarnir gætu klárað FX útlánin. Hann vildi einnig skiptin til að útrýma vaxtastigs áhættu.

Hr. Svavarsson benti á að skipti frá október gætu verið vandasöm gagnvart öðrum fjármálastofnunum. Fjármálaráðuneytið hefði því þegar rætt þetta vandamál. Kostnaður gæti einnig orðið áhyggjuefni vegna samninga við AGS um að framhalda ekki þjónýtingu taps.

Hr. Williams sagði að bankarnir væru að gera ráð fyrir að þessari áhættu yrði skipt út og að þeir þyrftu ekki að aðhafast sjálfir. Hann sagði að bankarnir þyrftu að leiða framkvæmdina en að hún þyrfti eftirlit og yfirsýn

frá ríkisstjórninni.

Hr. Josefsson benti á að allt þetta ójafnvægi þyrfti að vera leiðrétt áður en endurskoðuninni lýkur þann 15. apríl.

Hr. Williams og hr. Josefsson sögðu að eigendur bankanna þyrftu að beina athyglinni að því að leiða þessa framkvæmd.

Hr. Arason sagði að vinnuhópur um FX ójafnvægið, myndi fljótlega skila loka tillögum og að allir (í fjármálaráðuneytinu) skyldu vandamálið.

Hr. Josefsson og hr. Svavarsson sögðu að það væri lyklatríði að ríkið gæti ekki tekið á sig meiri kostnað vegna AGS áætlunarinnar.

c. Verðtryggingaójafnvægi

Hawkpoint bent á að lægri verðbólga hjálpaði ójafnvægi verðtryggingar. Verðtrygginga misræmi er jafnframt víðráðanlegra í gegnum skbr. / fjármálagjörninginn heldur en FX ójafnvægið. Það er líka til staðar fjármálaleg leið í gegnum HFF. Breytingar á lögum og reglugerðum sem takmörkuðu verðtryggingu við langtímalán gætu jafnframt leyst hluta þessa vandamáls.

Bankarnir hinsvegar byggjust við að skbr. / fjármálagjörningurinn myndi einnig leysa þennan mismun.

Hr. Svavarsson ítrekaði að bankarnir þyrftu að hreinsa upp þetta ójafnvægi áður en þeir gætu átt von á skipti samningum við Seðlabankann.

Hr. Þorsteinsson vill leysa ójafnvægi vísitölu, í gegnum skiptisamning. Seðlabankinn þarf einnig að setja reglur um verðtryggingu því minni líkur væru á áhættuvörn í núverandi umhverfi.

Frú Valfells sagði að Seðlabankinn yrði að reikna út kostnað við frystingu veðlána.

d. Stöðugleiki innlána

Hawkpoint sagði að innlán gætu dregist saman í kjölfar afléttingar gjaldeyrishafta. Lífeyrissjóðir eru einnig mjög ríkir af lausafé um þessar mundir. Það er möguleiki að þessi innlán muni lækka umtalsvert þegar þau færast í aðrar fjárfestingar.

e. Hreyfingar eftir stofnfærslur

Hr. Árnason sagði að það hefðu verið tvær stórar tilfærslur á eignum, sem í raun hefðu tilheyrt erlenda hluta bankans, (sem í eðli sínu hefðu tilheyrt gamla bankanum). Hann sagði að tilfærslur frá nýju til gömlu bankanna þyrftu að verða samþykktar. Samkvæmt ítarlegum samræðum við Landsbanka hefðu allar tilfærslur verið samþykktar að fullu.

Hr. Josefsson sagði að honum líkaði ekki eignatilfærslurnar þar sem þær skekktu myndina. Hann vildi vita hver átti upphafið að tilfærslunum.

Hr. Williams sagði að það væri mjög mikilvægt að skrá allar tilfærslur og að skynsemin væri ljós og í samræmi við upphaflegu skilin.

Hr. Árnason lagði til að spurningin um eignatilfærslur yrði lögð fyrir samræmingarnefndina.

4. Framgangan til þessa.

Hawkpoint hefur hitt alla fjárhagsráðgjafa gömlu bankanna. Morgan Stanley þykja erfiðastir að eiga við, á meðan Barcap finnst sem þeir hafi minni upplýsingar en hinir. Þeir óttast einnig að kröfuhafarnir muni beina ágreiningsmálum sínum til dómstólanna. Fjárhagsráðgjafarnir vilja að óháðir aðilar hafi aðgang að ítarlegum upplýsingum í Deloitte ferlinu. Það er þörf á að skýra hvaða gögn nýju bankarnir skuli afhenda

fjárhags ráðgjöfunum. Hawkpoint hefur áhyggjur af stjórnun vegna eignarhalds ríkisins.

Hr. Williams benti á að FME hafi sent bréf vegna skipta á upplýsingum. Þær ráðleggingar hafi hinsvegar verið túlkaðar á mismunandi hátt. Það var samþykkt að fjármálaráðuneytið þyrfti að koma fram sem eigandi gagnvart þessu máli, á meðan FME setur reglurnar.

Hawkpoint var boðið að halda 10 mínútna kynningu á fyrsta fundi samræmingarnefndarinnar með kröfuhöfum (3ja miðvikudag hvers mánaðar). Nærvera þeirra til að sýna að allir aðilar aðgerðanna eru að vinna saman.

Hr. Árnason sagði að sambandið við kröfuhafana hefði orðið betra þessar síðustu vikur. Ferlið þyrfti að vera skýrt og í réttri röð.

5. Minnisblað um sameiginlegan skilning (MoU).

Hawkpoint lagði til að MoU yrði undirritaður milli skilaneftdanna, ríkisstjórnarinnar og nýju bankanna vegna óuppgerðra mála þegar ferlið væri fært lengra og það væru upplýsingar (að meðtöldum endurskoðunarskýrslum, nákvæmum viðskiptaáætlunum og tilheyrandi skiptasamningum sem færir ferlið nálægt enda. Þetta minnisblað um sameiginlegan skilning (MoU) yrði gert opinbert og myndi leggja línur fyrir loka lausnina. Þetta minnisblað um sameiginlegan skilning (MoU) gæti orðið skýr áfangi þar sem núverandi tímaáætlun liti út fyrir að vera óraunhæf. Hlutfjáráukningu gæti ekki lokið þar til eftir samþykkt skbr./fjármálagjörningins. Skbr./fjármálagjörninginn þyrfti að vinna með samkomulagi um eiginfjárstöðu.

Hr. Williams sagði að endurfjármögnum og skbr./fjármálagjörningurinn þyrfti að vera lokið á sama tíma. Stjórnir bankanna þyrftu að samþykkja viðskiptaáætlanirnar og kvitta upp á endurskoðunina. Öll núverandi vinna þyrfti að koma saman á einn stað.

Hr. Þorsteinsson sagði vera þörf á dagsetningu frá bönkunum.

Hr. Josefsson sagði endurskoðunina vera helsta vandamálið.

Hr. Svavarsson skýrði út að AGS ætti von á að skbr. / fjármálagjörningurinn yrði í formi hlutabréfa. Það væri þörf á að taka tillit til sjálfbærni skulda við útgáfu skbr./fjármálagjörningins. Skbr./fjármálagjörningurinn þarf að vera að minnsta kosti / equity like as possible. Einnig liti AGS náið á óvissar skuldir ríkisins. Með ríkið sem eina eigandann ykjast þessar skuldbindingar umtalsvert.

Hr. Valfells benti á að það væri tregi á Íslandi að gefa út venjuleg forgangshlutabréf.

Hr. Arason sagði að fjármálaráðuneytið væri að vinna að stefnumörkun um hlutverk ríkisins sem eiganda.

Hr. Þorsteinsson sagði að það væri mikilvægt fyrir kröfuhafana.

Áhyggjum var lýst yfir að Deloitte matsferlið gæti leitt til of hátt metinna eigna.

Hr. Þorsteinsson lýsti yfir áhuga á að nota Hawkpoint sem ráðgjafa fyrir hlutfjáráukningu.

Hawkpoint og hr. Þorsteinsson voru beðnir um að ýta við bönkum til að hefja vinnu til að leiðrétta það sem þeir gætu af ójafnvægi. Það þyrfti einnig að biðja bankana um ítarlegri upplýsingar og að þeir segðu hvers konar samninga þeir vildu. Ríkið hefði ekki fallist á skiptasamninga og þyrfti að sjá hvað bankarnir vildu.

6. Næsti fundur var ákveðinn þriðjudaginn 24. mars.

Fundargerð – 3. fundur stýrinefndar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint

Málsnúmer: FOR09030068
Skráð: 27. mars 2009
Eigandi skjals: Tómas Brynjólfsson(FOR/NotesSTJR)

Fundargerð: 3. fundur stýrinefndar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint (fjármálalegur ráðgjafi ríkisstjórnarinnar) kl. 11 þann 24. mars 2009, Fjármálaráðuneytinu, Reykjavík.

Viðstaddir:

Indriði H. Þorláksson(formaður), Mats Josefsson, Þórhallur Arason, Þorsteinn Þorsteinsson, Helga Valfells fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Andrew Lynn, Charles Williams, Andrew Speirs og Christian Kent frá Hawkpoint. Tómas Brynjólfsson, ritari nefndarinnar.

Hawkpoint kynnti stöðu framvindunnar þann 24. mars 2009

1. Process

1.a. Staða þekkra vinnuferla.

Endurskoðanir og viðskiptaáætlanir.

Christian Kent: Hawkpoint hefur hitt hvern banka til að fylgja eftir viðskiptaáætlunum FME. Engin áþreifanleg vinna hefur hafist við endurskoðanirnar. Tveir bankar halda fram að þeir geti klárað í byrjun maí og einn í endaðan maí. Viðskiptaáætlanirnar eru ítarlegar bottom-up áætlanir. Bréf var sent til bankanna á föstudag, svara beðið fyrir daginn í dag. Bankarnir hafa samþykkt að vinna með 8. apríl sem afhendingardag.

Gengi/gengislána ójafnvægi.

Hawkpoint bendir á gengis/gengislána ójafnvægi sem þýðingarmesta málið í náinni framtíð. Það er þörf á að móta stefnu og meta alla kosti. Það er nauðsynlegt að hefja viðræður við Seðlabankann til að fá málefni upp á borðið. Þessi tvö verkefni, innan bankanna og með Seðlabankanum þurfa svo að vera samræmd.

Þorsteinn upplýsti nefndina um að vinnunefnd um gengi/gengislána ójafnvægi væri að ljúka störfum og afhenda vandamálið til Hawkpoint sem á að komast að niðurstöðu gegnum þetta verkferli. Fjármálaráðuneyti á að biðja Seðlabankann um að semja fyrir hönd ríkisins við nýju bankana.

Eiginfjárkröfur

Samkvæmt Hawkpoint er þörfin á fjármagni enn vinnsla í gangi og mun m.a. koma með viðskiptaáætluninni. Hawkpoint er að byggja fjárhags líkan sem notar gögnin til að prófa mismunandi fjármagns þarfir.

Hr. Josefsson spurði hvort bankarnir hefðu farið fram á 15% CAD hlutfall.

Hr. Speirs svaraði því til að bankarnir hefðu ekki farið fram á sérstakt hlutfall. Aðai áhyggjuefni Hawkpoint er ekki hlutfallið sem slíkt heldur að það virki. Skortur á leiðsögn leiðir til aukinna umræðna um eiginfjárhlutfall(capital ratio).

Hr. Josefsson minnti á að upphaflega viljayfirlýsingin segir að bankarnir skuli endurfjármagnaðir að 10%.

Hr. Arason sagði að FME væri einnig að miða við 10% sem sitt viðmið.

Framkomnar upplýsingar.

Hr. Williams sagði að bankarnir væru að nota mismunandi aðferðir. Kaupþing hefði fengið ítarlega áreiðanleikakönnun frá Morgan Stanley. Þeir hefðu sett upp ítarlegt gagnaherbergi og hefðu sett upp trúnaðarsamning.

Íslandsbanki hefði afhent mikilvægar upplýsingar og sett upp gagnaherbergi. Hawkpoint hefði stöðvað þá vinnu þar til skýrar leiðbeiningar gætu verið gefnar. Landsbanki bíður fyrir mæla. Það er þörf á að veita sama aðgang í öllum tilvikum og þess vegna að fylgja stærsta sameiginlega samnefnaranum. Aðgerðir Kaupþings muna, vegna þess, setja fordæmi. Aðgangur að upplýsingum er einnig mikilvægasta málefnið frá sjónarhóli kröfuhafa að sögn Hawkpoint.

Hr. Speirs taldi þessa spurningu meira pólitísku eðlis en efnislega. Kröfuhafarnir þyrftu viðskiptaáætlunina og Deloitte vinnuna og skilning á því til að meta verðmæti vfirfærðra eigna. Hann lagði jafnframt áherslu á að það væri mikilvægt að setja upp flæði og stýra samskiptum milli aðila. Hawkpoint hefur reynt að skerpa þetta ferli og komið skilboðum um samskipti milli skilaneftnda og nýju bankanna.

Hr. Josefsson spurði hversu mikil gögn nýju bankarnir hefðu.

Hr. Williams sagði að lykiltríðin væru endurskoðanirnar og viðskiptaáætlunirnar til viðbótar nýlegum viðskiptum. Gagnaherbergin myndu hjálpa fjárhagsráðgjöfunum til að ná samhengi í Deloitte vinnuna og gæti flýtt henni.

Hr. Þorsteinsson sagði að honum fyndist að fjárhagsráðgjafar Kaupþings og Íslandsbanka væru lengra komnir en Hawkpoint. Þessi vinna væri, hins vegar, að hluta til einskis. Það væri hins vegar ekki hlutverk stýrinfundarinnar að ákveða um verkefni unnin af fjármálaráðgjöfunum.

Frú Valfells gaf álit sitt á fréttatilkynningum frá bönkunum í tengslum við grein í Morgunblaðinu þann 24. mars um hugsanlegan samruna bankanna. Hún velti fyrir sér hvort Morgan Stanley væri að gefa út fréttatilkynningar tengdar vinnuferlinu.

Hr. Speirs sagði Hawkpoint hafa átt góða fundi með kröfuhöfum og mjög góðar samræður. Þeir hafi lýst yfir efasemdum um ferlið og samskipti. Þessar samræður hafi lyft væntingum og það er gott að lyfta þeim. Hann spurði hvort samræmingarnefndin hafi fengið einhver viðbrögð.

Hr. Josefsson sagði samskiptin að mestu einhliða. Bestu samræðurnar væru um winding-up gögnin. Þeir væru hins vegar áhugasamir um að vita tímaáætlunina.

Hr. Speirs sagði aðal áhyggjuefni kröfuhafanna í tengslum við tímaáætlunina væru tengd framvindunni og hvort þeir hefðu nægan tíma til að gefa ráð og hafa áhrif á ferlið.

Andrew Speirs sagði að kröfuhafarnir þyrftu að skilja ferlið til að geta sagt heima að þeir hefðu gert allt sem þeir geta. Ríkisstjórnin þyrfti einnig að skilgreina hvað hún þyrfti frá kröfuhöfunum. Samkomulagið er við skilaneftdirnar og fjárhagslega ráðgjafa þeirra. Kröfuhafarnir þyrftu að sjá það sem sanngjarnt samkomulag. Það myndi hjálpa að fá álit frá töluverðum fjölda kröfuhafa og stuðning frá þeim. Slíkur stuðningur yrði afar mikilvægur fyrir ríkisstjórnina og sýndi öðrum kröfuhöfum að þetta væri ekki eignarnám. Þetta er efst í huga Hawkpoint.

Hr. Josefsson sagði að það væri jákvætt ef samkomulag, studd af kröfuhöfum, gæti náðst, ef þeir vildu ná slíku samkomulagi.

Hr. Speirs sagði að kröfuhafarnir vildu ná samkomulagi. Þeir hefðu, hins vegar, áhyggjur af að þeir myndu ekki fá mikil verðmæti og þeir gætu ekki gert mikið í því. Þeir hafa verið að hóta að nota núverandi ástand gegn hagsmunum Íslands erlendis. Þeir munu ekki láta verða af því ef þeir fá eitthvað.

Hr. Josefsson sagði að hann tryði því ekki að kröfuhafarnir myndu láta verða af hótunum þeirra.

Hawkpoint lagði til að skilaneftdirnar gætu sett samninga í stuðnings atkvæðagreiðslu. Ef kröfuhafarnir samþykktu samkomulagið, yrði erfiðara að vekja spurningar utan Íslands.

Spurning hefur komið upp um alþjóðlegan lögræðilegan ráðgjafa. Hugsanlegar aðgerðir og auðlindir utan Íslands þyrfti að greina.

Hr. Þorláksson sagði að það væri mikilvægt að skoða hvaða kröfuhafar væru mikilvægastir Íslandi. Það eru sérstaklega stóru bankarnir sem Ísland hefur verið í tengslum við í langan tíma. Við ættum ekki að hugsa um að gefa þeim betri samning, heldur hlusta á áhyggjur þeirra og kröfur.

Hr. Williams samþykkti að horfa yrdi til þess að koma íslensku bönkunum aftur inn í kerfið.

Hr. Josefsson spurði hvað myndi gerast ef naumur meirihluti kröfuhafanna yrdi andsnúinn samkomulaginu.

Hr. Williams sagði að skilanefndirnar yrðu að samþykkja og skrifa undir samkomulagið. Þeim þyrfti að líða vel með það. Hann sagði að útlit eignarnáms gæti haft alvarlegar afleiðingar.

Frú Valfells sagði skilanefndirnar óttast málaferli.

Hr. Williams sagði þeir kröfuhafar sem væru mest blandaðir í málið ættu að hafa mest um það að segja.

Hr. Speirs sagði það sína tilfinningu að skilanefndirnar væru leiddar af ráðgjöfum. MS væru í mestum tengslum við áhyggjur kröfuhafa. Litu þá sem þeirra raunverulegu viðskiptavini. Þeir væru komnir lengst í lærdómskúrfunni og væru herskáastir. Kröfuhöfum fyndist MS vera mest inn í málinu.

Barcap hefðu komið upp þokkalegu teymi en væru neðar í kúrfunni.

UBS er að vinna of mikið fyrir Íslandsbanka. Kröfuhafar myndu hafa áhyggjur ef þeir vissu hvernig UBS er að haga sér.

Hr. Þorsteinsson sagði að það væri skortur á afskiptum eiganda. Gengis/gengislánaójafnvægi væri mikilvægast, ekki síst vegna /neikvæðra (the negative carry). Ríkisstjórnin er að styðja FX lánveitendur. Það er þörf á að fást við þetta fljótt. Hugsanlegt pólitískt vandamál. Bankarnir hafa einnig umtalsvert tap af því að kaupa eignir af peninga markaðs sjóðum. 30 milljarðar íslenskra króna frá LAIS.

Hr. Speirs spurði um áhyggjur AGS.

Hr. Josefsson svaraði að áhersla sjóðsins væri að mestu á fjárlagagerðina.

Hr. Þorláksson sagði að hann myndi taka þetta upp á fundi hans með fastafulltrúa AGS daginn eftir.

Hr. Williamson benti á að ef tapi bankanna yrdi ýtt yfir á einkageirann, myndi það veikja hann frekar með tilheyrandi frekari veikingu á efnahagsreikningi bankanna.

1.b. Tímaáætlun

-Lykil vegstikur og afhendingarmöguleiki

-Samskipti (Ríkisstjórn, AGS, nýju bankarnir, skilanefndirnar)

-Birting Deloitte skýrslunnar.

Hr. Williams kynnti nýja ítarlega tímaáætlun sem sýndi að fýsilegt væri að ljúka ferlinu í lok maí, byrjun júní. Lok maí væri hins vegar ekki áætlaður afhendingar tími Hawkpoint. Þessi tímaáætlun tæki hins vegar ekki tillit til atburðanna í kringum SPRON og Icebank. Áhrif þess þyrfti að skoða frekar.

Ferlið er um þessar mundir á undirbúningsstigi með þrjá flókna verkferla. Deloitte skýrslan yrdi fánleg þann 31. mars. Aðal spurningin er hvort fjárhags ráðgjafarnir fái aðgang að 2. kafla skýrslunnar. Það gætu verið nægar upplýsingar fyrir 24. apríl til að hefja samningaviðræður. Loka dagsetning myndi ráðast af

úrlausn skbr./fjármálagjörningsins, loka úttektum (endurskoðunum) skiptum og svo að fá rétta fólknið inn í herbergi til að semja.

Hr. Josefsson spurðu hvort hægt væri að flýta þessari tímaáætlun. Hann hefði áhyggjur af því að það að fresta ferlinu fram í júní gæti verið erfitt fyrir LOI. Þetta myndi leiða til viðbótar 2 mánaða óvissu fyrir bankana.

Hr. Williamsom og hr. Speirs sögðu að þessi tímaáætlun væri eins knöpp (letter of intent) og mögulegt væri. Tímasetningar gætu falið í sér áhættu og að allt þyrfti að vera til staðar í þriðju viku apríl. Bankarnir væru nú þegar á tímaáætlun en þeir þyrftu að bíða að hluta eða niðurstöðu Deloitte skýrslunnar. Viðskiptaáætlunin þyrfti að vera tilbúin fyrir páska.

Hr. Josefsson sagði að það væru hagsmunir bankanna að tefja ferlið. Hann spurði hversu mikil pressa hefði verið sett á bankana að flýta þessu ferli.

Hr. Williamson sagði að hann tryði því ekki að bankarnir væru að tefja ferlið en að þeir hefðu ekki almennilega viðskiptaáætlun.

Frú Valfells sagði bankana yfirmannaða um þessar mundir og eitthvað af þessu starfsfólki væri hægt að nýta til að flýta ferlinu.

Andrew Lynn sagði að það væri líka þörf á að herða á ferlinu hjá Ríkisendurskoðun. Bankarnir hefðu vænst þess af Deloitte ferlinu að skilgreina upphafs efnahag og skbr./fjármálagerninginn sem fælu í sér öll svör. Bankarnir vildu útkljá þetta núna en seinkun er á ferlinu.

Hr. Þorláksson sagði að bankarnir hefðu átt að hafa vitað fyrir 3-4 vikum að Deloitte ferlið myndi ekki leiða til óbreytanlegra talna sem þeir gætu notað.

Hr. Speirs sagði að tímaáætlunin sem Hawkpoint byði fram væri "hetjuleg". Byggja þyrfti upp bankana á ný á aðeins 2 mánuðum og Hawkpoint hefði reynt að hefja það ferli allt hratt.

Hr. Josefsson sagði að frekari tafir gæti orðið skaðlegar alþjóðlegri stöðu Íslands. Hann spurði hvort hægt væri að flýta ferlinu um 10 daga. Með því að færa ferlið inn í maí yrði samstarfið við AGS mun auðveldara.

Hr. Williamson sagði að ferlinu hefði verið flýtt eins mikið og kostur væri. Hawkpoint hefði valið lok júní fram í miðjan júlí ef þeir hefðu ráðið för.

Hr. Josefsson spurði hvar veikleikana væri að finna.

Hr. Williamson sagði að spurningin hvort Deloitte ferlið væri ásættanlegt væri megin spurningin.

Frú Valfells spurði hvort það væri hægt að stýra eftirvæntingum eftir Deloitte skýrslunni.

Hr. Williams sagði að það hefði nú þegar verið gert upp að vissu marki.

Hr. Þorsteinsson sagði að útgáfa af 2. kafla myndi flýta fyrir ferlinu.

Hr. Þorláksson sagði að það þæri þörf fyrir raunsæa en herskía tímaáætlun.

Hr. Þorsteinsson sagði að þessar tafir settu melri þrýsting á minnisblaðið um sameiginlegan skilning. Sú viðbótar vinna sem fylgdi yrði meira tæknileg. MoU myndi segja við umheiminn að árangur væri að nást.

Hawkpoint lagði mikla áherslu á að þörf fyrir að almennileg viðskiptaáætlun væri til staðar. Hún þyrfti að taka mið af ójöfnuðinum. Hawkpoint hefur efasemdir um að viðskiptaáætlunirnar gætu verið til nógu góðar

fyrir páska.

Hr. Þorláksson: vinna þarf að halda áfram í samræmi við tímaáætlun Hawkpoint. Möguleika á að flýta henni þarf að skoða en það er ekki raunsætt að gera ráð fyrir dagsetningu nær í tíma. Þetta mál yrði tekið upp næsta dag með fastafulltrúa AGS.

Hawkpoint bauðst til að ræða tímaáætlunina með AGS.

Hr. Speirs sagði að endurfjármögnum gæti ekki átt sér stað þar til skbr./fjármálagerningurinn er tilbúinn og skilningur á öllum ójöfnuði. (imbalances are fully understood)

Hr. Josefsson var ekki sammála. Gerir ráð fyrir hluta endurfjármögnun sé möguleg þar sem CAD byggir að meginhluta á eignum, skbr./fjármálagerningurinn væri þess vegna ekki nauðsynlegt fyrir það. Slík hluta endurfjármögnun myndi líta betur út fyrir ríkið.

Hr. Speirs sagði að þróun mála með SPRON og Icebank gerði málið erfiðara. Nýjar skuldbindingar í bókum Kaupþings. Einnig, kröfuhafarnir skildu ekki ferlið. Það væri skortur á stjórn á ferlinu og reynsluleysi SPRON og FME megin í ferlinu.

Stjórnskipulag.

Stjórnskipulag er mikilvægt fyrir kröfuhafana, þar sem eignarhaldsfélagið gegnir mikilvægu hlutverki. Hawkpoint vill ræða við kröfuhafana um stjórn bankanna. Hawkpoint útlitaði á 2. fundi áhyggjur sínar af því að afhenda kröfuhöfunum hlutafé. Senda bréf á skilanevndirnar og fjárhagsráðgjafana og fara fram á þeirra álit á þessum málum en taka fram að engin ákvörðun hafi verið tekin enn varðandi fé til kröfuhafa.

Frú Valfells: Viðskiptaráðherra er opinn fyrir erlendu eignarhaldi bankanna.

Hr. Josefsson vill að minnisblað um kosti og galla erlends eignarhalds verði útbúið fyrir ríkisstjórnina. Athygli þarf hins vegar að vera á öðrum málum eins og ójöfnuðinum.

Hr. Þorsteinsson benti á að með skiptasamningi við ríkisstjórn yrði erfitt að hafa erlenda eigendur bankanna. Skiptin yrðu ekki líkleg til að vera á markaðs skilmálum. Ef kröfuhafarnir eiga bankana yrðu þeir að bera áhættuna.

AMC

Hr. Josefsson var beðinn af Hawkpoint um að lista upp megin atriði í tengslum við AMC. AMC þyrfti leiðsögn. Það þyrfti að vera til staðar eins fljótt og mögulegt væri. Það væri þörf á að ráða stjórnunar teymi og skuldaendurskipulagningar teymi. Flest lán yrðu eftir á efnahagsreikningi bankanna og kostnaðurinn yrði borinn af bönkunum. Sameiginlegar stórar áhættur (common large exposures) gætu verið færðar inn í AMC auk einhverra einskisverðra eigna.

Hr. Williams: Það er þörf á að girða kringum verðmæti og skilja hvernig þetta myndi virka með AMC. Stjórnunarteymi nýju bankanna þurfa að skilja ferlið.

Hr. Josefsson sagði að einu raunverulegu skrefin sem tekin hafa verið til dagsins í dag væru að undirbúa lög og senda Alþingi. Leiðbeiningar um ákvarðanatöku væru í þróun.

Hr. Arason. 2 einstaklingar hafa verið ráðnir til að vinna við AMC. Fjármálaráðuneytið sendi frumvarp til Alþingis og lýtur á það sem vopn í sínu vopnabúri. Það gæti verið notað fyrir þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki. Mest af endurskipulagningu myndi hinsvegar vera unnið af bönkunum.

Hr. Þorláksson sagði að löggin yrðu samþykkt í þessari viku eða þeirri næstu. Enskur úrdráttur myndi verða sendur til Hawkpoint frá fjármálaráðuneytinu.

Hawkpoint fór yfir hversu lítið bankarnir hefðu nú þegar gert varðandi endurskipulagningu fyrirtækja. Ekki nægjanlegt starfsfólk. Þörf væri á fleira fólk þar sem það er stórkostlegur skortur í endurskipulagningu.

Hawkpoint sagði að það væri skynsamlegt að hafa sameiginlegan (central) hóp, en stjórn yrði haldið í bönkunum. Það þyrfti að vera yfirsýn yfir kerfið. Upplýsingar frá Landsbanka væru að mörg fyrirtæki vildu ekki taka þátt í endurskipulagningu (engage in..)

Fundinum lauk kl. 13.15

Fundargerð – 4. fundur stýrinefndar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint

Málsnúmer: FOR09030068

Skráð: 2. apríl 2009

Eigandi skjals: Tómas Brynjólfsson/For/NotesSTJR

Fundargerð: 4. fundur stýrinefndar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint þann 24. mars 2009 kl. 11:00, Fjármálaráðuneytinu, Reykjavík.

Viðstaddir:

Indriði H. Þorláksson (formaður), Björn Rúnar Guðmundsson (í fjarveru Guðmundur Árnasonar), Þórhallur Arason, Þorsteinn Þorsteinsson, Helga Valfells fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Andrew Lynn, Rupert, Andrew Speirs, Rupert Pepper and Claire Harwood from Hawkpoint. Tómas Brynjólfsson ritaði fundargerð (fjarverandi fyrstu 30 mínúturnar).

Hawkpoint kynnti framvindu mála til 31. mars 2009.

Næsti fundur ákveðinn 16. apríl kl. 10:00

Vinnuferlar – lýsing og ábyrgð

1. Endurskoðun
2. Viðskiptaáætlun
3. Ójafnvægi

Hr. Speirs leiddi umræðu um ójafnvægi bankanna. FX ójafnvægi er núna álitid vera mikilvægasta úrlausnarefnið. Það mál verður að leysa áður en ferlið getur haldið áfram. Bankarnir eru ekki með jákvætt sjóðsstreymi sem er flókið að leysa. Hann lýsti því yfir að lög og reglur þyrfti skoðunar við ef rétta efnahagslega niðurstaðan myndist.

Til þess að leysa FX vandamálin með erlendu eigin fé. Bankarnir þurfa að hafa hið minnsta 50% tekna sinna í erlendum gjaldeyri.

Lausn ójafnvægisins í gegnum skipti við Seðlabanka Íslands myndi hafa mjög neikvæð áhrif á fjármál ríkisins og hafa í för með sér kostnað upp á milljarða íslenskra króna árlega og mikla FX áhættu. Þetta myndi einnig leiða til verulegra vandamála gagnvart Alþjóða gjaldeyrissjóðnum, jafnvel þó skiptin væru óveruleg. Báðar þessar aðferðir myndu leiða til verulegra fjármögnunar vandamála fyrir ríkið þar sem það þyrfti að bæta við viðbótar úrræðum. Það er einnig vandamál fyrir aðila skiptasamninga með að hafa áhrif á lykil breytur skiptanna.

Hawkpoint hefur óskað eftir niðurbroti á FX lánum bankanna. Það er engin ástæða til að horfa til þeirra lána sem afskrifuð hafa verið þar sem þau verða gerð að lánum í íslenskum krónum.

Hr. Guðmundsson sagði að það væri rík ástæða til þess breyta lánum í íslenskar krónur. Stór hluti FX lánana eru ekki venjulegir FX lántakendur, þ.e. 240 milljarðar í íslenskum húsnæðisskuldum. Það hefur hins vegar verið mikill pólitískur þrýstingur á því að fara ekki þessa leið.

Fr. Valfells sagði að þetta væri stórt pólitískt vandamál í hagkerfinu. Það hefur ekki verið vilji til þess að lengja í lánum þar sem það myndi valda bönkunum enn frekari vandamálum og myndi leiða til

erfiðrar skuldastöðu fyrir mörg heimlli. Nauðsyn þess að gæta jafnræðis í augum laganna hafði einnig flækt fyrri tilraunir til að leysa þetta vandamáli.

Hr. Speirs benti á að öruggasta eignin í hagkerfinu, innstæður í bönkum í eigu ríkisins, er að safna 14% vöxtum. Þessir háu vextir eru studdir af Alþjóða gjaldeyrissjóðnum. Það er vandamálium háð að fá bankanna til að borga svo háa vexti þar sem það kemur í veg fyrir hagnað þeirra.

Fr. Valfells benti á að verðbólga og vextir væri á niðurleið.

Hr. Speirs sagði að aðgerðir Alþjóða gjaldeyrissjóðsins kæmu í veg fyrir eðlilega starfssemi bankanna.

Hr. Guðmundsson sagði að AGS væri líklega meðvitað um áhrif hárra vaxta á bankakerfið. Hann væri, hinsvegar, ekki viss um að sjóðurinn væri búinn að reikna dæmið en tilfinning þeirra væri að bankarnir væru að tapa. Stærð tapsins væri hins vegar ekki þeim þekkt.

Hr. Speirs sagði að lánabækurnar væru að versna hratt. Þróunin væri ekki alveg skýr og það er ekki ljóst hvað bankarnir væru að gera varðandi endurreisnina.

Fr. Valfells staðfesti að greiðslufrysting væri að enda 1. apríl. Viðskiptaráðherra er að vinna í lausnum fyrir lántakendur til að greiða af lánum sínum. AGS vill einnig að skýrt sé að greiða eigi af lánum. Hún sagði að það væri ekki hægt að þvinga lántakendur til að breyta lánum sínum í íslensk lán. Það er einnig vandamálium háð að veita fleirum 70 ára lán.

Hr. Guðmundsson sagði að það hefði aldrei staðið til að þvinga fólk í íslensk lán.

Fr. Valfells spurði hvort hægt væri að setja hvatakerfi á þessi lán?

Hr. Þorláksson sagði að það væri þörf á að taka það mál til viðeigandi ráðherra. Hr. Guðmundsson fer með málið til AGS:

Upplýsingafyrirvari.

Hr. Speirs sagði að hægt hefði á deilingu upplýsinga, sérstaklega þegar kemur að Landsbankanum og Kaupþingi. Skilanefndir og ráðgjafar þeirra væru búnir að átta sig á að þær upplýsingar sem til væru myndu ekki duga. Hawkpoint hefði haldið símafund með Barcap í síðustu viku. ICC fundir með Glitni og Landsbanka yrðu haldnir í þessari viku. Hr. Speirs bætti við að samskipti við kröfuhafa, úrlausnarnefndina og ráðgjafa þeirra gengju sæmilega vel. Allir eru farnir að átta sig á því að mikilvægar upplýsingar væru í vinnslu. Fasi tvö af skýrslu Deloitte er að fara í gagnaherbergið. Það yrði einnig vinnudagur með Deiloitte. Kröfuhafar eru núna ánægðir með gagnsæið og aukið öryggi á ferlinu. Landsbankinn er núna síðastur til svara þegar kemur að upplýsingafyrirvörum. Trúnaðaryfirlýsing þeirra hefur verið send til Barcap en afhent Hr. Þorsteinsyni líkt og hinir bankarnir hafa gert.

Hr. Pepper sagði að bæði Glitnir og Kaupþing hefðu sett upp rafræn gagnaherbergi sem Hawkpoint gæti fengið aðgang að. Landsbanki hyggðist gera slíkt hið sama.

Tímaáætlun:

Hr. Pepper kynnti tvær tímaáætlanir. Tímaáætlun A væri með MoU undirritaða 15. maí og ferlinu lokið í fyrstu viku júní. Þetta er séð sem flýtiáætlun þar sem allir þurfa að afhenda sinn hluta á réttum

tíma.

Tímaáætlun B tæki aðeins lengri tíma, þar sem MoU væri undirritað í enda maí og allur júní nýttur til að ná niðurstöðu.

Deloitte mun funda með bönkunum í þessari viku eða byrjun þeirrar næstu vegna 2. hluta þessarar áætlunar.

Fyrsta útgáfa af viðskiptaáætlun ættu að liggja fyrir 8. apríl.

Samkvæmt tímaáætlun A verður apríl nýttur til þess að undirbúa upplýsingar sem verða sendar út af slitastjórnunum í byrjun maí. Áætlun ríkisstjórnarinnar verður jafnframt undirbúin og kynnt fyrir nefndinni í byrjun maí. Það er þörf á að leysa óstöðugleikann og sýna árangur fyrir 8. maí. Slitastjórnirnar hefðu þá viku til að svara og semja. Það er mesta tímapressan með þennan part áætlunarinnar en vel framkvæmanlegt.

Tímaáætlun B myndi veita aðilum eina viku til viðbótar til að ná saman upplýsingapakkanum fyrir 8. maí. Samningaviðræður myndu því færast frá 15. maí til 29. maí.

Samskipti við kröfuhafa

Hr. Speirs sagði að Hawkpoint og hr. Þorsteinsson hefðu sent bréf til slitastjórnanna og fjármálaráðgjafanna varðandi eigið fé. Þeir hefðu verið spurðir um hugsanlegar lausnir. Mikilvægt er að skilja þeirra afstöðu. Kröfuhafarnir ættu hins vegar ekki að fá upplýsingar um það hvort þeir fái eigið fé eða ekki fyrr en samningaviðræður hæfust.

Hr. Þorláksson sagði að ríkisstjórnin þyrfti að endurskoða tímaáætlunina.

Hr. Speirs undirstrikaði að úrvinnsla FX ójafnvægisins væri þýngarmest. Hawkpoint reiðubúið til aðstoðar en vantaði umboð.

Hr. Þorsteinsson sagði að lokum að samskipti við kröfuhafana gengju vel. Upplýsingar eru gefnar um áætlanir Deloitte og ríkisstjórnarinnar. Helsta vandamálið væri hjá bönkunum. Leysa þyrfti erlendu lánin áður en nokkuð yrði sett fram gagnvart kröfuhöfunum. Þetta væri sannarlega helsta vandamál nefndarinnar í augnablikinu.

Allir sammála þessu. Hr. Þorsteinsson sagði að það væri þörf fyrir samræmingu varðandi tímaáætlanir. Það væri einnig mikilvægt að samræma málefnið gagnvart eignarhaldi.

Hr. Speirs spurðist fyrir um skoðanir AGS á tímaáætluninni. Kröfuhafar líta svo á að tímaáætlunin gangi ekki upp.

Hr. Guðmundsson sagði að ríkisstjórnin stefndi að því að ljúka fyrstu yfirferð fyrir enda apríl. Mikið veltur á samningaviðræðum við kröfuhafa sem þarf að ljúka. Viðræður þessa vikuna gætu leitt til loka niðurstöðu. Það eru hins vegar minnkandi líkur á því að samningar náist í apríl. Dagssetning endurfjármögnunar er enn opin í viljayfirlýsingunni. Það er enn sveigjanleiki í því ferli. Kosningar eru að hafa áhrif á ferlið en Ísland er ekki með brýnar þarfir til endurfjármögnunar. Það er því engin sérstök tímapressa á því að ná niðurstöðu með AGS.

Hr. Þorsteinsson lýsti því yfir að hann hefði stungið upp á því að hr. Þórhallsson ræddi þetta við fastafulltrúa AGS.

Hr. Speirs sagði að bankageirinn væri að tapa mikið af peningum. Það er möguleiki á því að ýta þessum kostnaði á almenna markaðinn eða til ríkisins. Það er ekki hægt að gera það vegna samningsins við AGS. Þetta eru ekki góð skilaboð.

Fr. Valfells sagði að viðskiptaráðherra væri upplýstur um vandamálið. Það væri mikilvægt að stýra væntingum.

Hr. Guðmundsson sagði að það væri mikilvægt að stjórnendur bankanna leystu vandamálin. Þeim vanti hvata til þess. Þeir halda að ríkið muni leysa öll vandamál þeirra.

Hr. Guðmundsson sagði að bankarnir færu vel af stað. Tafir hafa skemmt fyrir mórálnum. Það væri mikilvægt að hlera eignarhalds spurningar.

Hr. Speirs stakk upp á því að nefnd væri sett á laggirnar með stjórnendum bankanna, FME og ríkinu til þess að fylgjast með framgangi málsins og nauðsynlegum aðgerðum. Sameiginlegir hagsmunir yrðu ræddir en ekki samkeppnismál.

Hr. Lynn sagði að þetta væri mikilvægt.

Hr. Speirs bætti við að ríkið þyrfti að líta út fyrir að vera að hjálpa bönkunum. Stjórnendur bankanna fengju jákvæða hvatningu frá sínum jafningjum. Það er samkeppnisforskot að koma sínum málum í góðan farveg.

Fr. Valfells sagði að stjórnendur bankanna væru undir mikilli pressu vegna kröfunnar um nýja bankastjóra.

Hr. Guðmundsson sagði að það væri óhugnalegt að engin ábyrgð væri hjá stjórnendum.

Hr. Lynn sagði að bankarnir væru keyrðir áfram á skammvirku sjóðsstreymi. Þeir væru ekki að horfa á heildarstöðu efnahagsreikningsins. Hann sagði að bankarnir væru ekki að skera niður kostnað. Athyglin hefur ekki verið á því. Þeir vilja ekki skemma fyrir „human resource potential“.

Hr. Speirs sagði að það væru stór vandamál innan bankanna en þeir viðurkenndu það ekki. Vandamálum er stýrt frekar en leyst. Það er vöntun á upplýsingum og þar með sjálfstrausti.

Hr. Lynn sagði að Hawkpoint hefði óskað, en ekki fengið, upplýsingar eins og sjóðsstreymi.

Hr. Lynn sagði að það væri sátt um stærri vandamálin en þau minni væru ekki til skoðunar.

Hr. Guðmundsson sagði að það væri möguleiki á að leysa sum þessara vandamála. Það þarf að hvetja til þess. Það þarf að leggja meiri áherslu á þetta.

Hr. Speirs sagði að það væri þörf fyrir ákveðin skref til að stöðva tapið, þ.e. að tryggja aðeins innstæður með 1% vöxtum.

Fr. Valfells og hr. Þorsteinsson töluðu bæði um eigna hengjuna og nauðsyn þess að leysa hana.

Hr. Speirs sagði að innstæður væru hjá þeim sem ekki væru með vandamál. Ekki er verið að deila skaðanum með réttum hætti. Það er þörf á því að leysa þetta áður en farið er til kröfuhafanna. Tímaáætlanir gera ráð fyrir að ójafnvægið yrði leyst.

Hr. Þorsteinsson sagði að laus þessara mála væri ekki partur af verkefnum Hawkpoint. En það væri hægt að biðja þá um að skoða vandamálið.

Hr. Arason sagði að hans deild væri að vinna í uppsetningu bankanna.

Fr. Valfells spurði hvort hægt væri að ráða sterka erlenda bankamenn til að hjálpa til við endurskipulagninguna.

Hr. Speirs sagði að þetta væri góð hugmynd en hefði nokkur vandamál. Þeir sem standa fyrir utan málið geta ekki keyrt verkefnið áfram, alþjóðleg vandamál hafa einnig sogað til sín alla bestu aðilana. Það er mjög mikilvægt að fá rétta fólkið til starfans.

Hr. Arason sagði að hann hefði hitt alla bankanna og rætt aðferðafræði og framgang. Hann væri ánægður með framganginn en verkefnið væri stórt.

Hr. Þorsteinsson sagði að bankarnir segðust ekki þurfa á aðstoð að halda en það væri mögulegt vandamál með lagaleg álitamál.

Lagalegir ráðgjafar

Hr. Þorsteinsson sagði að það væru tvær tillögur á borðinu. Önnur er hæggengari. Minnisblaði verði dreift um það hverjir eigi að keyra málið áfram. Þetta verði sent í tölvupósti.

Hr. Speirs sagði að lagalegir ráðgjafar þyrftu ekki að hefja störf fyrir páska. Þeir væru mikilvægir í að koma í veg fyrir málssóknir. Það er möguleiki að góður lagalegur ráðgjafi gæti komið í veg fyrir lögræðiferla. Þeir gætu mælt með leiðum til að fara og bent á áhættur og kosti.

Hr. Þorsteinsson sagði að það væri ferli í gangi varðandi endurreisn innan bankanna.

Fundi var slitið kl. 12:30.

Fundargerð – 5. fundur stýrinfundar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint

Málsnúmer: FOR09030068

Skráð: 17. apríl 2009

Eigandi skjals: Tómas Brynjólfsson(FOR/NotesSTJR)

Viðstaddir

Indriði H. Þorláksson(formaður), Guðmundur Árnason, Þórhallur Arason, Þorsteinn Þorsteinsson, Helga Valfells fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Andrew Lynn, Andrew Speirs, Charles Williams og Paul Baines frá Hawkpoint. Tómas Brynjólfsson, ritari nefndarinnar.

Hawkpoint kynnti stöðu málsins þann 16. apríl 2009

BP upplýsti að Hawkpoint hefði verið beðið að útvíkka hlutverk sitt og aðstoða bankana við mótun viðskiptaáætlunar sinnar og leita lausna á gjaldeyrisójöfnuði bankanna.

Samþykktir aðgerðapunktur:

- A. Fundur um ójafnvægið
 - Fundur verði haldinn til að ræða alla þætti ójafnvægis og ræða mögulega úrlausn.
 - Hawkpoint útbúi samantekt á þeim upplýsingum sem bankarnir hafa veitt til þessa til að aðstoða við að upplýsa umfang og eðli ójöfnuðarins.
- B. Stjórnun (governance) nýju bankanna (Indriði H. Þorsteinsson og Helga Valfells)
 - Huga þarf nánar að þáttum er snúa að stjórnun nýju bankanna.
 - Skoða nánar möguleika á stofnun sérstaks eignarhaldsfélags sem sé formlegur eigandi hlutafjár í nýju bönkunum.
 - Leitað verði iögfræðiráðgjafar til að tryggja að form eignahalds brjóti ekki í bága við samkeppnisrétt.
 - Einnig verði kannað að koma á aðskildum lögum ákvarðanatökuaðila (separate layers of decision making bodies) til að veða á móti (negate) mögulegra samkeppnisréttarlegra álitamála sem ekki er hægt að forðast með öðrum hætti.
- C. Samhæfing fjölmíðla (Allir aðilar með sérstakt innlegg frá Hawkpoint)
 - Skrifstofa forsætisráðherra og efnahags- og viðskiptaráðuneyti útbúi drög að fréttatilkynningu til að skýra afstöðu til eignarhalds (holding position) í framhaldi af skýrslu Deloitte.
 - Hawkpoint komi með innlegg í þau drög og útbúi spurningar og svör til undirbúnings fyrir spurningar fjölmíðla eftir birtingu.
 - Blaðafulltrúar stjórnvalda verði upplýstir um að engar opinberar yfirlýsingar vegna yfirstandandi vinnu skulí gefnar án þess að ráðfæra sig fyrst við Þorstein Þorsteinsson.

1. Endurskoðun:

AL sagði að Landsbankanum gengi vel í vinnunni með KPMG. Ætlunin sé að nýta þá vinnu sem viðmið fyrir hina bankana. Tafir á ráðningu endurskoðunarfyrtækja sé ekki að hjálpa tímarammanum. Upplýsingar þær sem berist frá bönkunum séu ófullnægjandi þar sem bankarnir bíða niðurstöðu Deloitte ferilsins. Deloitte hefur ekki formlega verið ráðið til að annast endurskoðun Íslandsbanka. Beðið er eftir því að Deloitte ljúki matsferli sínu.

CW sagði að tafir á Deloitte ferlinu þyrftu ekki að hefja allan ferilinn í þeim tilvikum þar sem verkefni gætu verið unnin samhliða.

2. Viðskiptaáætlunir

BP sagði að Landsbankinn væri með viðeigandi áætlun en væri áfram varkár. Kaupþing hefur varið minni tíma í að meta lánabók sína lán fyrir lán. Þau séu á áætlun að afhenda fyrir 30. apríl.

Íslandsbanki hafi náð minnstum árangri. Þau fullyrði þó að þau nái að ljúka fyrir 30. apríl. Þessar yfirlýsingar beri þó að meta með varúð. Það verða fundir til að fylgja málinu eftir í næstu viku.

CW sagði alla banka nú vera meðvitaða um að ójöfnuður yrði ekki leystur með skiptasamningum. Þeir hafi þó ekki tekið þetta með í reikninginn í viðskiptaáætlunum sínum.

AL sagði fyrirbyggjandi góðar upplýsingar frá Landsbankanum um virkni lánabóka. Upplýsingar hafa verið gefnar til DS hjá Seðlabanka. Gögnin sýna verulega neikvæðastöðu. Lánabókin er ekki að skila, varla nokkur vaxtamunur.

PA sagði að lokaskýrsla gjaldeyrisnefndar (FX committee) yrði tilbúin í næstu viku. Formlegt bréf um skiptasamning myndi einnig berast frá Seðlabankanum.

ÍP sagði nauðsynlegt að taka ákvörðun sem fyrst. Hagsmunir þeir sem í húfi væru séu of mikiir. Þetta verði að minnka með öllum tiltækum ráðum. Stjórnir bankanna verði að skilja vandann.

Hawkpoint samþykkti að vinna stutta skýrslu um kostnað ójafnvægisins.

CW sagði að bankarnir vissu að þeir væru reknir með tapi en hefðu reiknað með að skiptasamningur myndi leysa vandann.

BP sagði að bankarnir þyrfti að taka ábyrgð á vandanum.

AS sagði að Hawkpoint væri að reyna að skilja hverjar gjaldeyriseignirnar væru í raun. Hjá Landsbankanum væri aðeins 24% gjaldeyrislána til fyrirtækja í raun gjaldeyristekjur fyrir afskriftir/endurmat.

CW sagði að það væru vandkvæði með gögnin frá Kaupþingi. HP myndir fara til baka og reyna að fá réttu gögnin.

ÍP sagði einnig mikilvægt að horfa til vísitölubindingar við endurskipulagningu – breyta gjaldeyrislánum yfir í vísitölubundin (verðtryggð) lán.

ÞP sagði að mikilvægt væri að kynna gjaldeyris (FX) skýrsluna og bréf Seðlabankans fyrir bönkunum til að gera þeim ljóst að skiptasamninga væri ekki að vænta. Mikilvægt væri að koma með tillögur sem stýrinfndin yrði að samþykkja og koma með til ráðherra og leggja fram tillögur eftir kosningarnar.

AS sagði að mikilvægt væri að bankarnir og ríkisstjórnin skoðuðu vandamálið í sameiningu.

ÍP lagði til að settur yrði á fót vinnuhópur ráðuneytanna þriggja og bankanna til að vinna að lausn vandans með HP.

AS sagði að tillaga Seðlabankans væri að færa eignir aftur yfir til gömlu bankanna. Hann hafði áhyggjur af því að opna skiptinguna upp á nýjan leik. Gæti leitt til fjölda vandamála. Hann sagði að enduruppfærslan væri langtímalausnin.

GÁ upplýsti að gjaldeyrisvandinn hefði verið ræddur ítarlega við samhæfingarnefndina daginn áður.

HV sagði að mikilvægt væri að skapa hvata til enduruppfærslu og að nota hana til endirskilgreiningar.

AS sagði að mikilvægt gæti verið að hafa lögfræðilegt innlegg fyrir vinnuhópinn til að vinna gjaldeyrisvandann áfram með Hawkpoint.

GA sagði að General Council hefði verið andsnúið því að viðskiptabankalán væru færð niður ef slík niðurfærsla næði aðeins til sumra einstaklinga.

BP sagði mikilvægt að aðstoða bankana með því að lækka innlánsvexti.

CW leggur til að vinnuhópurinn hitti bankaþa á mánudag eða þriðjudag. Vandinn og ferillinn verði síðan skilgreindur innan næsta sólarhrings.

PA sagðist koma því til skila til nefndar um gjaldeyrisófjafnvægi sem væri að hittast síðar sama dag.

3. Skuldabréf

HP dreifði öðru umræðuskjali.

Bréf sent skilaneftndum varðandi sjónarmið um endurgjald (compensation) (að hlutafé meðtöldu).

AS sagði að kröfuhafar Landsbankans vildu tryggingu fyrir virði. Landsbankinn yrði hins vegar lykilvettvangur fyrir lögsóknir. Mjög skaðlegt ef forgangl erlendra innlánseigenda sé ýtt til hliðar. Þýskir kröfuhafar segja forgang innlánseigenda ganga gegn ákvæðum stjórnarskrár. Að gefa eftir hlutafé í Landsbanka gæti hjálpað til gagnvart kröfuhöfum öðrum en innlánseigendum.

BP sagði að Íslandsbanki hefði áhuga á að kaupa lán til erlendra sjávarútvegs og jarðhitaverkefna af Glitni. HP sagði að Íslandsbanki væri ekki reiðubúinn að greiða uppsett verð og að kröfuhafar væru ekki áhugasamir um frekari tilfærslur á milli bankanna.

GA sagði að það væri utanaðkomandi áhugi á þessum lánum.

CW sagði að enn væru tilfærslur milli bankanna undir eftirliti FME.

AS sagði að ríkisábyrgð á skuldabréfinu hefði verið rædd.

BP ræður gegn slíkum ábyrgðum almennt.

CW sagði að skuldabréf til að mæta 83 milljarða skuldbindingu sem flutt hefði verið frá SPRON til Kaupþings hefði ekki komið fram. Þetta sé umtalsverð viðbótaráhætta fyrir Kaupþing.

HV sagði að FME væri sannfært um að til væru eignir í SPRON til að mæta innlánunum. Hún sagði að FME hefði gefið til kynna að vandamálið yrði leyst innan viku.

AS sagði að það væri ekki vilji bankanna að á þá væri litið sem fulltrúa stjórnvalda.

AS sagði að það væri þörf á að bjóða einhvers konar fastmótað skuldabréf (fixed instrument). Gæti kallað á lága ríkisábyrgð.

Nefndin var almennt andvíg slíkum ábyrgðum.

AS sagði að fengju kröfuhafar sæti í stjórnnum gæti það verið að gagni.

BP sagði að ríkisstjórnin yrði að leiða umræðu um form á aðkomu stjórnvalda (government structure).

CW sagði það mikilvægt að fá tilhlýðilegan hóp af hálfu stjórnvalda til að veita leiðbeiningar um endurgjöf og leggja línur. Skilgreina verði í dag hverjir verði við borðið. Það sé mikilvægt að hefjast handa fljótlega og koma einhverju á blað.

HV sagði að efnahags- og viðskiptaráðuneytið (MoB) væri að vinna að breytingum á hlutafélagalögum – væri að vænta í haust.

IP sagði að þörf væri fyrir skýrari skuldbindingu en leiðbeiningar.

GÁ sagði að halda skyldi inni möguleika á eignarhaldsfélögum.

AS sagði að þörf væri á meiri stuðningi og yfirsýn af hálfu stjórnvalda og bankastjórnenda.

IP sagði að samkeppnislög gætu komið í veg fyrir eignarhaldsfélög.

GÁ sagðist hafa áhuga á að sjá lögfræðilítil hvað þetta varðar þar sem eignarhaldið væri nú þegar alfarið í höndum efnahags- og viðskiptaráðuneytis (MoB).

AS sagði að mögulega væri hægt að skilgreina reglur fyrir hverja stjórn og veita þeim mismunandi hlutverk. Það gæti komið í veg fyrir vandamál hvað samkeppnisrétt varðar í framtíðinni.

4. Upplýsingastefna

CW sagði að þörf væri fyrir heilsteyptra (consistent) og samhæfða almannatenglastefnu (PR policy). FME hafi enn ekki gefið út fréttatilkynningu líkt og ákveðið hafi verið. Sameiginlegir umræðupunktur væru þarfir.

GÁ sagði að verið væri að taka saman aðra útgáfa stefnublaðs (Strategy Note), það sé þörf á að ræða punkta er varði stýrihópin. Ný tímaáætlun yrði í viðauka. Stefnublaðið yrði birt eftir kosningar.

GÁ sagði að drög að fréttatilkynningu um ferlið hefði verið send efnahags- og viðskiptaráðuneyti.

HP samþykkti að útbúa spurningar og svör um ferlinn til að láta þá sem eru í samskiptum við fjölmiðla hafa.

5. Lögfræðiráðgjöf

Þrjú tilboð hafa borist og þeim deilt innan stýrihópsins. Svipaður kostnaður. ÞP taldi Lovells gæti verið fljótari að setja sig inn í málin vegna fyrri starfa fyrir stjórnvöld.

Fundargerð - 6. fundur stýrnefndar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint.

Málsnúmer: FOR09030068
Skráð: 29.04.2009
Eigandi skjals: Tómas Brynjólfsson/FOR/NotesSTJR

Viðstaddir:

Indriði Þorláksson (formaður), Guðmundur Árnason, Þórhallur Arason, Þorsteinn Þorsteinsson, Helga Valfells af hálfu ríkisstjórnarinnar, Charles Williams from Hawkpoint. Tómas Brynjólfsson ritaði fundargerð.

Aðgerðapunktur:

Nefnd verður sett upp á vegum fjármálaráðuneytis, bankamálaráðuneytis, skrifstofu forsætisráðherra og seðlabanka til að gera ákveðnar tillögur til ríkisstjórnarinnar og bankanna til að leysa FX vandann (þe. gjaldmiðlaójafnvægið ath. þýðanda).

CW upplýsti nefndina um að Hawkpoint myndi fá fyrstu drög að viðskiptaáætlunum frá bönkunum þriðjudag og miðvikudag í næstu viku. Þær myndu væntanlega ekki verða jafnvel á veg komnar og HP hefði viljað. Sérstök gát verði gefin að FX ójafnvæginu. Bankarnir verði að auka afskriftir vegna gengisbundinna lána umfram Deloitte skýrsluna. Þetta gæti haft viðtækar afleiðingar. Þess þarf að gæta að samræmi ríki gagnvart kröfuhöfunum. HP og ÞÞ munu jafnframt funda með Seðlabanka til að ræða FX vandamálið og áhrifin á peningastefnuna.

ÞÞ benti á að þvinga (færa) galdeyrilánin í ISK á þessum punkti myndi minnka virði lánabókanna miðað við Deloitte matsaðferðirnar.

HV sagði að með hliðsjón af tillögum um aukna samvinnu milli bankanna væri (rétt) að sækja og fá skriflega yfirlýsingu frá Samkeppniseftirlitinu um að bankarnir gætu með almennum hætti átt samráð um sameiginleg vandamál starfsgreina. SSF hefur einnig lýst yfir vilja til samstarfs. (SFF ?)

IP lagði til að vinnuhópur yrði stofnaður til að vinna með bönkunum og HP til að leysa FX vandann. Ráðuneytin þrjú sem mynda stýrihópinn verði með fulltrúa sem og Seðlabankinn. ÞÞ og ÞA muni koma frá fjármálaráðuneyti, Björn Rúnar Guðmundsson frá skrifstofu forsætisráðherra og Áslaug Árnadóttir frá viðskiptaráðuneytinu. Vinnuna skuli grundvallar á gjaldmiðlaskiptayfirlýsingu frá Seðlabanka og FX skýrslu sem skila skal af FX vinnuhóp undir forystu BRG. Takmarkið er að koma með ákveðnar tillögur til ríkisstjórnar og bankanna. Þetta þarf að vera tæknilega útfært og framkvæmanlegt. ÞÞ á að leiða hópinn. IP mun ræða tillöguna við seðlabankastjórnann.

ÞÞ undirstrikaði nauðsyn þess að bankarnir tækju meiri þátt en hingað til.

Samskipta/upplýsingaaðferðir voru síðan ræddar. Deloitte skýrslan enn í tafaferli. (henni var þó skilað 20.04 2009 ath. þýðanda)

GÁ upplýsti að FME hefði fengið 2 skýrslur. Aðra í gærkvöldi. Oliver Wyman á að skila lokaállti næsta miðvikudag. Hann undirstrikaði að einhver tímaáætlun væri þýðingarmikil vegna næstu markmiðsnótu. Það þarf að samræma orðalag við það.

CW tók fyrir stjórnsýsluspurningar. IP sagði að melri undirbúningsvinna væri nauðsynleg um það.

GÁ sagði að forsætisráðherra vildi að TB myndi vinna að stjórnsýsluspurningum með nefndinni.

Fundargerð - 7. fundur stýrinefndar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint

Málsnúmer: FOR09030068
Skráð: 06.05.2009
Eigandi skjals: Tómas Brynjólfsson/FOR/NotesSTJR

Viðstaddir:

Indriði H. Þorláksson (formaður), Björn Rúnar Guðmundsson, Þórhallur Arason, Helga Valfells, og Jónína Lárusdóttir af hálfu ríkisstjórnarinnar. Charles Williams, Andrew Lynn, Andrew Spears, Rubert Pepper og Christian Kent frá Hawkpoint.

Aðgerðaáætlun:

Hawkpoint skal skila minnisblaði um vinnu sína til samræmingarnefndarinnar á þriðjudag í næstu viku. Næsti fundur fyrirhugaður fimmtudaginn 07.05 kl. 12.30

AS undirstrikaði FX ójafnvægið sem megin atriðið í vegi fyrir tímaáætluninni. HP hefur hitt alla þrjá bankana með tilliti til ójafnvægisins ásamt fulltrúum Seðlabankans.

AL sagði að Íslandsbanki og Kaupþing hefðu samþykkt aðferðina um enduruppfærslu (redomination) þó væri framgangur hjá Kaupþingi minna þróaður. Íslandsbanki vill fá að semja við viðskiptavinum sína á viðskiptalegum forsendum. Bankarnir eru að meta hvaða (they value) aðferðir skuli viðhafa við úrlausn vandamálsins. Báðir bankarnir munu skila skýrslum um málið í næstu viku. Landsbanki er annarar skoðunar um enduruppfærslu þ.e. hvort hún skuli fara fram. Þeir eru áhugasamari um aðrar leiðir. HP bað Landsbankann um greinargerð til útskýringar á viðhorfum bankans. Jafnframt var óskað eftir hugmyndum um enduruppfærslu aðferðir.

HP hefur rætt við SB um innlánsvaxtakjör, það virðist sýna nokkura möguleika í vaxtamun. Það er hinsvegar ekki ljóst hver ákveður þann vaxtamun eftir breytingarnar á uppbyggingu Seðlabankans. Sú ákvörðun mun engu að síður teljast sem meiriháttar pólitísk ákvörðun. Þessi tillaga var iðgð fyrir nýju bankana. Þeir bentu á að þetta kynni að valda vandamálum hjá minni bönkunum. Þau vandamál yrðu samt sem áður mun minni en FX ójafnvægið.

AS vakti athygli á þremur meginatriðum vegna ójafnvægisins:

1. Nauðsyn þess að enduruppfæra.
2. Fjármagnsgjöldin vegna neikvæða munarins (carry)
3. Staða lántakendanna. Hvaða ávinning gætu bankarnir haft af enduruppfærslu lánanna.

AS sagði að HP hefði lagt til endurkipulagningar ráðgjafa fyrir bankana. Bankarnir víkurkenni vandann en vilji ráða sína eigin ráðunauta. Þeirra tillögur eru enn ókomnar. Jafnvel þótt það muni leiða til einhverra tafa þurfa bankarnir að átta sig á að þeir eru hluti af ferlinu.

AS sagði að athygli lánardrotnanna myndi nú beinast að Deloitte verðmatinu. Bankarnir væru samt sem áður ekki í stöðu til að gefa út skuldabréf að sinni.

Skilanefndunum og þeirra ráðgjöfum hafa verið gefnar upplýsingar um FX ójafnvægið. Þeim væri gefið til kynna að vandamálið væri stórt og að verðmötin / áætlanir Deloitte gerðu ekki ráð fyrir úrlausn FX fjármögnunar. Meiriháttar viðræður um virðingu eru innann 1-2 vikna.

Nýju bankarnir hafa mótað skoðanir sínar um úrvinnslu á Deloitte málinu. Það er þýðingarmikið fyrir frekari umræður. Oliver Wyman skýrslan dregur skýrt viss vandamál.

AL sagði að það væri ólíklegt að enduruppfærslu á FX lánum yrði lokið áður en endurfjármögnunin færi fram vegna tímapressu. Það þarf að hafa skýra stefnu sem verði viðurkennd. HP þarf að setja sig inn í peningastefnumhverfið á Íslandi og eiga viðræður um vaxtaumhverfið. Sögulega hafa bankar í UK verið reknir með 2 - 2.5 % vaxtamun á meðan Landsbanki segði að þörfin væri 4 %. Bankarnir segja að þeir þurfi innlánsvexti sem nemi 7 - 8 % og útlánvexti 10 %. Landsbanki vildi hinsvegar 4 % grunnvexti.

AL sagði að enduruppfærsla væri undir verulegum áhrifum af gengisvæntingum.

AS vakti athygli á því að það væri mjög erfitt að stýra verðlækkun gjaldmiðils. Væntingar um gengisþróun eru mjög þýðingarmiklar. Það gæti verið þýðingarmikið fyrir ríkisstjórnina að láta sem hún væri ánægð með núverandi gengi.

HV sagði að huga þyrfti að mismunandi viðhorfi fyrirtækja og heimila.

AS benti á þrjá þýðingarmikla þætti. 1. gengisþróun, 2. vaxtabreytingar, 3. að hvaða marki viðskiptavinirnir myndu horfa til þess að bankarnir kæmu þannig fram að þeir væru ekki að taka tillit til hagsmuna viðskiptavinnanna. Vegna síðasta þáttarins kynni að vera þýðingarmikið fyrir ríkisstjórnina að huga að heiðarlegum bankaháttum. FME gæti gripið til aðgerða vegna FX lána til þeirra sem ekki hefðu tekjur í erlendum gjaldeyri. Áhersla á heiðarlega bankahætti gæti skapað vissa viðhorfsbreytingu. Þessa þrjá þætti þarf að leysa til að ljúka enduruppfærsluvinnunni.

Þú spurði hvort einhverskonar afsláttur til lántakendanna væri eina leiðin eins og fram kæmi hjá Íslandsbanka og Kaupþingi.

AL sagði að bankarnir þyrftu að miðla einhverju af afslættinum til viðskiptavinnanna. Í vissum tilvikum væri hægt að gera það í samkynja lánasöfnum á meðan að stærri lán þyrfti lán fyrir lán. Bankarnir hafa verið beðnir um að leggja mat á þetta.

HV sagði að fyrirtækin væru ef til vill ekki að greiða þar sem þau vænta afskrifta.

AL lagði til að opnaður yrði gluggi og boðinn til enduruppfærslu. Eftir það myndi greiðslufrysting enda.

HV sagði að það þyrfti að skoða hvort þetta ætti að framkvæmast af FME og SFF í stað ríkisstjórnarinnar. Aðilar yrðu að átta sig á því að þetta kynni að vekja upp spurningar um árekstra við stjórnarskrá. Það yrði jafnframt vandamál við að mismunandi bankar hefðu sitthvort tímarúmið í þessum efnum.

BRG spurði hvort FME myndi "útskrifa" bankana með gjaldmiðlaójöfnuðinn?

AS sagði að viðskiptaáætlanirnar yrðu að leysa úr þessum vandamálum og vinna enduruppfærslu samhliða.

BRG sagði að ekki væri hægt að endurfjármagna óviðurkenndan banka. Hin frjálsa (voluntary) nálgun gæti tafið ferlið. Það þarf jafnframt að hafa í huga að heimilin eru lágt hlutfall af heildinni í enduruppfærslunni.

AS benti á að nálgunin um retail lán myndi hjálpa fyrirtækjunum. Sú leið gæti gagnast heimilunum sömuleiðis.

JL spurði hvort nauðsynlegt væri að enduruppfæra lánabókina (retail book).

BRG benti á að Seðlabankinn muni senn ljúka mati sínu á eigna og skuldastöðu heimilanna. Þetta gæti orðið þýðingarmikill þáttur fyrir lánabækurnar. FX skýrsla yrði síðan birt á mánudag.

Fulltrúar frá Lovells eiga að mæta á fund í næstu viku. Spurningar um hagsmunaárekstur hafa verið ræddar við þá og þeir staðhæfa að ekki sé um neinn að ræða. Frumviðskiptaáætlanir munu jafnframt verða ræddar.

Hawkpoinnt gert að skila inn sinni skýrslu um vinnuna sína til samræmingar nefndarinnar á þriðjudag í næstu viku.

Fundargerð - 8. fundur stýrnefndar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint

Málsnúmer: FOR09030068

Skráð: 11.05.2009

Eigandi skjals: Tómas Brynjólfsson/FOR/NotesSTJR

Mættir:

Indriði H. Þorláksson (form.), Björn Rúnar Guðmundsson, Þórhallur Arason, Helga Valfells, Jónína Lárusdóttir og Þorsteinn Þorsteinsson fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Charles Williams, Andrew Lynn, Andrew Spears og Rupert Pepper frá Hawkpoint. Tómas Brynjólfsson skráði fundargerð.

Aðgerðaratriði:

Nefndin ákvað að halda áfram mati á endurskipulagningarhæfni bankanna með aðstoð sérfræðinga sem hefst í næstu viku.

Skilmálar og viðmið fyrir endurskipulagningarsérfræðinga sendist BRG.

AS mun ræða skaðleysisyfirlýsingu við Elaine Murphy from BL.

Næsti fundur ráðgerður þriðjudaginn 11.maj kl. 10.00.

1. Ójafnvægi

CW greindi frá að það hefði orðið þýðingarmikil þróun á ýmsum sviðum upp á síðkastið. Vextir hefðu verið lækkaðir og allir bankarnir væru að vinna markvisst.

AS sagði að bæði Íslandsbanki og Landsbanki væru að skoða áhrif þess að geta ekki gert skiptasamninga. Báðir bankar hafi hætt við skyndi enduruppfærslu. Íslandsbanki vill færa niður gengislán með hliðsjón af fjármögnunarkostnaði frá október. Það er nauðsynlegt að gera áreiðanleikakönnun um þá tillögu. Það mun hafa vandræði í för með sér í reikningum. Þetta mun hinsvegar gera þeim kleift að bókfæra hagnað til lengri tíma.

Landsbankinn vill að vextirnir á skuldabréfinu verði mjög lágir vegna lítilla tekna.

Þessar tillögur leysa ekki FX ójafnvægið. Enduruppfærslu yrði dreift á 5 ár (jafnvel svo stutt sem 2-3 ár)

ÞÞ sagði að bankarnir teldu að þeir þyrftu að geta boðið 7- 8 % vexti. FX lán hefðu nú 4-5 % vexti.

Landsbankinn telur ekki þörf á samræmdum náigunum með tilliti til FX vandans.

ÞÞ sagði að enduruppfærsla veðlána yrði að vera samræmd. Kaupþing myndi ekki geta farið sömu leið og Landsbanki og Íslandsbanki þar sem þar yrði væntanlega ekki neitt skuldabréf.

CW sagði að Íslandsbanki myndi þurfa meira eigið fé.

AS sagði að tillaga Íslandsbanka mæltist ekki vel fyrir hjá lánardrottnum. Íslandsbanki er að íhuga vandamálið sem kaupandi eigna. Báðir gætu þurft aðstoðar ríkisstjórnarinnar til að brúa bilið milli þessara tveggja þátta. Afstaða Landsbankans virðist hafa meira aðráttarafi hjá lánardrottnum.

BRG vakti athygli á því að nán tenging er á milli lcesave samningaviðræðnanna og Landsbankaskuldabréfsins. (Til þessa voru allir refir skornir ath. þýðanda)

ÞÞ sagði að Landsbankinn væri mjög móttfallinn því að taka upp skiptingu (efnahagsins). AS sagði að það væru gild rök fyrir því að breyta ekki stefnu.

JL sagði að október stefnan hefði verið mörkuð til að verja innlenda bankann. Stefnubreyting gæti leitt til lagalegra álitaefta.

ÞÞ sagði að skilgreining skiptingar efnahags væri vandræðamál vegna þess að skuldbréfið væri neikvætt í Kaupþingi (gamli skuldaði þeim nýja ath. þýðanda) og það væri mjög lágt í Íslandsbanka.

ÞÞ greindi frá því að bankarnir væru mun virkarí nú en fyrst í mars.

2. Viðskiptaáætlanir

CW sagði að Hawkpoint væri ánægt með vandvirkni viðskiptaáætlananna. Vinna þyrfti frekar að þeim og þau yrðu síðan rædd nánar í næstu viku.

AS sagði að vextirnir í viðskiptaáætlunum væru byggðir á útreikningum Fjármálaráðuneytis með lægsta vaxtapunkt í 4 % 2011. Bankarnir eru mun arðminni við 10 % vexti. Bankarnir sýna jákvæða afkomu í viðskiptaáætlunum en fara mismunandi leiðir að markinu.

AL sagði að HP ætti gott samstarf við bankana. Það væri hinsvegar smá titringur vegna þess að þeir vildu einhverja umbun.

AL sagði að það þyrfti að áreynsluprófa viðskiptaáætlanirnar.

3. Endurskipulagning bankanna.

Íslandsbanki telur mönnun sína hæfilega. Kaupþing og Landsbanki ráðgera að fækka útibúum og minnka mönnun á komandi árum. Engar meiriháttar kostnaðarlækkunar.

AS sagði að kostnaðurinn væri ekki stærsta vandamálið.

HV sagði að bankarnir þörfuðust breyttra rekstrarforsenda til að ná virði úr eignasöfnunum.

AS sagði að Deloitte væri þeirrar skoðunar að mikillar vinnu væri þörf við að styrkja endurskipulagningar getu bankanna. Þeir aðhylltust ekki þá skoðun að vinna það utan bankanna.

HV sagði að hluti vandans væri að reynslumesta fólkið hefði verið við störf í erlendum deildum bankanna.

CW sagði að þekkingargrunnur bankanna hefði styrkst síðutu 2-3 mánuði. Allir væru bankarnir hlynntir sjálfstæðri skoðun, ytri skoðun / endurskoðun og utanaðkomandi aðstoð. Kaupþing vildi helst fá aðstoð frá Skandinavíu.

AS sagði að endurskipulagningar geta bankanna myndi batna verulega með formlegum skýrslum Deloitte sem tæki til að vinna með.

ÞÞ sagði að verkefni í hverjum banka fyrir sig væru mismunandi. Einfaldast væri verkefnið hjá Kaupþingi á meðan Landsbankinn væri með mikinn fjölda smá fyrirtækja í viðskiptum. Kaupþing væri búð að ráða

aðila til endurskipulagningarinnar jafnframt væru á milli 20 -30 starfsmenn í hvorum banka sem sinntu þessum verkefnum. Lagaléga hliðin væri hinsvegar til trafala.

BRG upplýsti að Mats Josefsson teldi það tímasóun að vera að ráða sérfræðinga til að greina vandamálið. Það væri raunverulegt og ljóst og nauðsynlegt að ráðast á það.

AS sagði að mikill árangur hefði náðst með bönkunum síðastliðna 2 mánuði að bættum samskiptum við fjármálaráðuneytið. Bankarnir hefðu verið hvattir til að axla ábyrgð. Það væri nauðsynlegt að halda áfram á þessari braut samvinnu og ábyrgðarþátttöku bankanna. Matsferlið myndi standa 2 - 3 vikur og gæti byrjað í næstu viku.

AL sagði að bankarnir fögnuðu allri aðstoð. HP hefði hinsvegar ekki nægar upplýsingar til að ákveða hvort AMC leiðin væri vænleg. AMC yrði hinsvegar ekki notað ef það væri valkvætt að eigin frumkvæði (voluntary).

HV sagði að AMC yrði að vera að eigin frumkvæði ef skuldbindingarnar yrðu eftir í bókum bankanna en endurskipulagningin að fara fram í AMC.

Nefndin samþykkti að halda áfram yfirferð um endurskipulagningargetu bankanna með aðstoð sérfræðinga í næstu viku.

4. Endurskoðun.

AL sagði að endurskoðun væri ekki komin almennilega í gang. Ríkisendurskoðun falið að gefa út leiðbeiningar um aðferðarfræði. Endurskoðunin þarfnast úrlausnar opinna staða áður en henni verður hægt að ljúka.

5. Fjármögnun.

Viðskiptaáætlanirnar þarf að áreynsluprófa.

ÞP sagði að bankarnir myndu óska eftir meira eigin fé en þörf væri á.

6. Lánardrottinnar.

Lítið farið fyrir þeim málum síðustu vikur. (Icesave viðræður ?)

Þriðja bréf um aðferðarfræði hefur verið sent út. Það mun hjálpa lánardrottinum að skilja gang mála og auðvelda það að komast framhjá dagsetningunni 18.05.

BRG sagði að þýsku lánardrottinnarnir hefðu athugasemdir við skaðleysisyfirlýsingarnar.

AS falið að hafa samband við BL fulltrúann til að ræða vandamálið.

7. Skuldabréf.

Allir nýju bankarnir eru að skoða skuldabréfin og það hvernig þau falla að þeirra viðskiptaáætlunum.

AS sagði að fjöldi kröfuhafa svo sem þýskir bankar vildu ekki hlutabréf. Eigendur skuldabréfa (ekki forgangskröfur ath.s þýðanda) væru þó áhugasamari um þá leið. Hann telur betra að halda hlutabréfunum og selja þau síðan til eins erlends aðila heldur en að bynna þau út í gegnum skuldaskila leið.

HV spurði hvort það gæti styrkt stöðu ríkisstjórnarinnar að hafa boðið lánardrottunum bankanna þótt þeir myndu hafna þeirri leið. Hægt væri að setja vissar reglur um meðferð hlútafjárins.

AS sagði að þetta væri góð hugmynd en þarfnaðist betri athugunar.

JL sagði að erlent eignarhald myndi leysa mikið af þeim vandamálum sem áður hefðu verið rædd.

CW ríkisstjórnin verður að leggja fram raunverulegt hlutafé. Nauðsynlegt að vita hvort vistun (constituence) eignarhalds er sú rétta.

8. Lögfræðileg álitamál.

AS sagði að forgangsréttur innlánanna væri sársaukafyllri fyrir lánardrottanna en uppskipting bankanna.

Könnunarviðræður hafa átt sér stað við Lovells. Þeir munu kynna sitt mál á þriðjudag. Íslenskir lögfræðiráðgjafar verða jafnframt viðstaddir.

AS dró upp þrjár leiðir til samkomulags:

1. Formlegan nauðasamning með atkvæðapáttöku allra kröfuhafa (sparifjáreiganda líka?ath.s þýðanda)
2. Atkvæðagreiðsla kröfuhafa. Það myndi staðfesta ákvörðun en ekki vera lagalega bindandi. Þetta gæti þýtt breytta lögsögu / varnarþing.
3. Stuðningur einstakra kröfuhafa.

Það yrði samt sem áður erfitt að ná samkomulagi ef ekki verður unnið úr forgangi sparifjáreigenda.

JL sagði að samræmingarnefndin hefði rætt það að stofna stuðningshóp lögfræðinga.

Fundargerð - 9. fundur stýrinefndar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint, 12. maí 2009

Málsnúmer: FOR09030068

Skráð: 19.05.2009

Eigandi skjals: Tómas Brynjólfsson/FOR/NotesSTJR

Mættir

Indriði H. Þorláksson (formaður), Björn Rúnar Guðmundsson, Þórhallur Arason, Helga Valfells, Jónína Lárusdóttir og Þorsteinn Þorsteinsson af hálfu ríkisstjórnarinnar. Charles Williams, Andrew Lynn (í símsambandi), Andrew Speirs, Rubert Pepper (í símsambandi) og Julia Peroni frá Hawkpoint. Joe Bannister, Richard Brown og Meagan Morrison frá Lovells. Tómas Brynjólfsson skráði.

Aðgerðarpunktar:

Ríkisstjórnin mun ráða iöfræðinga til ráðgjafar. Lovells að endurgera uppkast eftir þessar frumviðræður.

Stýrinefndin sem sett var á fót með starfsmönnum ríkisins og fulltrúum bankanna þriggja að móta lausnir á FX ójafnvæginu. Lögmenn ríkisstjórnarinnar að undirbyggja lagalegan rökstuðning. Hawkpoint falið að ræða frekar skaðleysisbréfið við þýsku kröfuhafana.

1. Viðskiptaáætlanir

RP greindi frá því að bæði Íslandsbanki og Landsbanki leita leiða til að vinna sig framhjá FX ójafnvæginu. Kaupþing hefur ekki enn snúlið sér að enduruppfærslu.

ÞÞ greindi frá því að fjármálaráðuneytið hefði ráðlagt Kaupþingi að einbeita sér að öðrum lausnum en skiptasamningi. Allir þrír bankarnir telja lægri mörk Deloitte matsins of hátt. Landsbanki er að miða við lægri mörkin en telur þau of há. Óskar eftir lægri vöxtum á skuldabréfið til að vinna á móti háu mati.

BRG spurði hvort bankarnir væntu þess að verða endurfjármagnaðir þrátt fyrir að vera langt utan við reglur Seðlabankans um gjaldeyrisjöfnuð.

CW sagði að það væru þeirra væntingar.

ÞÞ sagði að nálgun Íslandsbanka væri í samræmi við Basel II reglurnar. Markaðsáhættunni væri mætt með auknu eiginfé. Viðskiptaáætlun Kaupþings væri að mestu til bráðabirgða. Skipting efnahagsins væri erfiðari fyrir Kaupþing en hina bankana.

CW sagði að grunngögn Kaupþings væru þó samt sem áður betur unnin.

ÞÞ benti á að það væri ósamræmi á milli afkomuskýrsla og fjárstreymisáætlana.

2. Endurskoðun

AL sagði að það væru enn umræður / skoðanamunur um aðferðarfræði. Undirbúningur væri enn í gangi. Endurskoðendur vantar enn upplýsingar til að ganga frá opunarstofnefnahag, bæði hvað varðar skuldabréfin og eigið fé.

Þeirra vinna mun því tefjast fram í miðjan júní. Ríkisendurskoðun þarf að birta leiðbeiningar fyrir endurskoðendurna og grundvalla nálgunina á yfirtöku jafnframt að ljúka viðræðum við Ernst og Young.

Fundir fyrirhugaðir með fjármálastjórum bankanna og endurskoðendum síðar í dag. Lokaleiðbeiningar væntanlegar á miðvikudag.

HP er að skoða viðskiptaáætlanirnar af gaumgæfni og hjálpa bönkunum að vinna úr skriflegum athugasemdum og spurningum fyrir vikulok. Þrjá þætti þarf að klára í viðskiptaáætluninum. Viðskiptaáætlunina þarf að álagsprófa. Ganga þarf frá enduruppfærslu og endurskipulagningar stefnu.

Upplýsingar vantar um hlutafé og skuldabréfin.

AS sagði að endurskipulagningar ráðgjöfin sem væri að byrja í þessari viku myndi leiða fram sundurgreindar upplýsingar um lánabók og hvernig bankarnir tryggðust vinna úr málum.

HV spurði hvort það væri munur á nálgun samkvæmt engilsaxneskum leiðum eða Skandinavískum leiðum þar sem Kaupþing hefði óskað eftir því að miða við Skandinavíu.

ÞÞ sagði að vinnan myndi veita upplýsingar um AMC.

CW sagði að það væri unnt að kalla eftir hugmyndum frá endurskipuleggjendum á meðan þeir væru að vinna verkið. Vinnan gæti jafnframt veitt rauntíma framlag í viðskiptaáætlanirnar.

3. Ójafnvægið

HP dreifði stuttu uppkasti að skýrslu um FX ójafnvægið.

Bankarnir hafa af því áhyggjur að þurfa að leita eftir því við viðskiptavinina að enduruppfæra lánin. Þeir myndu kjósa að ríkisstjórnin gæfi þeim fyrirmæli um að gera það.

AS sagði það mikilvægt að nota blandaðar aðferðir við enduruppfærslu til að ná árangri. Það þarf að skoða þetta lán fyrir lán. Það væri einnig unnt að hafa umbunar gengi í ákveðinn tíma með höfuðstólsgreiðslum á ISK afskriftir til að hreyfa við málum. Það kæmi jafnframt til álita að nota einhverskonar uppþótafyrirkomulag. Þessar aðferðir þarf að vinna með bönkunum og samkvæmt leiðbeiningum frá FME og bankamálaráðuneytinu.

BRG sagði að þetta væri sambærilegt og hugsunin um nefnd ríkisstjórnarinnar. Skýrslunni þar um hefði verið skilað.

CW sagði að rétta aðferðin væri að setja upp leið gulrótarinnar og keyrisins. Vinnuna þarf að framkvæma með bönkunum, láta þá segja hvað þeir geti enduruppfært með þessum tækjum.

ÞÞ spurði hvort þetta ætti að verða formleg aðgerð ríkisstjórnarinnar ?

JL sagði að slík aðgerð myndi vekja upp lagalegar spurningar ma. um jafnræði.

Joe Bannister frá Lovells sagði að ríkisstjórnin gæti sett leiðbeinandi reglur um bestu framkvæmd.

HP lagði fram 3 mismunandi hugmyndir um stefnu af hálfu ríkisstjórnarinnar.

FME góða banka stefnu

Þjóðhaglega studda stefnu frá fjármálaráðuneytinu og Seðlabanka.

Stefnu ríkisstjórnarinnar sem eiganda allra þriggja bankanna.

HV sagði að FME aðferðin væri mest aðlaðandi pólitískt og að Seðlabankareglur um gjaldeyrisójafnvægi væri unnt að nota.

CW lagði til að vinnunefnd yrði stofnuð með fulltrúum bankanna og sérfræðingum ríkisstjórnarinnar um gjaldmiðlaójafnvægið. Jafnframt væri þörf á lögfræðilegri ráðgjöf.

AS sagði að það væri þýðingarmikið að hafa íslenska lögfræðiráðgjöf.

Það varð að samkomulagi að vinnunefndin og hópur um lagalega ráðgjöf myndi koma fljótt saman.

4. Eiginfjárþarfir

Nánari upplýsingar um það eiga að koma í gegnum viðskiptaáætlanirnar.

5. Uppgjörsgjörningurinn (skuldabréfið)

Stutt skýrsla væntanleg í næstu viku.

6. Samskipti við kröfuhafa

Tafir hafa orðið á því að dreifa Deloitte skýrslunni. Sumir kröfuhafar líta ekki svo á að fyrri lokafrestur þann 18.05. hafi verði brotinn.

ÞP sagði að stjórn FME þyrfti að taka ákvörðun um tímasetningu. Hún yrði tilkynnt eftir fund með kröfuhöfunum á miðvikudag.

AS skýrði frá því að hann hefði rætt skaðleysisbréfið við þýsku kröfuhafana eins og ákveðið var á síðasta fundi. Frekari viðræður fara fram síðdegis.

7. Lagaleg álitamál

Lovells lagði fram uppkast. Það var samþykkt að það væri mjög þýðingarmikið að fá íslenska lögfræðistofu til þátttöku eins skjótt og unnt væri.

JL og ÞP sögðu að Lovells ætti að einbeita sér að skuldabréfinu og ekki að blanda sér í atriði sem snertu gömju bankana. Meginatriði vinnu þeirra ætti að vera um það sem skjalgerð vegna skuldabréfanna.

ÞP spurði hvað myndi gerast ef skilanefndirnar myndu ekki ná að semja. Hvað væri þá til ráða um aðferðir ?

AS lagði til að Lovells og íslenskir lögfræðingar myndu skoða hvaða leiðir kröfuhafar hefðu til að ráðast á íslensku ríkisstjórnina eða nýju bankana.

ÞP ríkisstjórnin mun finna íslenska lögfræðinga til að ræða við Lovells sem gæti síðan endurskrifað sína skýrslu. Ríkisstjórnin er nú að bíða eftir upplýsingum um mögulega hagsmunaárekstra hugsanlegra lögfræðiskrifstofa.

Fundargerð - 10. fundur stýrinefndar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint, 19. maí 2009

Málsnúmer: FOR09030068

Skráð: 20.05.2009

Eigandi skjals: Tómas Brynjólfsson/FOR/NotesSTJR

Mættir

Indriði H. Þorláksson (formaður), Björn Rúnar Guðmundsson, Þórhallur Arason, Helga Valfells og Þorsteinn Þorsteinsson af hálfu ríkisstjórnarinnar. Charles Williams, Andrew Lynn, Andrew Speirs, Rubert Pepper og Charles Kent frá Hawkpoint. Tómas Brynjólfsson ritaði fundargerð.

Hawkpoint kynnti nýja framgangsskýrslu uppfærða 19.05 2009

1. Viðskiptaáætlanir / Ójafnvægið

BRG lýsti sínum efasemdum um að enduruppfæra FX lán fyrirtækja en ekki neytendalánin.

AS sagði að bankarnir kölluðu eftir stefnumarkandi stuðningi.

HV benti á að ef til vill þyrftu um 90 % fyrirtækjanna á endurskipulagningu að halda og að nú væri tíminn til þess og enduruppfæra.

CW sagði að í fyrstu umferð væri nauðsynlegt að takmarka áhættuna og minnka eiginfjárförfina.

Áherslan þyrfti að vera á stórar fyrirtækjastöður.

AS sagði að spurningin um stefnu um neytendalánin yrði útfærð á sama tíma og framkvæmd um leið og búið væri að leysa úr vandamálum því samhliða.

AL sagði að það væri erfitt að skilja enduruppfærsluna frá endurskipulagningunni.

BRG sagði að framgangurinn héðan í frá þyrfti að vera að vinna úr FX ójafnvæginu með vinnuhópnum sem þegar væri stofnaður. Stefnuskjal (template) yrði kynnt í næstu viku.

Nauðsynlegt væri að bankarnir yrðu samstarfsfúsir og tækju þátt í því að koma stefnumótun í gegnum samræmingarnefndina. Nefndin yrði að vera fljót að ná niðurstöðu.

IP sagði að það væri heppilegra að halda vinnunni innan hinna þriggja viðkomandi ráðuneyta í stað þess að vinna í gegnum samræmingarnefndina. Það væri nægjanlegt að upplýsa hana.

PP benti á að enduruppfærsluferlið væri að hluta víðara og næði út fyrir starfssvið " þríhöfða nefndarinnar " (tripartite).

AS sagði að lánardrottnarnir myndu ef til vill verða áhyggjufullir um að í gegnum enduruppfærsluferlið myndi ríkisstjórnin gefa " þeirra " verðmæti. Því þyrfti að upplýsa þá af fremsta megni um stefnuna og að þá ætti að reyna að fá þá til að koma að óformlegum kaupum (buy-in).

CW sagði að það væri tímapressa um að ná samstöðu um aðferð fyrir vikulok. Það þyrfti að rita skjal, kynna það á réttum vettvangi, fá kaup afstöðu (buy-in) frá bönkunum, ræða næstu skref (þriðjudagur næstu viku) móta stefnuna og fella hana inn í viðskiptaáætlanirnar.

2. Eiginfjárþarfir

HP kynnti skýrslu. Rætt um nauðsyn þess að bankarnir leiddu úrlausn eiginfjárþarfir sinnar. Þeir þyrftu að byggja á Basel II reglunum.

Heildar eiginfjárþörfin í áætlununum er um 385 milljarðar ISK. Það tekur til alls uppsafnaðs taps til dagsins í dag. Bankarnir bíða eftir viðbrögðum FME við þeirra ICAAP skýrslum.

ÞP sagði að bankarnir hefðu tilhneigingu til að krefjast meira eiginfjár en þörf væri á. FME væri einnig líklegt til að vilja meira eiginfé en ríkisstjórnin.

CW sagði að næsta skref væri að fá viðbrögð FME. Bankarnir væru að uppfæra sína vinnu svo hún væri í samræmi við viðskiptaáætlanir. Það væri nauðsunlegt að ræða við FME um hæfilegt eiginfjárlutfall.

HP benti á að upprunaleg áætlun um að gefa út skuldabréf eins og nú væri í (hugmyndum) ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans væri vandamál (flawed) þar sem bankarnir myndu ekki geta notað þau skuldabréf í endurhverfum viðskiptum.

CW sagði það mikilvægt næsta skref að gaumgæfa skuldabréfaeignir ríkissjóðs, ríkissjóðs og Seðlabankans. Þær eignir væri hægt að setja í SPV (special vehicle) " sérverja, veðsetja " með sérstökum ríkisskuldabréfum. Áhættan yrði síðan yfirfærð á bankana.

ÞA sagði að það hefði ekki verið hugsunin að skipta á eignum fyrir hlutafé. Nýja aðferðin myndi auka brúttó skuldabyrðina í byrjun.

CW sagði að þetta hefði verið rætt við AGS. Sjóðurinn hefði óskað eftir framhaldsfundi. Ríkisstjórnin ætti hinsvegar um 150 milljarða í seljanlegum eignum í augnablikinu sem unnt væri að nota. HFF skuldabréf myndu hinsvegar auka vísitöluáhættu bankanna.

3. Vinnuframgangur

HP kynnti nýtti flæðirit sem dregur fram vinnuframganginn. HP þarf leiðsögn um hvaða ríkiskaupa er óskað. Það er þýðingarmikið að leiða í ljós hver eigi að koma fram fyrir hönd kröfuhafanna. og hvernig þeir eigi að haga samskiptum við skilaneftiðir. Íslandsbanki mun kynna frumhugmyndir fyrir UBS í þessari viku.

HP væntir þess að samningaviðræður geti hafist fyrir alvöru innan 4 vikna. Þá er miðað við að allir þættir verði leystir þar á meðal gjaldmiðlaójafnvægið. Síðan myndu taka við 4ra vikna samningaviðræður.

CW sagði að hann reiknaði með að lánardrottinnar skyldu aðferðarfræðina betur eftir fundi með HP.

ÞP sagði að það væri nauðsynlegt að ræða það hvað tæki við ef samningar ekki tækjust. ÞP á að ræða málið við Jónínu Lárusdóttur og jafnframt um hugsanlegan hagsmunaárekstur Lovells.

4. Lagaleg álitamál.

ÞP skýrði frá því að Lovells hefði skilað inn skýrslu vegna fyrri áhyggja aðila um þeirra hagsmunaárekstur. Það væri nauðsynlegt að skilgreina nákvæmar verkefni fyrirtækisins og leiðbeina þeim í gegnum HP og innlenda lögfræðiráðgjafa. Fjöldmörg lögfræðifyrirtæki voru rædd en JL lagði til að Landslög yrðu valin.

HV lagði til að það væri möguleg samningastefna / aðferð að bjóða gömlu bönkunum að elgnast þá nýju. Þetta mætti þó ekki vera skilgreind (central) stefna.

Þú sagði að UBS hefði óskað eftir fundi með fjármálaráðherra til að ræða uppskipti Giltis.

BRG varaði við því að slíkar endursameiningar gætu brotið í bága við upphafleg grundvallaratriði skiptingar (bankanna)

AS mælti með að ráðherrann myndi halda fundinn en nauðsyn væri að vara hann við hugsanlegum hættum.

Fundargerð - 11. fundur stýrniefndar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint, 26. maí 2009

Málsnúmer: FOR09030068

Skráð: 27.05.2009

Eigandi skjals: Tómas Brynjólfsson/FOR/NotesSTJR

Mættir

Björn Rúnar Guðmundsson, Þórhallur Arason, Jónína Lárusdóttir, Helga Valfels og Þorsteinn Þorsteinsson af hálfu ríkisstjórnarinnar. Charles Williams, og Rubert Pepper frá Hawkpoint. Viðar Lúðvíksson og Grímur Sigurðsson frá Landslögum. Tómas Brynjólfsson ritaði fundargerð.

1. Viðskiptaáætlanir / Ójafnvægið

Viðskiptaáætlanir verða væntanlega tilbúnar í lok þessarar viku. Það þarf að laga þær að AGS tillögum. ÞP sendi bankastjórnunum tilkynningu um viðræðurnar við AGS. Þær tóku til: Breyta þarf forsendum þjóðhagsspar og gera ráð fyrir hærri vöxtum. AGS var mótfallið almennri enduruppfærslustefnu (redomination) það þyrfti að framkvæma í samhengi við endurskipulagningu. Ójafnvægið væri unnt að takmarka með því að hlutféð væri 50 % í FX Tier 2. Vextir á víkjandi lánum enn ekki ákveðnir.

CW skýrði frá að með því að taka ekki afstöðu til ójafnvægisins myndu bankarnir ekki vera öruggir og yrðu áfram reknir með tapi. Það væri þýðingarmikill hvati að enduruppfæra (redominate).

BRG sagði að AGS teldi að töp bankanna væru ofáætluð og að ríkisstjórnin myndi fjármagna bankana til að vinna gegn FX áhættu .

IP (kominn til fundar ?) sagði að hann gæti samþykkt að þannig yrði haldið áfram og að samræmd ákvörðun um skuldabréfið (instrument) væri væntanleg þar sem samkomulag við kröfuhafana væri ólíklegt.

BRG sagði að ef FX ójafnvægið væri ekki afgreitt væri þýðingarmikið að vinna með FME til tryggja að bankarnir fengju viðurkenningu (would be signed off).

CW sagði að þessi afstaða myndi gera hlutfjárauðningu áhættusamari. Verðmatið yrði lægra þannig að skuldabréf með föstum vöxtum yrði lægra. Þetta myndi því verða verra frá sjónarhóli kröfuhafanna. Hann hafði vænst þess að upphafsviðræður myndu hefjast í næstu viku eftir að samningaviðræður UBS og Íslandsbanka hefðu átt sér stað.

ÞP sagði að viðskiptaáætlanir yrðu að liggja fyrir í næstu viku.

JL sagði þýðingarmikið að hefja vinnu við plan B með tilliti til þess að klára málin án samninga (við kröfuhafa). Ef til vill þyrfti að upplýsa FME um málið.

ÞP skýrði frá því að FME væri að kalla til lögfræðinga til að ræða næstu skref þar sem Deloitte matsniðurstaðan myndi ekki vera sú sanngirnisiðurstaða sem þörf væri á.

CW varaði við því að áframhaldandi vandamál í samskiptum við Deloitte opnaði á gagnrýni.

CW sagði að það væri þýðingarmikið að ríkið legði fram frumtilögur en myndi að lokum taka ákvarðanir í ljósi AGS rammans innan 4 vikna.

ÞP sagði að lögfræðingum AGS væru mjög áfram um að ferlið teldist sanngjarnt.

VL sagði að sanngirnissjónarmiðið væri bæði þýðingarmikið út frá íslenskum lagasjónarmiðum og gagnvart framtíðarlánveitendum. Ferlið yrði að líta út sem sanngjarnt.

ÞÞ sagði það vera þýðingarmikið að halda sig innan Deloitte markanna.

CW sagði að Deloitte skýrslan væri í grundvallar atriðum gölluð með tilliti til FX lánanna.

CW sagði að stytting tímafresta af hálfu AGS myndi auka áhættu í ferlinu. Það væri nauðsynlegt að hafa a.m.k. 3 - 4 vikur í samninga til að gæta sanngirni.

ÍÞ sagði að planið væri þá að stefna að endurfjármögnun bankanna í byrjun júlí og útgáfu skuldabréfanna. Stofnefnahagur frágenginn og endurskoðun framkvæmd.

HP falið að meta tímaáætlun með nýjan endapunkt í huga.

2. Upplýsingaskipti

ÍÞ spurði um aðgengi að upplýsingum. HP hafði ekkert heyrt.

ÞÞ sagði að sumir kröfuhafar vildu ekki samþykkja. FME og Deloitte væru ósammála um nokkur atriði svo sem greiðslur.

CW sagði þýðingarmikið að hraða þeim málum.

JL spurði hvort Hawkpoint og Landslög gætu undirbúið nótu um plan B um hvernig ætti að draga línurnar eftir 4 vikur og áhættur því samfara.

VL sagði að FME væri í lokaferli viðræðna við Deloitte. Það væru áhyggjur um skort á rétttri málsmeðferð við frágang skýrslunnar.

CW sagði að vantraust kröfuhafanna á skilaneftendum og þeirra fjármálaráðgjöfum væri stórt vandamál.

3. Lagaleg álitamál

Setja þarf upp (síma) fund með Lovells. Undirbúa þarf lista um öll lagaleg álitaeftni fyrir viðræðurnar.

ÞÞ sagði að hefja þyrfti vinnu við skjalagerð. Bankarnir gætu hugsanlega notað samninga um víkjandi lán sem grunn.

CW sagði að Hawkpoint myndi hitta Oliver Wyman og FME til að ræða FX ójafnvægið og viðskiptaáætlánirnar.

4. Ytri samskipti

BRG sagði að það væri nauðsynlegt að miðla upplýsingum fljótlega.

HV sagði að það væri skortur á upplýsingum og vöntun á upplýsingarvegí.

Nótu á að gefa út til kröfuhafa í vikunni.

Fundargerð – 12. fundur stýrinefndar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint, 2 júní 2009

Málsnúmer: FOR09030068

Skráð: 6. júní 2009

Eigandi skjals: Tómas Brynjólfsson/FOR/NotesST JR

Fundargerð: 12. fundur stýrinefndar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint (fjármálalegur ráðgjafi ríkisstjórnarinnar) kl. 10 þann 2. júní 2009, Fjármálaráðuneytinu, Reykjavík.

Mættir

Indriði H. Þorláksson (formaður), Björn Rúnar Guðmundsson, Þórhallur Arason, Þorsteinn Þorsteinsson, Helga Valfells fyrir hönd stjórnvalda. Charles Williams, Andrew Speirs, Christian Kent, Claire Harwood frá Hawkpoint. Viðar Lúðvíksson and Grímur Sigurðsson frá Landslögum. Joe Bannister og Richard Brown frá Lovells. Tómas Brynjólfsson ritaði fundargerð.

Ákvarðanir og aðgerðir:

Lowells mun kynna nánari útlistun á hugsanlegu gerðardómsferli.

Stýrinefndin gaf Þorsteini Þorsteinssyni og Hawkpoint umboð til þess að halda áfram með samningaferlið í samræmi við minnisblað þar að lútandi.

Stýrinefndin þarf að fara yfir hver gefur Hawkpoint og Þorsteini Þorsteinssyni leiðbeiningar um hvernig þeir eigi að bregðast við. Ákveðið var að Þórhallur Arason myndi vinna með Þorsteini og Hawkpoint að samningunum. Nefndin samþykkti að stjórnvöld myndu beina kröfuhöfum til skilanefnda og Hawkpoint þar sem samningaferlið er hafið.

1. Staða samningaferlis

CW: tímalína hefur færst áfram í kjölfar heimsóknar AGS. Áætlanirnar taka nú tillit til hærri Seðlabankavaxta og breyttra gengisforsenda. Niðurstaða eru forsendur um verri stöðu hagkerfisins fyrir bankakerfin.

Landsbankinn og Íslandsbanki hafi nú þegar uppfært viðskiptaáætlanir sínar en Kaupþing mun leggja áætlanir sínar inn í dag. Fundir hafa verið settir upp með skilanefndum í þessari viku til þess að ná samningaferlunum af stað í samræmi við nýja tímaáætlun. Samkvæmt áætlunum er smáræðis hagnaður af Landsbankanum. Hann afvaxtar nú lán með hærri vöxtum líkt og Íslandsbanki hefur gert. Verðmat hans er nú 100 milljörðum lægra en lægsta verðmat Deloitte.

2. Eigið fé.

FME hefur ekki svarað formlega tillögum um eigið fé. FME hefur hins vegar tekið þátt í fundum um viðskiptaáætlanir. Bankarnir hafa uppfært ICAAP áætlanir sínar en FME hefur ekki farið yfir þær.

Hawkpoint telur að bankarnir séu enn óstöðugir og áhættusamir. Hluti eigin fjár gæti komið í gegnum skuldabréf með valrétti. Bankarnir hafa óskað eftir miklu eigið fé. Búið er að ýta þessu talsvert niður. Landsbankinn er með T1 eigið fé 12%. Það fer í 7-8% í verstu álagsprófinu.

Landsbankinn hefur stungið upp á 140 milljarða eigið fé. Tap á 4. fjórðungi var 20 milljörðum svo að Tier 1 er nú í 120 milljörðum. Þá er bankinn með eigið fé sem er um 12% af áhættuvegnum eignum. 40 milljarðar af 165 milljörðum er T2 eigið fé.

Íslandsbanki er með 60 milljarða en T1 er nú 65 milljarðar vegna 5 milljarða hagnaðar á fjórða fjórðungi [2008]. T1 er um 12-13%. 20 milljarðar af 35 [hér hlýtur að eiga að standa T2] milljörðum er T2.

Kaupþing er ekki komið svona langt. Það er hola í efnahagsreikningum upp á um það bil 70 milljarða. Holuna þarf að fylla.

3. Skuldabréf með valrétti.

Hawkpoint gerði nefndinni grein fyrir minnisblaði um skuldabréf með valrétti að viðbættum viðaukum frá Lovells og áætlunum frá Lovells.

Búið er að kasta upp drögum að skjali með skilmálum vegna mögulegra hækkunar hlutafjäreignar [kröfuhafa]. Þetta gæfi kröfuhöfum valrétt yfir hlutabréfum stjórnvalda. Þeir gætu nýtt sér valréttinn frá ári 2 til 5 til kaupa á hækkandi verði. Skv. JB er kröfuhöfum mikilvægt að unnt verði að framselja valréttinn til þriðja aðila. Það sé hagstæðara að ekki sé um að ræða hlutabréf til að byrja með. Minnihlutastöður eftir það. Bönkunum er mikilvæg að fá lokaniðurstöðu sem fyrst. Mikilvægt er að niðurstaða falli að óskum stjórnvalda. Hawkpoint stakk upp á því að kröfuhafar fengju stjórnarmenn strax í upphafi (stungið hefur verið upp á einum af fimm eða tveimur af sjö)

Joe Bannister á von á því að skilanevndirnar velji einhverja aðila í stjórnirnar eftir samráð við ICC.

Vextirnar á lánastykkjunum sem kallaður hefur verið Deloitte fjármögnunarkostnaðurinn, þ.e.a.s. áhættulaus ávöxtun + 300. Þetta væri mjög hagstæð kjör fyrir bankana.

4. Viðskiptaáætlanir

CK: Hawkpoint gerði grein fyrir helstu atriðum viðskiptaáætlana. Íslandsbanki er einkum að hugsa um ICAAP, eigið fé, fjármálagerninginn og álagspróf. Megin munurinn felst lægri ávöxtun eigin fjár hjá Landsbankanum.

Það er skoðun Hawkpoint að allar þrjár viðskiptaáætlanirnar séu vel hugsaðar og nákvæmlega útfærðar.

AS sagði að viðskiptaáætlun Íslandsbanka gæti valdið kröfuhöfunum mestum vandræðum.

5. Eigið fé frá stjórnvöldum.

RB: Eiginfjárframlag stjórnvalda verður með fljóttandi Seðlabankavöxtum. Það þarf að vera unnt að nota það í endurkaupaviðskiptum við Seðlabankann. AGS vill að það sé seljanlegt. Það verður að vera unnt að endurgreiða það ef bankinn skiptir um hendur. Hawkpoint þarf að kanna tengslin á milli seljanleika og endurgreiðslu betur. Hugsanlegt að setja upp uppboðsferli á ríkiseignumum sem stjórnvöld tóku yfir fyrir nýju bankana.

6. Kaupþing – neikvætt skuldabréf með valrétti

AS greindi frá fjórum leiðum til að leysa úr þessum vanda:

Færa skuldir til baka. Þetta er lagalega og pólitískt erfitt.

Færa eignir til baka yfir í nýja banka. Þetta er auðveldasta lausnin

Færa nýja Kaupþing yfir til gamla Kaupþings. Ólíklegt að kröfuhafar sætti sig við þetta og þetta gæti orsakað hlaup innlánseigenda á nýja bankann.

AS benti á að forgangur innlánseigenda væri lagalega mikilvægast núna. Það skipti mestu fyrir stjórnvöld að þessu yrði ekki umturnað. Enn væri óljóst hvort ráðist yrði gegn Ísland vegna þessa fyrir erlendum dómstólum.

JB sagði að það væri lagalega mikilvægt að halda innlánum frá gömlu bönkunum.

CW bað menn að gjalda varhug við því að erlendu kröfuhafarnir vildu hugsanlega ekki taka þátt í ferlinu ef þeim þætti tíminn of naumt skammtaður. Þetta væri aðalvandamálið við nýjan lokafrest til að ljúka ferlinu.

AS sagði að fyrirkomulag upplýsingamála væri ekki eins og best væri á kosið. Gömlu bankarnir hafa ekki getað komið eins miklum upplýsingum til kröfuhafanna og menn hefðu bundið vonir við. Þetta gæti lagast þar sem FME og Deloitte haf meira eða minna unnið úr fyrri vandamálum.

7. Lögfræðileg málefni.

JB sagði að það væru þrjú aðalvandamál um leið og hann lýsti þrepa áætlun:

Aðferðafræði

Verðmæti skuldabréfsins

Mögulegar áhættur

Lovells gerði grein fyrir því að setja þyrfti fram leið til að ráða með óháðum hætti úr deilumálum.

Nefndin samþykkti að rétt væri að ræða gerðardómsleið við skilanefndir þótt ekki væri rétt að leggja það fram til að byrja með.

ÍP óskaði eftir minnisblaði um málið frá Lovells og vildi fá frekarl umræður um málið í nefndinni áður en eitthvað væri ákveðið um það. Vill að þetta verði rætt frekar

CW benti á að gerðardómsferlið gæti gert stjórnvöldum kleift að setja bankana á legg og koma umræðunni um þessi mál frá þeim sjálfum til þess að þeir gætu nú þegar einbeitt sér að verkefnum sínum.

Nefndin gaf Hawkpoint og PP til þess að halda áfram með ferlið í samræmi við minnisblað þar að lútandi.

AS sagði að kröfuhafar gætu tapað hagnaðarhlutdeild í skuldabréfunum með valréttunum ef gerðardómsleiðin væri valin. Mikilvægt væri að gera ítrustu kröfur strax í byrjun, við gætum átt von á því að þurfa að bakka töluvert.

AS óskaði eftir því að nefndin velti því fyrir sér hver myndi skilgreina samningamörk Hawkpoint og PP þegar þeir þyrftu að byrja að bakka frá upprunalegum samningskröfum.

Nefndin samþykkti að ÞA myndi bætast í samningateymið með Hawkpoint.

HV upplýsti nefndina um að ákvörðun um stjórnskipulag myndi komast nær því að vera tilbúin eftir að „framkvæmdanefndin“ verður búin að fá kynningu á norska fyrirkomulaginu.

Nefndin samþykkti að stjórnvöld ættu að beina kröfuhöfum til skilanefnda og Hawkpoint þar eð samningaferlið er hafið.

JB upplýsti nefndina um viðræður Lovells við lögfræðiteymi AGS. Þeim þykir vinnan sækjast seint en eru ánægð með að Ísland virðist vera að reyna að draga úr hættu á málsóknum. AGS hefur ekki sett lokadagsetningu í lok júní – en vill að að henni verði stefnt eins og fyrr var ákveðið. Ekki hefur verið rætt um gerðardómsleið við AGS, en það þarf að gera.

Fundargerð númer 13 vantar

Fundargerð – 14. fundur stýrinefndar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint, 16. júní 2009

Málsnúmer: FOR09030068
Skráð: 18. júní 2009
Eigandi skjals: Tómas Brynjólfsson/FOR/NotesST JR

Fundargerð: 14. fundur stýrinefndar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint (fjármálaráðgjafar ríkisstjórnarinnar)kl. 10, 16. júní 2009, fjármálaráðuneytinu, Reykjavík.

Viðstaddir:

Björn Rúnar Guðmundsson, Þórhallur Arason, Þorsteinn Þorsteinsson, Helga Valfells og Jónína Lárusdóttir fyrir hönd Íslenskra Stjórnvalda, Charles Williams, Andrew Speirs og (í fjarfundarbúnaði) frá Hawkpoint. Viðar Lúðvíksson and Grímur Sigurðsson frá Landslögum. Richard Brown and Meagan Morrison frá Lovell's. Tómas Brynjólfsson ritaði fundargerð.

Aðgerðir og ákvarðanir:

Hawkpoint fór yfir stöðu mála til 16. júní 2009 og svarbréf Glitnis.

Nefndarmenn og lögfræðingarnir veittu því samþykki sitt að Hawkpoint héldi áfram beinum samskiptum sínum við lánadrottna. Ákveðið var að Landslög myndi gefa stutt lögfræðialit um að þetta væri heimilt.

1. Undirbúningur og samningar

CW gerði grein fyrir nýlegum áföngum í samningunum. Viðskiptaáætlanir hafa verið kynntar skilanefndum. Endurskoðaðar kynningar án Deloitte upplýsingar hafa verið sendar til þeirra svo að þær geti dreift þeim til lánadrottna. Flæði upplýsinga hefur verið með ágætum. Helstu vandkvæði eru vegna stofnefnahags Kaupþings.

ÞP hefur stungið upp á því við FME að það geti verið mögulegt að nota SPRON lausnina til þess að leysa Kaupþingsvandann.

VL upplýsti nefndina um að FME litist ekki vel á að blanda saman eignum mismunandi stofnana. Landslög hafa tekið saman minnisblað um mögulega forgangskröfu. Skilanefndir eru ekki sammála Landslögum um hugsanlega forgangskröfu Nýja bankans. Skuldabréfaleiðin (SPRON) er talin öruggari.

CW sagði að FME þurfi að leggja lokahönd á upphafsstöðu efnahagsreikninga bankanna.

AS spurði hvort öll innlán Kaupþings væru raunveruleg innlán.

ÞP sagði að PWC væri byrjað að kanna þetta mál en hefði ekkert fundið neitt athugunarvert. Hann átti ekki von á að unnt væri að leysa vandann með þessum hætti.

Almennt talið er það skoðun Hawkpoint að menn leggi sig fram og einbeiti sér báðum megin borðs.

Oliver Wyman álagsprófin muni hins vegar þrýsta kröfum um eiginfjárhlutföll mjög hátt. Þetta þyrfti að aðlaga.

CW sagði að von væri á alvöru svörum frá og með næstu viku. Nú þegar hefði allir bankar svarað bréfliga. Bréf þeirra væru hins vegar meiri könnunarbréf en hitt.

2. Staðan á Skaðleysisbréfunum

Verið væri að senda Deloitte skýrsluna til Alþjóðlegu lánadrottna nefndanna. Lánadrottnarnir skiptast í þrjá aðalhópa. Innlánseigendur hafa undirritað bréfin. Eigendur skuldabréfa eru að velta því fyrir sér hvort þeir muni undirrita bréfin. Þýsku bankarnir vilja ekki undirrita bréfin, en þeir gætu skipt um skoðun ef eigendur skuldabréfa undirrita bréfin. Engir lánadrottnanna hafa séð skýrsluhluta II. CW sagðist telja að þýsku bankarnir ættu við raunverulegar lagalegar hindranir að etja, þeir væru ekki að reyna að eyðileggja ferlið. Hawkpoint hefur reynt að komast fram hjá þessu með því að dreifa áætlunum stjórnenda [nýju bankanna].

3. Kaupthing

Ekki er unnt að leggja fram tillögu um Kaupthing fyrr enn áreiðanleikakönnun er lokið. Það gæti tekið tvær vikur. Kaupthing vill að ábyrgð verði tekin á SPRON máli.

HP telur óvíst að skilanefndin hafi stuðning lánadrottna til þess að taka yfir nýja bankann.

ÞP fékk tölvupóst frá formanni skilanefndar Kaupþings. Hann kvartaði yfir samskiptum Hawkpoint við lánadrottna. AGS leggur þunga áherslu á að góð samskipti verði áfram við lánadrottna og þeir hafa haldið áfram að óska eftir fundum. Samskipti við lánadrottna er hluti af þeirri heildarstefnu að semja við þá. Nefndin og lögfræðingarnir lýstu yfir stuðningi sínum að Hawkpoint héldi áfram samskiptum sínum við lánadrottna. Landslög mun vinna stutt lögfræðialit um að þetta sé heimilt.

Skilanefnd Kaupþings hefur óskað eftir því að leggja fram áætlun um eignarhald. Nefndin er tilbúin að ræða þetta ef viðræðurnar fara fram samhliða því að rætt er um áætlun um fjármálagerning. Það gæti verið hugsanlegt að lánadrottnar keyptu hlutabréfi yfir lengri tíma eins og hefur verið rætt um í sambandi við Íslandsbanka.

HV upplýsti að „framkvæmdanefndin“ hefði rætt um möguleikann á að slíta Kaupþingi og spurði hvort þetta væri mögulegt.

HV upplýsti að þetta færi eftir forgangskröfunni. Lánadrottnar teldu þetta skelfilega niðurstöðu og myndi þetta sennilega hafa í för með sér málssóknir.

CW sagði að þetta myndi leiða til þess að auka þyrfti eigið fé Íslandsbanka og gera endurfjármögnunina torveldari. Það væri óljóst hvort þetta myndi minnka þörfina á framlagi ríkisins.

ÞP sagði að það kynni að vera auðveldara að láta bankana renna saman síðar og taka þá fjármuni út úr þeim

Næstu skref varðandi skuldabréf Kaupþings er að FME taki lokaákvörðun um efnahagsreikninginn. FME verður að taka ákvörðun um neikvæða eigið féð. Þessu verður að vera lokið í þessari viku þar sem það hefur mikil áhrif á samningaviðræður.

Viðskiptaráðuneytið mun upplýsa FME um mikilvægi tímasetninga fyrir allt verkefnið.

4. Íslandsbanki

Framhaldsfundur hefur átt sér stað með UBS. Ekki er mikill meiningamunur. Aðalspurningin snýst um það hversu mikið magn af hlutafé þeir geti eignast. Það færi best á því að hafa skuldabréf með breytirétti yfir í hlutafé. UBS hefur sett fram hugmyndir. Vilja fá skuldabréf með breytirétti. Verð á breytirétti verði endurstíllt af eftir tiltekinn tíma. Þeir vilja samt frekar fá hlutafé heldur en breytirétt. AS sagði að stjórnvöld þyrftu að ákveða hve stór hluti af hlutafénu mætti fara inn í breytiréttinn.

5. Landsbanki.

Skilanefndin hefur ekki stungið upp á tiltekinni aðferð. Hér skiptir verðmatið höfuðmáli þar sem þeir vilja heldur fá tiltekna fjárhæð en hlutdeild í hagnaði ólíkt hinum bönkunum. Þeir eru mjög áhugasamir og vinna vel.

AS sagði að þeir væru að hugsa með svipuðum hætti og stjórnvöld, en þeir yrðu mjög ákveðnir varðandi verðmatið. Þeir hafi stungið upp á því að skuldabréf ríkisins sem lagt verður inn í bankann verði ekki metið á fullu verði. Þetta er óásættanlegt.

6. Samskipti við AGS

Lusi Cortovaria hefur tjáð þp að AGS hafi áhyggjur af verðmötum og að verið sé að nota verðmöt stjórnenda. Það kynni að vera erfitt að leggja verðmöt fyrir AGS sem rúmuðust ekki innan verðbils mats Deloitte. Þetta verður rætt frekar við Franek í dag. Frekari samskipti þurfa að eiga sér stað við Cortovaria og Mark Flanagan um þetta mál.

RB upplýsti nefndina um að lögfræðiteymi AGS hefði verið í sambandi við Lovels. Þeir styddu gerðardómsleiðina. Þeir komu með þau skilaboð að tala rétt fyrir ofan neðri mörk Deloitte væri líklegri til að vera samþykkt af gerðardómi en tala sem væri lægri en neðri mörk Deloitte. Lægri tölur gætu einnig leitt til frekari málshöfðana. Gerðardómsferlið yrði síðan rekið af nýju bönkunum.

AS sagði að hann teldi það frekar einkennilegt ef stjórnvöld hygðust vísa þessu verkefni sem stýrinesfndin leiðir fyrir hönd stjórnvalda til gerðardóms.

CW sagðist halda að AGS eigi enn von á að einungis verði greitt með skuldabréfi og að skuldabréfið muni ekki innihalda hagnaðahlutdeild eða breytirétt í hlutafé.

BRG sagði að fara yrði yfir þetta mál ítarlegar með AGS, einkum Luis og Mark.

7. Lykil stefnumörkun stjórnvalda.

Í samræmi við spurningarlistann, þá er mikilvægt fyrir stjórnvöld að farið sé fram í samræmi bestu alþjóðlegu venjur. Niðurstöðu má finna í skýrslu Hawkpoint um stöðu verkefnisins.

8. Lögfræðileg málefni

Óháð verðmat og Neyðarlögin

Verið er að leita leiða til þess að uppfylla verðmatskvöð Neyðarlaganna. Það er spurning hvort Deloitte geti endurtekið verðmat sitt með því að nota IFRS mat. VL benti á að þetta nægði hugsanlega ekki lánveitendum en gæti farið langleiðina í að uppfylla kröfur Neyðarlaganna um óháð verðmat. Það gæti verið spor í rétta átt að óska eftir IFRS mati frá Deloitte.

CW benti á að þessi leið gæti verið erfið vegna tímapressu og því ósætti sem ríkti á milli FME og Deloitte.

VL sagði að gerðardómsleiðin gæti einnig uppfyllt kröfur neyðarlaganna ef gerðardómsferlið væri nægilega vel hannað.

RB sagði að mikilvægt væri að loka á allar leiðir til lögsókna sem reistar væru á því að stjórnvöld færu ekki að eigin lögum.

Gerðardómur

RB sagði að Lovells hefði gert minnisblað með athugasemdum frá Landslögum. Það kann að verða örðugt að þvinga gerðardómi í gegn og þvinga brott lögsóknum hjá íslenskum dómstólum. Gerðardómur gæti hins vegar hugnast lánadrottnum. Þeir kynnu hins vegar að hafna gerðardómsleiðinni ef þeim þætti gerðardómurinn ekki eðlilega skilgreindur. AGS er sammála því að fara gerðardómsleiðina. Lovells ítrekaði að þótt neðri tala Deloitte verði valin verður nauðsynlegt að setja upp óháðan alþjóðlegan gerðardómstól.

Skjölun

Lovells hafa hafið að það starf að undirbúa ítarlegri lýsingu með skilmálum. Þeir þurfa skýrari mynd sem þeir telji að náist með einnar viku yfirferð áður en þeir hefja ritstörfin. Unnt er að byrja að lýsa fjármögnunarhlutanum nú þegar. VL sagði að málið væri í vinnslu.

9. Annað.

Skýrsludrög um endurskipulagningsgetu bankanna verður til í vikunni.

Uppgjörsferlið hefur enn tafist þar sem endurskoðendur segja að þeir þurfi nokkrar vikur frá því að fjármálagerningarnir, skuldabréfin, breytiréttirnir og kaupréttirnir liggja fyrir. CW telur að þetta taki of langan tíma. Endurskoðendurnir hafa verið upplýstir um að þessar tafir eru óásættanlegar.

ÞÞ sagði að endurskoðendurnir væru enn að velta fyrir sér hvernig þeir ættu að nálgast vandann.

AS upplýsti nefndina um að Deloitte myndi rita FME og senda þeim upplýsingar um muninn á uppgjörum stjórnenda og Deloitte skýrslunni. Kastljósinu yrði beint að mismunandi forsendum.

Gjaldmiðlaspurningin verður áfram vandsvarað en þeir telja að skoðun bankanna sé fremur barnsleg. Deloitte mun fjalla um eigið mat en ekki mat stjórnenda.

Fundargerð – 15. fundur stýrinefndar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint, 24. júní 2009

Málsnúmer: FOR09030068
Skráð: 25. júní 2009
Eigandi skjals: Tómas Brynjólfsson/FOR/NotesSTJR

Viðstaddir

Þorsteinn Þorsteinsson, Helga Valfells og Hjördís Dröfn Vilhjálmisdóttir fyrir hönd stjórnvalda. Charles Williams og Andrew Speirs frá Hawkpoint. Viðar Lúðvíksson, Grímur Sigurðsson and Jóhannes Karl Sveinsson from Landslögum. Richard Brown (í símasambandi) frá Lovells. Tómas Brynjólfsson ritaði fundargerð.

Aðgerðir og ákvarðanir:

Hawkpoint gerði grein fyrir stöðu ferlisins til 24. júní og bréfi með svari Glitnis. Hawkpoint á að fara fram á það við Nýja Landsbanka að hann heimili Gamla Landsbanka að kaupa tiltekna eignir í samræmi við verðmat nýja bankans.

Það var samþykkt að öll lögfræðingateymin kæmu saman seinna í vikunni til þess að samstillja skjalagerð. Landslög eiga að gera lista yfir öll skjöl þar sem fram kemur hverjir eru ábyrgir fyrir hvaða skjali.

1. Tímatafla

CW lýsti yfir því að kostgæfnisathuganir gangi vel. Rætt var við ráðgjafa allra gömlu bankanna á mánudag til þess að undirstrika enn á ný mikilvægi þess að halda tímaáætlun. Þessu verður fylgt eftir með frekari símtölum á föstudag. Betri skilningur á þeirri vinnu sem eftir er og formlegri samningastöðu ætti að liggja fyrir um helgina.

Fjögurra vikna tímaáætlun var kynnt. Í fyrstu vikunni átti að ákveða rammann. Í annarri viku átti að semja, í þriðju átti að skrifa samninga og í þeirri fjórðu að ganga endanlega frá samningum. Ferlið þarf að klárast fyrir 14. júlí og líklegt er að minnisblað verði lagt fyrir ríkisstjórnina 17. júlí.

Ríkisstjórnin er ágætlega upplýst þar eð þrjú ráðuneyti eiga fulltrúa í stýrinefndinni. ÞÞ lagði til að formleg kynning yrði lögð fyrir ríkisstjórnina 14. júlí sem gæti tekið lokaákvörðun eftir að hafa rætt málið.

HDV sagði að Bankasýslan yrði sett á laggirnar á næstu 2-3 vikum en vinnan við að velja stjórnarmenn gæti hafist fyrr.

Nýjar stjórnir verða kosnar á hluthafafundunum í ágúst. Gömlu stjórnirnar geta samþykkt samninga.

AS sagði að lánadrottnarnir hefðu áhyggjur af því að núverandi stjórnendur [bankanna] væru ekki að hámarka heimtur. Það væri mikilvægt að fókusera á stjórnskipulag, mannskap og hvatakerfi.

Frumvarp um bankasýsluna mun hafa góð áhrif á stjórnskipulag. Mannskapurinn er svartur kassi. Það gæti hjálpað til að fá vitneskju um stjórn bankasýslunnar sem fyrst. Það má ekki tefjast að skipa hana. Gamli Landsbanki hefur lýst yfir áhyggjum yfir því að nýji bankinn hafi nú þegar hagnast meira á eignum en verðmat stjórnenda þeirra gefur til kynna.

ÞÞ sagði að lánadrottnarnir hefðu ekki lýst yfir áhyggjum vegna starfsfólks nýju bankanna.

JKS sagði að það væri mikilvægt að hafa það hugfast að stjórnendur nýju bankanna hefðu sína eigin dagskrá og gætu verið að vanmeta eignir til þess að hagnast meira [síðar].

AS sagði að skilanefndirnar hefðu ekki gagnrýnt verðmöt stjórnenda þar sem þeir hafa ekki sams konar upplýsingar og nýju bankarnir. Mismuninn verður leystur með því að hafa meiri breytileika í skuldabréfum. Þetta gengur ef stjórnskipulag verður vel skipulagt og stjórnendur vinni undir hvatakerfi.

Nefndin ræddi mögulega þáttöku lánadrottna í stjórnnum nýju bankanna. Það skiptir stjórnvöld litlu máli hvort þau bjóða 2 af 7 eða 1 af 5 stjórnarmönnum. ÞP telur að þáttaka erlendra lánadrottna sé jákvæð fyrir bankana.

AS sagði að fyrirmælin sem yrðu gefin bankasýslunni væru afar mikilvæg. Markmið eigenda þyrftu að vera augljós og takmarka þyrfti áhrif stjórnmalamanna. Það er nauðsynlegt að sýna lánadrottnum að bönkunum ber að hámarka hagnað. Fyrirkomulagið mun hafa áhrif á það hvort lánadrottnar stefna eða vinna með kerfinu.

HV spurðu hvort AGS gæti verið tilleiðanlegt að notuð yrðu neðri bíl verðmats. CW sagði að Hawkpoint hefði fundað með fulltrúa AGS á landinu. Honum fannst að þegar búíð var að fara yfir ferlið með honum þá hefði sjónarmið hans mýkst. Annar fundur yrði haldinn með Luis seinna þennan sama dag.

JKS sagði það yrði að fara aftur yfir frumvarpið um bankasýsluna ef lánadrottnum yrði boðin stjórnarsæti og hugsanlega þyrfti að fara yfir samþykktir einnig.

HV sagði að taka þyrfti eigendastefnu með í reikninginn.

AS sagði að frá samningatæknilegum sjónuarhóli væri best að hafa eins lítið í frumvarpinu og unnt væri.

Rætt var um hvatakerfi í bönkunum. Ákveðið var að bankasýslan tæki ákvörðun um slíkt.

